

HILDA CORTEZ

### Kvenleg peysa með púffermum

Tiska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HAFDÍS HULD PRASTARDÓTTIR

### Vekur athygli víða um heim

Fyrsta plata söngkonunnar komin út

VIÐTAL 50



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. október 2006 – 280. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Hætt hjá Eddu



Brynja Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til Björgólfs Guðmundssonar í Landsbankanum.

FÓLK 62

### Hljóðskúlptúrar í leikhúsi

Texti Jóns Fosse, ævi Henriks Ibsen og tónlist Atla Ingólfs-sonar tónskálds renna saman á sviði Þjóðleikhússins í kvöld.



MENNING 40

### Flokkspólitískt réttarfar?

„En ríkislögrelustjórinn hreyfir hvorki legg né lið, ekki frekar en hann gerði til dæmis þegar sitjandi forsætisráðherra sakaði formann einkavæðingarnefndar til tíu ára um að hafa haft milligöngu um tilraun til að bera á sig 300 milljón króna mútur.“

UMRÆÐAN 30


### Óskar Örn til KR

KR hefur unnið kapphlaupið um Grindvíkinginn Óskar Örn Hauksson og mun hann skrifa undir samning við Vesturbæinga á næstu dögum.



ÍPRÓTTIR 58

### VEÐRIÐ Í DAG



**BJARTVIÐRI** - Í dag verða norðaustan 5-15 m/s, hvassast suðaustan til. Skúrir eða slyduél norðaustan og austan til annars bjart veður. Hiti 3-7 stig, mildast syðra.

Heilsaðu vetri með íslenskrí kjötsúpu

ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1 DAG VETRAK

**EIÐUR KOMST EKKI FRAM HJÁ TERRY**  
Eiður Smári Guðjohnsen komst lítt áleiðis gegn stórvini sínum John Terry í gær eins og sjá má á þessari mynd.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Chelsea lagði Barcelona: Eiður komst ekkert áfram

**FÓTBOLTI** Fyrrum félagar og vinir Eiðs Smára Guðjohnsen í Chelsea höfðu góðar gætur á honum, sem og öllum félögum hans í Barcelona-liðinu, er Chelsea og Barcelona mættust á Stamford Bridge.

Chelsea var mun sterkari aðilinn í leiknum og vann verðskuldaðan sigur, 1-0. Það var Didier Droghba sem skoraði sigurmarkið með laglegu skoti utan teigs.

Eiður Smári var í byrjunarliði Chelsea í leiknum en var lítt áberandi enda fékk hann úr litlu sem engu að möða. Hann var tekinn af velli á 60. mínútu og var klappað lof í lófa af stuðningsmönnum Chelsea. Fyrir leikinn fékk Eiður viðurkenningu frá Chelsea sem vildi með því þakka gott starf á sínum tíma.

- hbg

# Ferðamenn byrjaðir að afpanta ferðir

Markaðsstjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar á Húsavík segir ferðamenn þegar byrjaða að afpanta ferðir til Íslands. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra óttast um trúðverðuleika og ímynd þjóðarinnar.

**HVALVEIÐAR** Þegar hafa verið afpantaðar hvalaskoðunarferðir á næsta sumri með bátum hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar á Húsavík. Þetta staðfesti Heimir Harðarson, markaðsstjóri og einn eigenda Norðursiglingar, í gærkvöld. „Við höfum þegar fengið beiðnir um afpantanir á ferðum, eftir að hvalveiðar í atvinnuskyni voru formlega leyfðar. Þetta hefur greinileg áhrif á okkar starf.“

Tæplega 30 þúsund gestir fóru í hvalaskoðunarferð með bátum Norðursiglingar á sumarmánuðum þessa árs. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra telur að atvinnuhvalveiðar Íslendinga geti haft skaðleg áhrif á ímynd landsins. Hún segir Ísland vera í fararbroddi á alþjóðavettvangi hvað varðar umgengni við auðlindir sjávar og margt þurfi að hafa hugfast. „Það eru rök með þessum veiðum og á móti þeim. Minn fyrirvari byggir á því að ég óttast um trúverðuleika okkar og ímynd í umhverfislegu tilliti. Eg tel að trúverðuleiki okkar geti veikt þegar við hefjum veiðar í atvinnuskyni. Þá segi ég með réttu eða röngu, því þetta byggir á því hvernig við komum okkar málflutningi á framfæri.“

Jónína segir að leiðrétta verði ýmsan misskilning sem varðar veiðarnar því það sé ekki um það deilt að veiðarnar séu sjálfbærar. „Þessir stóru stofnar hrefnu og langreyðar þola því þessar takmörkuðu veiðar. Eg vil ítreka, að með réttu eða röngu, getur þetta haft áhrif á trúverðuleika okkar og ímynd.“



FRÁ ÍRAK Enn eitt málið er komið upp í Írak þar sem hermenn eru sakaðir um glæpi.

## Bandarískir hermenn í Írak: Nauðguðu og myrtu stúlku

**ÍRAK** Máli fjögurra bandarískra hermanna hefur verið vísað til herðómstóls en þeir eru sakaðir um að hafa nauðgað og myrt fjórtán ára gamla íraksku stúlku auk þess að hafa myrt systur hennar og foreldra í borginni Mahmoudiya, suður af Bagdad.

Þessa ákvörðun tók Thomas Turner hershöfðingi eftir að hann hafði skoðað rannsóknargögn og fengið ráðgjöf frá þeim sem hafa rannsakað málið fyrir hönd hersins. Tveir ákærðu eiga yfir höfði sér dauðarefsingu verði þeir fundnir sekir. Félagar þeirra horfa fram á lífstíðardóm verði þeir fundnir sekir.

- shá

## Svavar Gestsson sendiherra og fyrrverandi menntamálaráðherra: Vissi ekki af rannsókn stjórnvalda

**UTANRÍKISMÁL** Svavar Gestsson, sendiherra Íslands í Danmörku, segist aldrei hafa heyrt af athugunum íslenskra stjórnvalda á tengslum íslenskra borgara við austur-þýsku leyniþjónustuna STASI. Svavar Gestsson var menntamálaráðherra í ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar á árunum 1989 til 1991 og var með Steingrím og Jóni Baldvín í ríkisstjórn, þegar athugað var um tengsl STASI við Íslendinga. Svavar sagðist aldrei hafa heyrt af þessum athugunum á tengslum Íslendinga við STASI fyrir. „Ég hef ekki heyrt af rann-

sóknum íslenskra stjórnvalda, sem miðuðu að því að upplýsa um það, hvort ég, eða einhver annar Íslendingur, hafði einhver tengsl við STASI eða ekki. Það er alveg ljóst, að Steingrímur og Jón Baldvín verða að gera ítarlega grein fyrir þessu máli.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær, staðfestu Steingrímur og Jón Baldvín að athuganir á tengslum Íslendinga við STASI hefðu farið fram en við þá athugun, sem Róbert Trausti Árnason þáverandi varafastafulltrúi hjá NATO í Brussel vann, kom ekkert óeðlilegt í ljós. Jón Baldvín og Steingrímur sögðust ekki hafa óskað eftir því sérstaklega að tengsl Svavars við STASI yrðu skoðuð. Ákvarðanir um athugun á tengslum Íslendinga við STASI voru teknar á leiðtoga fundi aðildarríkja NATO í Brussel í desember 1989, um fimm vikum eftir að Berlínarmúrinn féll í nóvember 1989.



SVAVAR GESTSSON

## Bandarískur grunnskóli: Eltingaleikur bannaður

**BANDARÍKIN, AP** Eftirlitslaus eltingaleikur hefur nú verið bannaður í frímínútum grunnskóla nokkurs skammt frá Boston í Bandaríkjunum. Ástæðan, að sögn skólafyrirvalda, er slyshætta og hægt verði að gera skólann ábyrgan. Frímínúturnar eru „tíminn þegar slysin geta orðið“, að sögn skólastjórans, Gaylene Heppe, sem samþykkti banninu. Einstaka grunnskólar í Massachusetts hafa undanfarið ár tekið að banna eltingaleiki og boltaleiki eins og brennibolta, af ötta við að börn slasist í frímínútum og foreldrarinn fari í mál við skólafyrirvöld.

- smk





Eru stórhveli stórmáltíð?

„Beta kjöt er ekki fánlegt í veröldinni. Ég bið spenntur eftir að það komi aftur á markað.“

Úlfar Eysteinnsson er matreiðslumeistari á Premur frökkum. Hann er einn þeirra sem gleðst yfir að stórhveli aftur á markað en þau hafa ekki verið veidd síðan 1989.

„Coast Guard“ merking varðskipisins Týs vekur athygli og er gagnrýnd:

## Gert fyrir erlenda sjófarendur

**MÁLFA** Ara Páli Kristinssyni, forstöðumanni Íslenskrar málstöðvar, þykir miður að á varðskipinu Tý standi Coast Guard í stað íslenskrar áletrunar.

Skipið er nýkomið úr slipp í Póllandi en þegar það hélt utan stóð á því Landhelgisgæslan.

Jóhann Baldursson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir skipið merkt upp á ensku til að auðvelda útlendingum að þekkja það. „Íslendingar þekkja varðskipin en þetta er gert fyrir útlendinga sem fara um lögsöguna.“

Ari Páll Kristinsson segir þetta miður þar sem varðskip séu á vissan hátt framlína íslenska ríkisins.



COAST GUARD Varðskipið Týr er merkt upp á ensku í stað íslensku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Því er svolítið sérstakt að þeim sem sigla inn í íslensku landhelgina skuli vera heilsað á tungumáli sem ekki er opinbert í þessu ríki.“ Ari Páll veltir einnig fyrir sér hversu vel þetta gagnist erlendum sjófarendum. „Það er spurning hversu vel Spánverjar eða Lettar, svo dæmi séu tekin, skilja enskuna; hvort þeir skilji hana eitthvað betur en íslenskuna.“

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks, hefur sent dómismálaráðherra fyrirspurn um málið. Hann spyr hverju enska merkingin sæti og hvort lögreglubílar og lögreglustöðvar verði framvegis merkt á ensku. - bps

Sví á netinu:

## Sektaður fyrir að deila tónlist

**SVÍPÍÓÐ, AP** Fjórútiú og fjögurra ára gamall Sví var í gær dæmdur fyrir að hafa ólöglega deilt tónlist á netinu með öðrum og var gert að greiða tuttugu þúsund sænskar krónur í sekt, eða um 185 þúsund íslenskar krónur.

Svíinn var fundinn sekur um að leyfa öðrum að hlæða niður fjórum lögum, þó að grunur hafi leikið á að hann hafi heimilað öðrum aðgang að 13.000 lögum. Lög um höfundarrétt voru hert í Svíþjóð í fyrra og síðan hafa sænskir dómstólar sektað nokkra menn fyrir að deila vikmyndum með öðrum, en þetta var í fyrsta sinn sem sektað var fyrir tónlist. - smk



REINFELDT OG RASMUSSEN Þeir hittust í Danmörku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Svíþjóðar: Vill að verkin verði látin tala

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Fredrik Reinfeldt, nýbakaður forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði í gær að nýju ríkisstjórnina ættu menn að dæma af verkum hennar, en ekki af því að tveir ráðherrar hennar hefðu sagt af sér strax á fyrstu dögum stjórnarinnar.

„Það sem skiptir máli er sá árangur sem við náum í málaflökkum á borð við atvinnuleysi og þróun velferðarríkisins.“

Þetta sagði Reinfeldt í Kaupmannahöfn í gær, þar sem hann hitti að máli starfsbróður sinn, Anders Fogh Rasmussen. - gb

Keyrt á vegfarendur:

## Ekið á tvo með skömmu millibili

**UMFERÐARÓHAPP** Ekið var á tvær konur sem voru á göngu á Miklubraut í gærmorgun. Fyrra óhappið varð rétt fyrir átta er kona var að fara yfir götu á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Hún var flutt á slysideild með áverka, sem reyndust ekki vera alvarlegir.

Seinna óhappið var við Reykjahlíð um hálf níu, um hálf tíma eftir fyrra óhappið. Konan var þá á göngu yfir gangbraut við Miklatún. Hún var flutt á slysideild Landspítalans og reyndist nokkuð marin og tognuð, en án alvarlega áverka. Hluta Miklubrautar var lokað vegna slyssanna tímabundið. - mh

# Vilja banna veiðar á þorski í Norðursjó

Lagt er til í skýrslu sem opinberuð verður á morgun að þorskveiði í Norðursjó verði bönnuð. Hrygningarstofninn er nú 36 þúsund tonn. Gæti þýtt verðhækkunir á heimsmarkaði sem hefðu jákvæð áhrif hér, segir sjávarútvegsráðherra.

**SJÁVARÚTVEGUR** Í skýrslu alþjóðafranssóknaráðsins, sem opinberuð verður á morgun, er lagt til að þorskveiði verði bönnuð í Norðursjó. Gripið er til aðgerðanna vegna þess að hrygningarstofn þorskstofnsins í Norðursjó er kominn niður fyrir 36 þúsund tonn, en samkvæmt áætlun sem Evrópusambandið og norsk yfirvöld gerðu með sér átti að grípa til aðgerða ef stofninn færi niður fyrir 70 þúsund tonn.

Björn Ævar Hreinsson, forstöðumaður veiðiráðgjafarsviðs Hafrannsóknarstofnunar og einn þeirra sem tekið hefur þátt í vinnslu skýrslunnar sem opinberuð verður á morgun, segir þessa niðurstöðu ekki koma á óvart en líklegt má telja að hún hafi töluverð áhrif veiðivenjur þeirra þjóða sem veitt hafa í Norðursjó. „Evrópusambandið og norsk yfirvöld hafa komið sér saman um nýtingarstefnu á þorski í Norðursjó, sem útlístuð er í sex liðum í áætlun sem kynnt verður á morgun,“ segir Björn en bannið byggir á áætlun sem Evrópusambandið og norsk yfirvöld hafa gert. Árið 2004 samþykktu sömu aðilar áætlun um enduruppbyggingarstefnu þorskstofnsins í Norðursjó. Í henni segir að grípa verði til harkalegra aðgerða ef hrygningarstofn þorsksins í Norðursjó fer niður fyrir 70 þúsund tonn. Það er ekki tilgreint í áætluninni hverjar þær aðgerðir eru, en vísindamenn á vegum alþjóðafranssóknaráðsins meta það sem svo að hrygningarstofn þorsksins sé um 36 þúsund tonn nú. Á grundvelli



SPÆNSKIR SJÓMENN AÐ STÖRFUM Óljóst er hvort bann við þorskveiðum í Norðursjó muni hafa áhrif á veiðivenjur í íslensku lögsögu. Bannið byggir á áætlun sem Evrópusambandið og norsk yfirvöld gerðu með sér. NORDICPHOTOS/APP

þessa er lagt til, að veiði á þorski í Norðursjó verði bönnuð.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur að þessi tíðindi gætu vakið umræðu um þorskstofninn á heimsvísu. Í þeirri umræðu þurfi að vinna að því að koma sjónarmiðum Íslendinga á framfæri. „Þetta gæti kallað fram umræðu, sem haldið hefur verið á lofti af talsmönnum World Wildlife Fund, þar sem fólk er hvatt til þess að borða ekki þorsk þar sem það sé fisktegund í útrýmingarhættu. Svar okkar við

því er að reyna draga fram sérstöðu íslenska þorskstofnsins,“ segir Einar. Hann segist jafnframt hafa þá trú að veiði á þorski á heimsmarkaði gæti hækkað vegna þessara breytinga á veiðitilhögun í Norðursjó. „Þetta gæti haft þau áhrif að framboðið á þorski á heimsmarkaði minnkaði umtalsvert sem síðan skilaði sér í hærri verði. Á þeim forsendum gætu þessar breytingar verið jákvæðar fyrir okkur Íslendinga, en það er enn svolítið óljóst.“

magnush@frettabladid.is

Fjöldagröf finnst í Finnlandi: Hugsanlega lík liðhlaupa

**FINNLAND, AP** Finniskir réttarmeinafræðingar hafa fundið fjöldagröf nærri bænum Lappeenranta (Villmanstrand) í Suðaustur-Finnlandi, þar sem líkamsleifar að minnsta kosti tíu manna liggja.

„Það lítur út fyrir að hinir látnu hafi verið grafnir allir á sama tíma ... og ekki í líkkistum,“ segir Helena Ranta, meinafræðingur við Helsinkiháskóla.

Ráðist var í að grafa á þessum stað til að kanna hvað hæft væri í óstaðfestum frásögnum af því að liðhlaupar úr finnska hernum hefðu verið skotnir á þessum slóðum í „framhaldsstríðinu“ svonefnda, sem Finnar háðu við Sovétríkin 1941–1944. - aa

Prófkjör Samfylkingarinnar: Gefur kost á sér í 6.-8. sætið

**PRÓFKJÖR** Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri hefur ákveðið að gefa kost á sér í 6.-8. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Þórhildur hefur ekki gegnt störfum fyrir Samfylkinguna en var ein af stofnendum Kvænnaframboðsins og var varaborgarfulltrúi fyrir

Kvænnaframboðið á tímabilinu 1982–1990. Þá hefur Þórhildur einnig setið í borgarstjórn.

Þórhildur var leikhússjóri Borgarleikhússins árin 1996–2000. Síðan þá hefur hún unnið ýmis störf og nú síðast leikstjórnir hún fyrir Hafnarfjarðarleikhúsið. - hs



ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR



Kristín Gísladóttir sjúkrahjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opíð virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Sólveig Pálsdóttir hefur náð þeim áfanga að vera elsti Íslendingur allra tíma:

## Elsti Íslendingur allra tíma

**TÍMAMÓT** Sólveig Pálsdóttir frá Svínafelli í Öræfum er nú elsti Íslendingur sögunnar. Sólveig varð 109 ára þann 20. ágúst síðastliðinn og varð því 109 ára og 59 daga gömul í gær.

Aðeins einn Íslendingur hefur náð 109 ára aldri fyrir utan Sólveigu en það var Guðfinna Einarisdóttir frá Leysingjastöðum í Dalasýslu sem lést 1. apríl síðastliðinn.

Sólveig hefur dvalið á Hjúkrunarheimili Suðausturlands frá 96 ára aldri og hélt hún upp á daginn í hópi vina og vandamanna. Eft var til kaffiveislu í tilefni dagsins.

Jóhanna Gunnarsdóttir, dóttir Sólveigar, segir að heilsa móður sinnar sé ágæt miðað við aldur en að sjón, heyrn og minni að bila. „Móðir mín ólst upp á Hofi í Öræfum en bjó lengst af á Svína-



ELSTI ÍSLENDINGURINN Sólveig Pálsdóttir ásamt börnum sínum Guðlaugi og Jóhönnu.

felli ásamt föður mínum Gunnari Jónssyni en hann lést árið 1967. Þau hjónin eignuðust sjö börn sem eru öll á lífi.“

Jóhanna segir áhugamál móður sinnar lengst af hafa verið

bústörf ásamt lestri. Hún segir að sennilega megi þakka reglusömu líferni móður sinnar þann háa aldur sem hún hefur náð.

Afkomendur Sólveigar eru um 70 talsins. - hs



OPIÐ  
TIL 21  
Í KVÖLD

# HAUSTÚTSALA

15-50% AFSLÁTTUR



Smáralind  
**BETRI LEIÐ  
TIL AÐ VERSLA**



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,21	68,53
Sterlingspund	127,6	128,22
Evra	85,51	85,99
Dönsk króna	11,464	11,532
Norsk króna	10,092	10,152
Sænsk króna	9,222	9,276
Japanskt jen	0,5743	0,5777

SDR	100,21	100,81
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
118,4444  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vitnaleiðslur í máli ÍE gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum ganga hægt:

## Kári og Hákon báru vitni

**DÓMSMÁL** Vitnaleiðslur í máli Íslenskrar erfðagreiningar gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum hafa staðið yfir í Filadelfíuborg undanfarnar vikur en ganga hægt.

Meðal þeirra sem hafa komið fyrir dóminn og svarað spurningum eru Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Hákon Hákonarsson, sem sakaður hefur verið um iðnaðarnjósnir gegn ÍE.

Samkvæmt vefriti The Scientists sagði Kári fyrir dómi að hann hafi vitað af því að Hákon ætlaði að fara til starfa hjá erfðarannsóknarmiðstöð Barnaspítala Fíla-



**KÁRI STEFÁNSSON** Sagði fyrir dómi að eðli miðstöðvarinnar hefði komið flatt upp á sig.

delfíuborgar en að hann hefði ekki vitað hvers eðlis starfsemi miðstöðvarinnar var fyrr en fréttatilkynning þess efnis var gefin út í júlí síðastliðnum. Það hafi komið ÍE í opna skjöldu þegar ljóst var að miðstöðin ætl-

aði í samkeppni við fyrirtækið.

Hákon Hákonarsson sagði að Kári hafi lengi vitað um áform hans og að reynt hafi verið að ná samkomulagi milli ÍE og miðstöðvarinnar sem meðal annars myndi fela í sér að Hákon yrði áfram starfsmaður ÍE að hluta. Þær viðræður hafi síðar siglt í strand og ÍE hafið málareksturinn í kjölfarið. Lögfyrirgjafi miðstöðvarinnar segja auk þess að túlkun ÍE á starfsmannasamningum manna sé allt of víð og til þess fallin að koma í veg fyrir að þeir starfi nokkurn tímann aftur við erfðarannsóknir.

- þsj

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

## Mikilvægt að hafa mælistiku

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir mikilvægt að einhver mælistika verði lögð á árangur grunnskólanema; það sé vilji foreldra og eins leggi Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) áherslu á það. Hún segir hins vegar að samræmd próf eins og nú eru viðhöfð séu ekki endilega rétta leiðin og kveðst reiðubúin að ræða aðra möguleika.

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni hefur lagt fram framvarp um að samræmd lokapróf grunnskólanema verði aflögð.

- bps

## Hvalur 9 á miðunum: Enginn hvalur veiddist í gær

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalveiðiskipið Hvalur 9 hélt á miðin vestur af landinu á þriðjudagskvöld en



**SIGURBUR NJÁLSSON**

enginn hvalur veiddist í gær að sögn Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals hf. Skipið leitaði að hval rúmlega eitt hundrað sjómílur norð-vestur af Garðskaga.

Sigurður Njálsson er skipstjóri í þessari fyrstu veiðiferð og eru alls tíu reynsluboltar í áhöfn með þeirri undantekningu að skipshundurinn Þjakkur Kolsson er viðvanningur. Kokkurinn, sem er um fimmtugt, er yngstur en Sigurður skipstjóri spagaði með það við brottför skipsins úr Reykjavíkurbá á vafi léki á hvort kalla ætti áhöfnina „landsliðið í hvalveiðum“, eða „elliheimili á hvalveiðum“.

- shá

## Atvinnuhvalveiðar: Hvalstöðin án vinnsluleyfa

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalstöðin í Hvalfirði hefur ekki starfsleyfi til matvælavinnslu en Landbúnaðarstofnun hefur ekki viljað veita stöðinni slíkt starfsleyfi. Kristján Loftsson, stjórnarformaður Hvals hf., segir hins vegar öll leyfi í lagi. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að Hvalur hf. hafi ekki leyfi til matvælavinnslu í Hvalstöðinni.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir starfsleyfi hvalstöðvarinnar í réttum farvegi. „Við erum að hefja þessar veiðar eftir langt hlé og ekki að undra þó komi upp álitæfni. Embættismenn, sem eru til þess bærir, eru að fara yfir þessi mál.“

- shá

# Veiðarnar borga sig jafnvel þótt hvalkjötið seljist ekki

Framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna segir Íslendinga tapa yfir 10 milljörðum á ári vegna stækkunar hvalastofna. Sjávarútvegurinn fagnar veiðunum og óttast ekki rökræðu á alþjóðavettvangi.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum mjög hamingjusamir yfir að þetta skuli farið af stað,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að heimila hvalveiðar að nýju.

„Við töpum yfir tíu milljörðum á ári á þeim vexti sem orðinn er á hvalastofnunum miðað við að veiðar hefðu verið stundaðar. Það er mjög mikilvægt fyrir þjóðarbúið að þessum skepnum sé haldið innan hæfilegra marka,“ bætir Friðrik við.

Friðrik segir að jafnvel þótt ekki tækist að selja hvalkjötið muni veiðarnar borga sig fyrir þjóðarbúið vegna þeirra áhrifa sem minnkun hvalastofnanna hefði á fiskveiðar.

„Ég tel það. Ekki spurning,“ segir hann aðspurður um það en tekur þó um leið skýrt fram að hann hafi fulla trú á því að kjötið seljist.

„Kristján Loftsson þekkir Japansmarkað örugglega betur en nokkur annar og hann segir að hægt sé að selja kjötið þar og ég hef enga ástæðu til að rengja það,“ segir Friðrik sem heldur óttast ekki að Íslendingar muni tapa rökræðustríði á alþjóðavettvangi.

„Langflestir jarðarbúar eru ekkert að hugsa um þetta. Og þeir sem hugsa komast að því að það er langt frá því að verið sé að ganga á milli þessum stofnum. Það er ekki útilokað að það verði einhver neikvæð áhrif en það er bara svo miklu meira í húfi,“ segir Friðrik.

„Þetta mun ábyggilega fara fyrir brjóstið á einhverjum en



**SÍÐASTI HVALURINN** Svona var umhorfs þegar síðasti hvalurinn var dreginn á land í Hvalfirði árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN ÞORMÓÐSSON

allir sem maður ræðir málið við skilja rökin fyrir þessum veiðum,“ segir Eggert B. Guðmundsson, forstjóri sjávarútvegsfyrirtækis HB Granda. „En það getur verið erfitt að eiga við tilfinningalegu hliðina,“ bætir hann við.

Eggert segir það eðlilegt að hvalastofninn sé ekki látinn vaxa út fyrir öll mörk því það komi niður á fiskstofnunum: „Hann er jú keppinautur okkar um fiskinn.“

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, vill ekkert tjá sig að sinni um ákvörðunina



Það er mjög mikilvægt fyrir þjóðarbúið að þessum skepnum sé haldið innan hæfilegra marka.

**FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍU

um að hefja hvalveiðar að nýju heldur vísar til yfirlýsingar sinnar frá því í lok september.

„Afstaða Samherja til þessa máls er því skýr. Fyrirtækið telur að hefja eigi hvalveiðar og að nýta beri hvalastofna með sjálfbærum hætti rétt eins og aðra nytjastofna,“ sagði meðal annars í yfirlýsingu Þorsteins.

„Við erum ekki tilbúnir til að tjá okkur um málið að svo stöddu,“ segir Bjarni Benediktsson, framkvæmdastjóri hjá fiskisöluþyrirtækinu Iceland Seafood International.

gar@frettabladid.is

**BÍLL DAGSINS**  
**SUBARU LEGACY SEDAN GL**  
Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 5 þús. - Allt að 100% lán.

Verð **2.290.000,-**

**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	14°C hálfskýjað	London	17°C alskýjað	Alicante	26°C hálfskýjað
Þórshöfn	8°C skúrir	Paris	19°C alskýjað	Mallorca	22°C skúrir
Norðaustan 5-8 m/s.	9°C skýjað	Frankfurt	15°C hálfskýjað	Algarve	22°C rigning
Léttskýjað. Hiti 0-4 stíg.	13°C skúrir	Friedrichshafen	16°C alskýjað	Krit	20°C skúrir
	14°C alskýjað	Berlin	18°C alskýjað	Las Palmas	25°C hálfskýjað

**á morgun**

Viða allhvasst og sumstaðar hvasst.

**laugardagur**

5-13 m/s, stífastur allra syðst.

\* Vinndraði er í metrum á sekúndu.



# Stórsýning í Toyota Kópavogi

## Hybrid er engin framtíðarsýn, Hybrid er núna!



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/SHIA.IS TÖF 31246 89/2006

### Hybrid - umhverfið á það skilið.

Toyota hefur sett sér markmið: að búa til bíl sem mengar ekki. Leiðin að því markmiði hófst með þróun Hybrid-tækninnar sem tvinnar saman kraft bensínvélarinnar og sparneytni og hreinleika rafmagnsvélar þannig að þú sparar og umhverfið græðir.

Á Hybrid-sýningunni færðu að vita allt um þessa byltingarkenndu tækni sem Toyota nýtir í Prius og Lexus í GS 450h og RX400h. Hybrid er engin framtíðarsýn, Hybrid er núna.

• Skoðaðu ljósmyndasýningu Rebekku á strætóskýlum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Komdu á Hybrid-sýningu hjá Toyota við Nýbýlaveg, sjáðu og prófaðu bílana, njóttu léttar veitinga og ljósmyndasýningar Rebekku Guðleifsdóttur.

Sýningin er opin frá 12 til 17 á laugardaginn.



The power to move forward



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070





Treystir þú ríkissaksóknara til að stjórna hlerunarráðgjafi?

Já 39,3%  
Nei 60,7%

#### SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga skólamáltíðir að vera fríar?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Sjálfsmorðsárás í ferðamannaborg á Srí Lanka:

## Tamílatígrar sprengja herskip

**SRÍ LANKA, AP** Fimmtán menn sem grunaðir eru um að hafa tilheyrt Tamílatígrunum dulbjuggust sem fiskimenn í gær og sprengdu sjálfa sig og tvo báta í loft upp í flotastöð Galle-borgar á Srí Lanka með þeim afleiðingum að minnst einn fórst og 26 særðust. Allir uppreisnarmennirnir fórust einnig og þrjú herskip skemmdust í árásinni. Lögregla setti útgöngubann á og öryggisgæsla var gífurleg í Galle-borg eftir árásina.

Nokkrum tímum síðar réð stjórnarherinn á Tamílatígrana í Batticaloa og tilkynnti talsmaður Tamílatígranna að einn óbreyttur borgari hefði farist í árásinni og

tveir særst. Óttast er að sjálfsmorðsárásin ógni ferðamanna-íðnaðinum á Srí Lanka, en Galle er einn vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna í landinu. Galle er 110 kílómetrum sunnan við höfuðborgina, Kólumbó.

Jafnframt töldu fréttaskýrendur að árásin myndi hafa slæm áhrif á friðarviðræður Tamílatígranna og ríkisstjórnar Srí Lanka, sem hefjast eiga í Sviss í lok þessa mánaðar.

**LAGANNA VERÐIR** Lögreglan herti öryggisgæslu í Galle-borg á Srí Lanka til muna eftir sjálfsmorðsárás Tamílatígranna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Helgi Ágústsson sendiherra:

## Hvalveiðar ræddar á CNN

**SJÁVARÚTVEGUR** Helgi Ágústsson, sendiherra Íslendinga í Bandaríkjunum, kom fram í beinni útsendingu fréttastöðvarinnar CNN í gær þar sem hann svaraði spurningum um hvalveiðar.

Helgi dró fram helstu rök stjórnvalda fyrir veiðum; rétt þjóðarinnar til að stunda sjálfbærar hvalveiðar sem byggðu á vísindaveiðum. Í útsendingunni kom einnig fram talsmaður Grænfríðunga sem taldi helst ámælisvert að veiða hval fyrir þær sakir að markaðsmál væru í óvissu og þetta myndi skemma fyrir hvalaskoðunarfyrtækjum og annarri ferðaþjónustu.

**VÖNDUM VALIÐ**  
**HELGI HJÖRVAR**

**4. SÆTI**

**SKIPTUM UM RÍKISSTJÓRN**

Taktu þátt í að skipta um ríkisstjórn með okkur. Kjóstú 11. nóvember í prófkjöri Samfylkingarinnar. Nánari upplýsingar á samfylking.is.

Kjós um Helga Hjörvar í 4. sæti. Studningsmenn

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

**Framtíðin okkar**

**Hádegisverðarfundur fimmtudaginn 19. október kl. 12.00–13.00.**

**Guðfinna S. Bjarnadóttir kynnir stefnumál sín og situr fyrir svörum.**

**Staður: Kosningaskrifstofan í Landsímahúsinu við Austurvöll.**

Verið velkomin,  
studningsfólk  
Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

**Guðfinna S. Bjarnadóttir** 3. sætið  
Valfrelsi og skapandi umhverfi

www.gudfinna.is

Sími 591 1100  
gudfinna@gudfinna.is  
Opíð virka daga kl. 10:00–20:00  
Helgar kl. 10:00–18:00

KOSNINGASKRIFSTOFA GUÐFINNU S. BJARNADÓTTUR LANDSÍMAHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

## Hvalveiðar vekja athygli um allan heim

Fjölmiðlar víða um heim greina frá hvalveiðum Íslendinga hver í kapp við annan. Stjórnvöld fjölmargra ríkja hafa komið skoðunum sínum á framfæri. Mótmæli eru ekki talin eins harkaleg og búast hefði mátt við fyrirfram.

**SJÁVARÚTVEGUR** Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hefja atvinnuhvalveiðar hefur vakið mikla athygli erlendis. Allar helstu fréttastofur vestan hafs og austan hafa fjallað um málið síðan á þriðjudag.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði við utandagskrárumræður á Alþingi í gær að hann gerði ráð fyrir mótmælum. Mótmæli Breta, sem búrúst áður en ákvörðunin um atvinnuhvalveiðar var tilkynnt, sagði hann ekki hafa komið sér á óvart og að hann teldi líklegt að fleiri þjóðir myndu fylgja í kjölfar þeirra á næstu dögum. Einar segir viðbrögðin við fréttunum hafa verið fyrirsjáanleg og ekki eins harkaleg og margir hefðu haldið að þau yrðu.

Norsk og grænlenk stjórnvöld fagna ákvörðun Íslendinga og í viðtali við norska blaðið Fiskaren segir Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, það fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld skuli hafa heimilað hvalveiðar í atvinnuskyni. Hún segir Íslendinga hafa vistfræðilegar forsendur til að hefja hvalveiðar og Norðmenn fagni því að fá félagsskap á hvalveiðisviðinu. Hörðustu mótmælin koma frá stjórnvöldum í Nýja-Sjálandi sem kalla ákvörðunina aukunarverða. Áströlsk stjórnvöld gagnrýna Íslendinga einnig hart.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins áttu í gær fund með sendiherrum þeirra landa, sem hafa sendiráð hér á landi, til að kynna málstað Íslendinga. Þar ítrekaði breski sendiherrinn andstöðu Breta við veiðarnar og í sama streng tók sendiherra Bandaríkjanna.

Erlendir fjölmiðlar hafa farið mikinn í umfjöllun sinni um hvalveiðarnar. Málið var fyrirferðarmikið á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC. Þar er í inngangi greint frá ákvörðun stjórnvalda og ranglega sagt að langreyður væri í útrýmingarhættu. Fréttastofan greindi einnig frá sögu hvalveiða hér við land og aðkomu að Alþjóðahvalveiðiráðinu, ræddi auk þess við talsmann Grænfríðunga og annarra umhverfisverndarsamtaka. Sérstaklega er þar rætt um markaðsmál. Myndskeið fylgir fréttinni þar sem hvalveiðar eru sýndar en varað við því að myndirnar geti valdið óhug.

Fréttastofurnar Reuters og AP tóku málið sérstaklega fyrir og bandarísku dagblöðin Washington Post, New York Times og fleiri birtu grein AP um málið. Málsvarar umhverfisverndarsamtaka eru áberandi í allri umfjöllun um veiðarnar.

svavar@frettabladid.is



**HVALUR 9** Hvalveiðiskipið sigldi til hvalveiða í fyrsta skipti í mörg ár á þriðjudag. Veiðarnar hafa vakið mikla athygli en ekki eins hörð viðbrögð og margir bjuggust við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherra um mótmæli bandarískra stjórnvalda:

## Telur andstöðuna vera mótsagnakennda

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að viðbrögðin við ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja atvinnuhvalveiðar að nýju hafi verið fyrirsjáanleg. Aðspurður segir hann mótmæli Bandaríkjanna ekki koma sér á óvart en að þau séu mótsagnakennd. „Mér finnst það afskaplega skrítið og ég hef talið að við værum í góðra vina hópi þegar við færum að veiða hval í atvinnuskyni. Við fylgjum í fótspor Bandaríkjanna að þessu leyti. Við erum hér að veiða hvali óralangt innan þeirra marka sem vísindamenn telja óhætt og þó að mótmæli bandarískra stjórnvalda komi mér ekki beint á óvart þá finnst mér þau mjög mótsagnakennd, þó ekki sé nú meira sagt. Ég veit að þeir eru að veiða mun meira en heimildin sem ég gaf út kveður á um og mun stærra hlutfall úr veiðistofninum en við erum að gera.“

Mótmæli annarra þjóða hafa ekki komið Einari á óvart á neinn hátt. „Ég hef heyrt viðbrögðin frá breskum stjórnvöldum og ég veit að Nýsjáland-



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Mótmæli annarra þjóða hafa ekki komið sjávarútvegsráðherra á óvart.

ingar hafa látið í sér heyra. Ég bjóst við því þar sem þetta eru þjóðir sem eru þekktar fyrir andstöðu gegn hvalveiðum. Ég hefði verið undrandi ef þessar þjóðir hefðu ekki ítrekað sjónarmið sín.“

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir Bandaríkjamenn veiða Grænlandssléttbak við Alaska undir formerkjum frumbyggjaveiða. Árið 2004 veiddu Japanar mest allra þjóða innan Alþjóðahvalveiðiráðsins í tonn-um talið en Bandaríkjamenn og Rússar fylgdu þar í næstu sætum með veiði í kringum 2.000 tonn.

- shá



# Ítalskir dagar



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Ítalskt eðal kaffi  
- beint frá Ítalíu



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Ekta ítalskt eðal pestó  
- beint frá Ítalíu



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Ítalía ólífuolía og balsamik edik  
- 100% eðal jómfúarolía, balsamik frá Modena



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Ítalía ferskt pasta  
- ekta ítalskt

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

Ítalskir dagar!

EINSTAKT EDAL PESTÓ

100% ÍTÖSK ÓLÍFUOLÍA

ÍTALÍU LÍNAN - Allt það besta...beint frá Ítalíu!



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Nýjar spennandi ítalskar vörur  
- þessar verður þú að prófa!



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Galbani  
- eftirrættir og ostafylltar krócentur



Cirio tómátvörur  
- í miklu úrvali



**Nýtt**  
í Hagkaupum

Prego sósur  
- matarmiklar pastasósur

Gildir til 22. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



WWW.SVAR.IS

# LCD SJÓNVARP Á KYNNINGARVERÐI!

2  
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

49.900-

FULLT VERÐ: 69.900-

## MIRAI 20" LCD

Örþunnt sjónvarp með 640x480 upplausn, 450:1 skerpu, 450 cd/m<sup>2</sup> birtustig, innbyggða hátalara, fjöldi tengimöguleika og 2ja ára ábyrgð.

2  
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

99.900-

FULLT VERÐ: 189.900-

## MIRAI 32" HDTV LCD

Örþunnt sjónvarp með 1366x768 HDTV upplausn, 1000:1 skerpu, 550 cd/m<sup>2</sup> birtustig, 8ms svartíma, innbyggða hátalara, fjöldi tengi-möguleika s.s Scart & HDMI og 2ja ára ábyrgð

2  
ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ

149.900-

FULLT VERÐ: 189.900-

## MIRAI 37" HDTV LCD

Örþunnt sjónvarp með 1366x768 HDTV upplausn, 800:1 skerpu, 500 cd/m<sup>2</sup> birtustig, 9ms svartíma, innbyggða hátalara, fjöldi tengimöguleika s.s Scart & HDMI og 2ja ára ábyrgð

### PERSÓNULEG HEIMAPJÓNUSTA

Þjónustumaður **Svar tækni** kemur heim til þín með nýja sjónvarpið og tengir það fyrir aðeins **3.950 kr.\*** Vanti þig frekari þjónustu, s.s festingu á vegg, lagnavinnu eða hvað sem er tengt sjónvarpinu þá kippum við því í liðinn gegn hóflegu gjaldi!



\*Gjald á við Stór-Höfuðborgarsvæðið.

Komdu í heimsókn í Síðumúla 37, skoðaðu úrvalið og fáðu persónulega þjónustu við val á rétta sjónvarpinu!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.SVAR.IS

# svaR) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

Lagt til að Alþingi afnemi undanþágu búvörlaga frá samkeppnislögum:

## Brýnt að afstýra einokun

**NEYTENDAMÁL** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, leggur til að Alþingi samþykki þegar í stað lagabreytingu sem komi í veg fyrir samruna Mjólkursamsölnunar (MS), Norðurmjólkur og Osta- og smjöröslunnar. Gísli segir ljóst að slík einokun myndi draga svo úr samkeppni í mjólkuriðnaði að hagsmunum neytenda yrði stefnt í hættu.

„Með því að afnema undanþágu búvörlaga frá samkeppnislögum sem heimilar samruna afurðastöðva í mjólkuriðnaði má afstýra yfirvofandi einokun í mjólkuriðnaði.“

Gísli segir að þessi sömu lög



**GÍSLI TRYGGVASON** Neytendur geta ekki treyst því að ávinningur af hagræðingu fyrirtækja með einokunarstöðu renni til þeirra.

hafi gert samkeppnisyrirvöldum ókleift að bregðast við þegar Mjólkursamsalan í Reykjavík og Mjólkurbú Flóamanna sameinuðust.

„Ég tel þörf á aukinni sam-

keppni á þessum markaði þvert ofan í það sem nú er fyrirætlað.

Yfirvofandi samruni felur í sér hættu á óafturkræfum breytingum sem eru til þess fallnar að leiða til mjög skaðlegra afleiðinga fyrir neytendur og því tel ég eðlilegt að bregðast við með því að leggja til breytingar á lögum.“

Gísli segir að neytendur geta ekki treyst því að ávinningur af hagræðingu fyrirtækja með einokunarstöðu renni til þeirra og vitnar í reynslurök sögunnar því til staðfestingar. „Þá getur verið erfitt að bæta hag neytenda eftir að einokunarstaða kemst á.“ - hs

## Hundruð sjómanna slasast við vinnu sína

Hundruð sjómanna lenda á ári hverju í vinnuslysum sem samþykkt eru bótaskyld, og tugir slasast svo illa að þeim er metin örorka. Samtals 22 sjómenn hafa látist við störf frá og með árinu 2000 til dagsins í dag.

**SJÁVARÚTVEGUR** Hundruð íslenskra sjómanna verða fyrir slysum, sem samþykkt eru bótaskyld, við störf sín á hverju ári, samkvæmt upplýsingum Gunnarsdóttur hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Þá er tugum manna á ári metin varanleg örorka vegna vinnuslysa. Samtals 22 sjómenn hafa látist við störf frá og með árinu 2000, samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Fréttablaðið greindi nýverið frá slysatíðni hjá lögreglumönnum í starfi. Þar kom fram að tíu til tólf lögreglumenn á ári verða fyrir bótaskyldu slysi í starfi. Að meðaltali tveir á ári eru metnir til varanlegrar örorku eftir slík slys. Um það bil 700 lögreglumenn starfa á landinu öllu.


Fjöldi manna sem starfa á sjó er alls um 5.000. Séu meðaltalstölur slysatíðni þessara tveggja starfsstétta bornar saman þá kemur í ljós að 5,7 prósent sjómanna verða fyrir bótaskyldum slysum en 1,4 prósent lögreglumanna. Þegar kemur að slysum sem leiða til örorku, verða að meðaltali 1,75 prósent sjómanna fyrir svo alvarlegum meiðslum en 0,29 prósent lögreglumanna.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannaambands Íslands, segir að Slysavarnaskóli sjómanna eigi stóran þátt í að auka starfsöryggi stéttarinnar.

„Sama máli gegnir um lagabindingu um að menn skuli hafa farið á námskeið í skólanum áður en þeir fara á sjó,“ bætir Sævar við. „Slysavarnaskólinn kennir mönnum ekki einungis að bregðast við. Hann hjálpar þeim til að reyna að varast slysin. Svo er vissulega almenn vakning meðal manna hvað öryggismál varðar, auk þess sem skipin eru ef til vill orðin betri en áður.“



### TÍÐNI VINNUSLYSA MEÐAL SJÓMANNA



\*Tölur ekki tæmandi þar sem í sumum tilvikum liggja ekki fyrir nægileg gögn til að taka afstöðu til bótaskyldu.

\*\*Slys sem metin eru til örorku hafa ekki endilega átt sér stað sama ár og þau eru metin.

SKV. UPPLÝSINGUM TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS OG RANNSÓKNARNEFNDAR SJÓSLYSA

Sævar segir skýringuna á talsverðri fjölgun slysa árið 2002 vera þá að gerð hafi verið breyting á kjarasamningum sjómanna. Hún hafi gert það að verkum að byrjað hafi verið að skrá og meta vinnuslys með öðrum hætti en áður vegna þess að tryggingafélög hafi farið að koma öðru vísi að bóta-

greiðslum. Fyrir breytinguna hefðu sjómenn þurft að sanna að það hefðu verið ytri aðstæður sem valdið hefðu slysinu til að þeir fengju bætur. Eftir breytinguna hefði vinnuslys verið bótaskyld hvort sem maðurinn hefði átt sök á því sjálfur eða eitthvað í vinnu-umhverfinu. jss@frettabladid.is

Metanknúnnir sorpbílar:

## Minni hávaði, minni mengun

**UMHVERFISMÁL** Tveir nýir metanknúnnir sorpbílar á vegum umhverfissviðs Reykjavíkurborgar hafa verið teknir í notkun en bílarnir hafa vakið nokkra athygli fyrir fallegar blómaskreyingar.


Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði að metanknúnum sorpbílum yrði fjölgað enn frekar á næsta ári. Hann sagði hávaðann af slíkum bílum helmingi minni en af venjulegum sorpbílum og að þeir drægju verulega úr útblæstri koltvísyrings og köfnunarefnisoxíða.

Nýju bílarnir nýta eldsneyti sem unnið er úr sorpi í stað jarðefnaeldsneytis.



**METANKNÚNNI SORPBÍLL** Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri, Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.





ENHEM / SIA / 023933

Betri leið í GSM hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.

**Góður**  
 GSM **35**  
 35 mín / 20 sms  
**990** kr. á mánn.

**Betri**  
 GSM **100**  
 100 mín / 60 sms  
**1.990** kr. á mánn.

**Bestur**  
 GSM **160**  
 160 mín / 90 sms  
**2.990** kr. á mánn.

**Langbestur**  
 GSM **280**  
 280 mín / 180 sms  
**4.990** kr. á mánn.

**Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar.** Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift. Treystum fjölskylduböndin! **Kynntu þér málið [www.siminn.is](http://www.siminn.is).**

Þjónustan verður virk 1. nóvember og eftir það verða allir dagar fjölskyldudagar!





**HREKKJAVÖKUHÚS** Jorge Romero hjálpar til við byggingu graskerhúss tengdaföður síns, Ric Griffith, í Kenova í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Griffith smíðar hús úr graskerum árlega fyrir hrekkjavökuna, aðfaranótt 1. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nagladekkjanotkun hefur dregist saman um 12 prósent á síðustu fimm árum:

## Söltun og mokstur aukinn í borginni

**NAGLADEKK** Dregið hefur úr notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum og eru nú 52 prósent farartækja með nagladekk. Til samanburðar má geta þess að 64 prósent voru með nagladekk árið 2001. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun á notkun vetrardekkja sem gerð var í maí 2006.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingastjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir helstu breytingarnar þær að þeir sem eru á fjórhjóladrifnum bílum séu ólíklegri til að vera á nagladekkjum en þeir sem aka bílum með drifi á einum öxli. Fjórhjóladrifnum bílum hafi fjölgað og þar með dragi



**JÓN HALLDÓR JÓNASSON** Þeir sem aka fjórhjóladrifnum bílum eru ólíklegri til að vera á nagladekkjum en þeir sem aka bílum með drifi á einum öxli.

úr notkun á nagladekkjum. „Þannig voru 62 prósent bíla með drifi á einum öxli á nagladekkjum á móti 36 prósentum bíla með fjórhjóladrifi.“

Jón Halldór segir gleðilegt að nagladekkjum sé að fækka og

greinilegt að fólk telji sig öruggt án þeirra. „Það er mikill hagar í því að sleppa nöglunum því þeir eru stór þáttur í svifryksmengun borgarinnar og eyðingu slitlags. Á síðasta ári spændust 10 þúsund tonn upp af slitlagi í Reykjavík vegna nagladekkja og nemur kostnaður við lagfæringu þess 150 milljónum.“

Í könnuninni kemur í ljós að ríflega 42 prósent þeirra sem sögðust myndu kaupa nagladekk telja að önnur dekk kæmu til greina ef aukid yrði við mokstur og söltun. Jón Halldór segir að nú sé í bígerð að auka söltun og mokstur á vegum borgarinnar frá í fyrra. -hs

Kannabisræktun í Hafnarfirði:

## Málið enn til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði, sem gerði 170 kannabisplöntur upptækar við hútleit í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði á sunnudag, er langt komin með rannsókn málsins.

Tveimur mönnum, sem handteknir voru vegna málsins, var sleppt að loknum yfirheyrslum. Að sögn Kristjáns Ó. Guðnasonar, aðstoðaryfirlöggregluþjóns í Hafnarfirði, telst málið að mestu upplýst. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær voru tæki og tól í iðnaðarhúsnæðinu sem dugðu til þess að rækta upp kannabisplöntur sem náðu næstum tveggja metra hæð. -mh

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**1. VERÐLAUN  
í Þýskalandi  
W2241WPS**

## Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

**Íslenskt stjórnborð**

**ALLT AÐ  
30%  
AFSLÁTTUR**

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
<b>MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig</b>		
Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg.	kr. 160.000	<b>kr. 114.800</b>
Þurrkari T223 útbílastur/5 kg.	kr. 112.200	<b>kr. 78.540</b>
Þurrkari T233C rakapétir/5 kg.	kr. 131.000	<b>kr. 91.700</b>

**Miele**

**EIRVÍK** -hágaðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



**SEGOLENE ROYAL, DOMINIQUE STRAUSS-KAHN OG LAURENT FABIUS** Gættu þess að gripa ekki hvert fram í fyrir öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír sósíalistar sækjast eftir forsetaframboði:

## Forðuðust deilur í sjónvarpinu

**PARÍS, AP** Þrír franskir sósíalistar vilja verða fyrir valinu sem forsetaframbjóðandi franska Sósíalístaflökkssins á næsta ári, þau Segolene Royal, Dominique Strauss-Kahn og Laurent Fabius. Á þriðjudagskvöldið mættust þau í dálítið óvenjulegum kappæðum í sjónvarpsal þar sem þau reyndu að höfða til flokksfélaga sinna.

Þau tóku víska áhættu með því að koma fram í sjónvarpsumræðum. Ef þau hefðu deilt hart, þá fengju kjósendur þá mynd af Sósíalístaflökknum að þar væri allt logandi í illdeilum. Þess vegna gættu þau sín á að gripa ekki hvert fram í fyrir öðru, heldur svörðu til skiptis spurningum umræðustjórnandans og leiddu hjá sér flestan ágreining.

„Við erum ekki hérna til þess að vinna sigur hvert á öðru,“ sagði Strauss-Kahn, sem er fyrrverandi fjármálaráðherra í ríkisstjórn Lionels Jospins, 57 ára gamall.

Fabius, sem er sextugur að aldri og fyrrverandi forsætisráðherra, gaf sig út fyrir að vera

langst til vinstri af þeim þremur. Hann talaði um „ofurkapítalisma“ og „milljónir launþega sem geta ekki látið enda ná saman.“

Royal, sem er yngst þeirra þriggja, 53 ára, hefur verið efst í skoðanakönnunum mánuðum saman og hafði því mestu að tapa. Hún sagði meðal annars fátækt vera að aukast í Frakklandi og banna þyrfti þeim fyrirtækjum, sem þegið hafa aðstoð frá ríkinu, að flytja út starfsemi sína þangað sem vinnuafli er ódýrara.

Félagar í Sósíalístaflökknum eru 200 þúsund og þeir eiga að velja sér forsetaframbjóðanda í prófkjöri þann 16. nóvember. Ef enginn hlýtur meirihluta í það skiptið verður valið á milli tveggja efstu í annarri umferð viku síðar.

Íhaldsflokkur Chiracs forseta, sem lætur af embætti á næsta ári, mun hins vegar velja sinn forsetaframbjóðanda í janúar, en í þeim herbúðum þykir Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra sigurstranglegastur.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

# Sparnaður eftir þínum nótum

Hefðbundna safnið – **19,14% ávöxtun**



**spron**  
VERÐBRÉF

Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 01.01. 2006 til 01.10. 2006.



# Vilt þú betri vexti

til að klára dæmið?

**TILBODS  
VEXTIR!**

# 16,10%\*

Dæmi um greiðslubyrði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.138	37.723	56.308	74.892	93.477
2	10.368	20.348	30.329	40.309	50.290
3	7.445	14.557	21.669	28.782	35.894
4	5.983	11.661	17.339	23.018	28.696
5	5.106	9.924	14.742	19.559	24.377
6	4.521	8.766	13.010	17.254	21.498
7	4.104	7.938	11.773	15.607	19.442
8	3.791	7.318	10.845	14.372	17.899

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,10% vextir - Kostnaður lánaður

Sæktu um lán...

**WWW.S24.IS**



**533 2424 – Sætún 1**

\*Miðað við vaxtatöflu S24 21.09.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.  
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.  
Tilboð þetta gildir til 30.11.2006.





Sigga & Tímo

GULLSMÍÐI  
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Herferð gegn ólöglegum innflytjendum í Rússlandi:

## Fjöldahandtökur í Moskvu

**RÚSSLAND, AP** Lögregla gerði á þriðjudag rassíu á útmarkaði í Moskvu og handtók tugi bakara, smákaupmanna og aðra sem flutt hafa frá fátækum fyrrverandi Sovétlýðveldum til rússnesku höfuðborgarinnar til að finna vinnu. Rassían er liður í herferð rússneskra yfirvalda gegn ólöglegum innflytjendum, en til hennar var efnt eftir að Rússar hófu að vísa úr landi Georgíumönnum, sem störfuðu í Rússlandi án tilskilinnar pappíra og leyfa.

Þessar aðgerðir gegn Georgíumönnum í Rússlandi voru liður í viðbrögðum rússneskra stjórnvalda við því að georgísk yfirvöld héldu



**PAPPÍRARNIR ATHUGAÐIR** Lögreglu- maður skoðar skilríki manna á Kijevsky- markaðnum í suðvesturhluta Moskvu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

föngnum til skamms tíma fjórum Rússum sem sakaðir voru um njósnir í Georgíu. Í þessum aðgerðum hafa hundruð Georgíumanna verið fluttir nauðugir úr landi og búðum þeirra og veitingahúsum lokað.

Vladímír Pútín gaf í byrjun október út þau fyrirmæli, að tekið skyldi til „hertra aðgerða til að bæta viðskipti á heildsölu- og smá- solumarkaði, í því skyni að vernda hagsmuni rússneskra framleið- enda og almennings, hins inn- fædda almennings.“

Talsmenn mannréttindasam- taka gagnrýndu þessi ummæli for- setans og sögðu þau bera vott um útlendingahatur. Auk þess myndi það ekki leysa neinn vanda að vísa þessum útlendingum úr landi. Nær væri að skera upp herör gegn spilltri lögreglu, sem tæki „vernd- argjöld“ af útlendingum sem ynnu í landinu án tilskilinnar leyfa. - aa

Maður á þrítugsaldri:

## Dæmdur fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellda líkamsárás. Hann veittist að morgni laugardags í desember að öðrum manni og sló hann hnefahögg í höfuðið með þeim afleiðingum að hinn síðarnefndi féll við og hófuð hans lenti á götunni. Við það hlaut fórnar- lambið sprungu í höfuðkúpu og blæðingu á heila sem leiddi meðal annars til minnis- og taltrufana.

Árásarmaðurinn var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, auk greiðslu ríflega hálftrar milljónar í sakarkostnað og málsvarnarlaun. - jss

Reiðhjólarnir fá sérstakan hjólastígg fyrir sig í Lönguhlíðinni:

## Þetta eru ekki bílastæði

**UMFERÐARMÁL** Lönguhlíðin hefur verið þrengd til að bæta öryggi barna í hverfinu. Akreinum hefur verið fækkað í eina hvoru megin í Lönguhlíðinni og hjólréiðastígar gerðir.

Hjólréiðastígarnir eru nýjung í borgarkerfinu og gerðir að hug- mynd stjórnvaldanna. Stígarnir ná frá hringtorginu við Hamrahlíð að gatnamótunum á Miklubraut. Hinum megin við gatnamótin eiga hjólréiðamennirnir svo að fara upp á gangstíga og hjóla þar.

Höskuldur Tryggvason, deild- arstjóri á framkvæmdasviði borg- arinnar, segir að þess misskiln- ings hafi gætt að á svæðinu milli gangstígs og akreinar séu bíla- stæði en það sé rangt.

„Það hafa verið brögð að því að menn leggi á þessu svæði en þetta eru ekki bílastæði. Það eru inn- keyrslur úr götunni inn á lóðirnar



**HJÓLRÉIÐASTÍGAR** Hjólréiðastígar, ekki bílastæði, hafa verið lagðir sitt hvorum megin í Lönguhlíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


frá götunni og þess vegna var ekki hægt að loka hjólréiðastígana meira af. Við eigum eftir að setja upp reiðhjólamerkingar.“

Heildarkostnaður við fram- kvæmdirnar í götunni nema rúmum 40 milljónum króna.

- ghs

# BUBBI

# 06.06.06



## Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD. Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1**.

Verið velkomin í næstu verslun. Vodafone



gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

# Dögg Pálsdóttir

**Dögg hefur víðtæka reynslu og þekkingu á málaflokkum sem snerta daglegt líf fjölskyldna og barna, aldraðra, öryrkja og sjúklinga.**

**Tryggjum Dögg örugga kosningu í 4. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík 27. og 28. október nk.**

**KOSNINGASKRIFSTOFA**  
Laugavegi 170, 2. hæð  
Opið virka daga kl. 16-22  
og um helgar frá kl. 12-18

dogg@dogg.is  
sími 517-8388



Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

www.dogg.is

í **4** sætið



# Heimurinn verður sífellt minni

Og rúmast nú allur í einni fartölvu



## Intel® Centrino® Duo Mobile Technology



Dell™ Latitude™ D520 sameinar kosti öflugrar borðtölvu og handhægrar fartölvu með Intel® Centrino® Duo Mobile Technology.

Frábær kaup fyrir vinnuna, námið, heimilið eða ferðalagið. Hljóð og mynd eru í hæsta gæðaflokki og ný kynslóð þráðlauss Wi-Fi nets kemur þér í samband hvar og hvenær sem er.

Með þessa fartölvu við hendina ert þú á fullu allan tímann.

### Dell™ Latitude™ D520 1,66 GHz

Intel® Centrino® Duo Mobile Technology
Intel® Core™ Duo örgjörvi T2300 (1024 MB, 1,66 GHz/667 MHz)
Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g
Microsoft™ Windows® XP Professional
60 GB 5.400 rpm SATA harður diskur
DVD±/- RW geisladrif
15,0" XGA skjár (1024 x 768)
Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW)
35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð:

**139.900 kr.**

### Dell™ Latitude™ D520 1,83 GHz

Intel® Centrino® Duo Mobile Technology
Intel® Core™ Duo örgjörvi T2400 (1024 MB, 1,83 GHz/667 MHz)
Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11a/g
Microsoft™ Windows® XP Professional
80 GB 5.400 rpm SATA harður diskur
DVD±/- RW geisladrif
15,0" SXGA+ skjár (1400 x 1050)
Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW)
35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð:

**159.900 kr.**

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig**



©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon, og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræðingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir Internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

**EJS – það er til lausn á öllu**

**www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000**



# Jólin þín by



ISIG jólasokkur  
L42 cm 290,-



ISIG ilmjurtakassi  
vanilluilmur, ýmsir litir 290,-



ISIG skrautsett 64 stk.  
ýmsar tegundir 450,-



ISIG skrautsett 48 stk.  
ýmsar tegundir 690,-



95,-  
ISIG kertastjaki Ø6 cm



ISIG skrautkerfi m/bakka  
2 stk. trjálaga ýmsir litir 490,-



ISIG skál m/loki  
Ø15 H18 cm 490,-



ISIG skrautdropar  
6 stk. ýmsir litir 390,-



ISIG lugt m/kubbakerti  
H34 cm 990,-



ISIG jólaskraut  
6 stk. ýmsir litir 990,-



ISIG jólaskraut  
12 stk. silfurlitað 750,-



# 1.99

GLÄNSA ljósaskraut Ø40 cm



# yrja í IKEA



90,-



ISIG skreyting fuglar 2 stk. 790,-



ISIG jólaskraut Ø7 cm 2 stk. 550,-



ISIG jólaskraut hjarta H18 cm 290,-



390,-

ISIG jólatréstoppur H30 cm ýmsir litir



ISIG jólaskraut 3 stk. L8,5 cm 290,-



ISIG jólaskraut Ø6 cm 12 stk. ýmsir litir 390,-



190,-

ISIG ilmkerti m/gulrótarkökuilm



ISIG sprittkerti 24 stk. rauð 590,-



ISIG lugt f/kubbakerti H28 cm 990,-



ISIG jólaskraut 14 stk. strá 390,-



Fjölskyldutilboð virka daga 17:30 - 19:30

Sænskar kjötbollur, tveir 10 bollu skammtar og tveir barnskammtar af spaghetti ásamt safa.

IKEA Restaurant

990,-

Lokað hér

**IKEA**

REYKJAVÍK

KÓPAVOGUR

GARÐABÆR

Ný verslun

**IKEA**

**IKEA**

Virka daga 10.00 - 20.00  
Laugardagur 10.00 - 18.00  
Sunnudagur 12.00 - 18.00

www.IKEA.is





AFSLÁTTUR ALLT AÐ  
**80%**

**VEIÐIVÖRUR  
FATNAÐUR  
SKÓR  
GRILL  
ÚTILEGUVÖRUR**  
O.FL. O.FL.

Á ÚTSÖLUMARKAÐI OKKAR, SÍÐUMÚLA 11.  
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

**ELLINGSEN OG ÚTIVIST&VEIÐI**  
ÚTSÖLUMARKAÐUR Síðumúla 11, opið 10-20 alla daga

Sölulýsing undirbúin fyrir Fríkirkjuveg 11:

## Óljóst hversu stór lóðin verður

**BORGARSTJÓRN** Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar hefur verið falið að gera tillögu að söluauðgýsingu vegna húseignarinnar á Fríkirkjuvegi 11. Borgarstjórn hefur nú staðfest að húsið skuli selt.

Húsið á Fríkirkjuvegi 11 stendur á tæplega 3600 fermetra lóð sem rennur saman við liðlega 4100 fermetra lóð á Fríkirkjuvegi 13 og myndar svokallaðan Hallargarð.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri hjá framkvæmdasviði borgarinnar, segir of snemmt að segja til um hversu stór hluti núverandi lóðar fylgi húsinu við sölu.

„Okkur hafa enn ekki borist skrifleg fyrirsmáli frá borgarstjórn



**HALLARGARÐURINN** Fríkirkjuvegur 11 stendur í norðurenda Hallargarðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og það er ekki búið að forma neinar lýsingar eða skilmála. Það hafa verið uppi margs konar raddir og sjónarmið og það verður reynt að horfa til þeirra. Menn vilja hafa einhvern aðgang að Hallargarðinum,” segir Ágúst.

Að því er Ágúst segir hamlar deiliskipulag því ekki að væntanlegur kaupandi hússins geti búið þar kjósi viðkomandi svo. „Ég hygg að þarna geti hvoru tveggja verið atvinnustarfsemi og íbúðarhús,” segir hann.

Vænta má þess að nokkrar vikur líði þar til sölulýsing fyrir húsið verður tilbúin.

„Það er töluverð vinna framundan. Það þarf meðal annars að meta ástand hússins og ákveða hvort á að þinglýsa kvöðum um einhvers konar verndun á húsinu. Það var til dæmis gert þegar borgin seldi Heilsuverndarstöðina,” segir Ágúst Jónsson.

- gar

Atvinnuleysi á 3. ársfjórðungi:

### Fleiri atvinnulausir en í fyrra

**ATVINNUMÁL** Að meðaltali 4.600 manns voru án vinnu og í atvinnuleit á þriðja ársfjórðungi 2006 eða 2,6 prósent vinnuafslisins. Atvinnuleysi mældist 2,2 prósent hjá körlum en 3 prósent hjá konum. Þegar lítið er til aldurs var atvinnuleysið mest meðal fólks á aldrinum 16 til 24 ára eða 5,1 prósent.

Á sama tímabili í fyrra mældist atvinnuleysi 1,8 prósent. Atvinnuleysi karla var þá 1,2 prósent og 2,4 prósent hjá konum. Atvinnuleysi var mest í aldurshópnum 16 til 24 ára eða 3,5 prósent.

- sdg



**SÆNSKA LÖGREGLAN** Íslenskir og norskir lögreglumenn treysta meira á notkun piparúða en aðrir starfsbræður þeirra í nágrannalöndunum. Danska lögreglan er nú með úðann til reynslu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Breskar löggur vilja ekki vopn

Danska, sænska og finnska lögreglan ber skammbyssu við skyldustörf, en norska og breska ekki. Lögreglan í Bretlandi notar ekki einu sinni piparúða.

**LÖGGÆSLA** Lögreglumenn við störf í Bretlandi og Noregi, hafa að jafnaði sams konar eða minni vopnabúnað en íslenskir starfsbræður þeirra. Sænska, finnska og danska lögreglan gengur hins vegar um með sýnilega skammbyssu í belti.

Finnska lögreglan er vígvæddust, en hún er búin lítilli skammbyssu, kylfu, piparúða og rafbyssu; mjóu priki sem gefur frá sér vægt rafstöð. Næst kemur sú sænska með svipuð vopn og hin finnska, nema hún notar ekki rafbyssu. Að sögn Clars Johansson hjá ríkislögreglustjóra Svíþjóðar hefur vopnaburður lögreglunnar vakið nokkra umfjöllun meðal almennings í Svíþjóð síðustu þrjú árin og frekar neikvæða en hitt. Ólíklegt sé þó að reglum verði breytt í grundvallaratriðum, því áratugahefð sé fyrir skammbyssunum og nokkuð víðtæk sátt um þær í samfélaginu.

Svipaða sögu er að segja frá Danmörku, Færeyjum og Grænlandi, en þar ganga allir lögreglumenn með níu millimetra skammbyssur og kylfur. Erik Vand, fjölmiðlafulltrúi danska ríkislögreglustjórans, segir að einnig sé verið að prófa notkun á piparúða og enn sem komið er hafi hann reynt vel og verði líklega staðalbúnaður í framtíðinni. Vand ítrek aði að fáheyrnt væri að byssurnar

væru notaðar. Hart er á því tekið og í hvert sinn sem skoti er hleypt af eru málsatvik rannsökuð af ríkissaksóknara. Danska lögreglan notar ekki rafbyssur.

Norskir laganna verðir virðast starfa innan svipaðs ramma og þeir íslensku og vopnaburður þeirra er í öllum meginatriðum sá sami. Venjulegur lögreglumaður í Noregi gengur hvorki með skotvopn um götur né geymir hann þau í lögreglubúnum. Lögreglustjóri getur þó skipað honum að bera skamm- eða vélbyssu þegar þörf þykir.

Í Bretlandi ganga löggur hvorki með byssur né piparúða á sér, heldur eru kylfa og handjárn talin duga þeim. Andy Mahady hjá samtökum breskra yfirlögregluþjóna segir að lögreglan forðist í lengstu lög að bera vopn og lögregluþjónarnir sjálfir hafi ekki sýnt því sérstakan áhuga. Rannsóknarlögreglumenn sem heimsæki grunaða glæpamenn fari ekki vígbúin á vettvang, nema sést hafi til skotvopna á svæðinu, eða rökstuddur grunur sé um að þar séu vopn. Skotvopn eru heldur ekki geymd í bilum embættanna, til dæmis við þjóðvegaféttirlit. Innan bresku lögreglunnar eru þó vitaskuld menn sem hafa hlotið þjálfun í vopnuðum átökum og eru ætíð til taks.

klemens@frettabladid.is

PANTAÐU Í SÍMA  
**554 6999**  
WWW.JUMBO.IS

**Jumbo**

SAMLOKUBAKKI | TORTILLABAKKI | BLANDAÐUR BAKKI

ÞÚ GETUR PANTAÐ GIRNILEGA VEISLUBAKKA FRÁ OKKUR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

Frábært **TILBOÐ!** Kynntu þér málið á **spron.is**

**10%**  
vaxtaauki!





## Tveir dæmdir á Akureyri: Stálu fatnaði og tækjabúnaði

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru í gær dæmdir í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir margvíslega þjófnaði úr tveimur verslunum á Akureyri. Mennirnir voru báðir starfandi í viðkomandi verslunum. Annar þeirra dró sér fatnað úr Sportveri fyrir allverulegar fjárhæðir, auk 10 þúsund króna úr peningakassa verslunarinnar. Hinn tók ófrjálsri hendi tækjabúnað úr Siemens-versluninni fyrir hundruð þúsunda. Mennirnir hlutu skilorðsbundna dóma, annar í þriggja mánaða fangelsi en hinn í fimm mánaða fangelsi, auk greiðslu sakarkostnaðar.

- jss



**FANGAR Í GUANTANAMO** Evrópsk stjórnvöld eru sögð ekki vilja taka við þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Stjórnvöld í Evrópuríkjum: Enga fanga frá Guantanamo

**BANDARÍKIN** Stjórnvöld í Bretlandi og Þýskalandi hafa á bak við tjöldin neitað að taka við föngum frá Guantanamo, sem bandarísk stjórnvöld hafa viljað senda aftur til síns heima, um leið og þau krefjast þess opinberlega að Bandaríkjamenn loki þessum illræmdu fangabúðum.

Bandaríska dagblaðið Washington Post skýrði frá þessu á þriðjudag.

Þá segir blaðið nánast öll Evrópuríki hafa neitað kínverskum föngum, sem eru í Guantanamo, um hæli þrátt fyrir að ekki þyki óhætt að senda þessa fanga til Kína vegna þess hvernig búast má við að tekið yrði á móti þeim þar.

- gb

### SKIPULAGSMÁL

#### Einbýli rífið fyrir stærra

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur samþykkt byggingu 460 fermetra einbýlishúss í stað 230 fermetra húss sem nú stendur við Árland í Fossvogi.

### UMHVERFISMÁL

#### Endurnýting í Borgarbyggð

Umhverfisfulltrúanum í Borgarbyggð hefur verið falið að kanna jarðveginn fyrir svokallaða endurnýtingarverslun með fatnað og húsgögn í sveitarfélaginu í því skyni að að minnka rusl og efla endurnýtingu.

### DÓMSMÁL

#### Sekt vegna amfetamíns

Nítján ára piltur var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða 45 þúsund krónur í sekt í ríkissjóð, en sæta ella fangelsi í fjóra daga.



NISSAN NOTE

# VERÐLÆKKUN!

Kraftmikill fjölskyldubíll á frábæru tilboði!

**Aðeins 19.437 kr. á mánuði\***

Í tilefni þess að Nissan Note hefur verið tilnefndur bíll ársins í flokki stærri fólksbíla fyrir árið 2006 á Íslandi bjóðum við hann á sérstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast. Láttu þetta einstaka tækifæri ekki renna þér úr greipum. Komdu og reynsluaktu þessum frábæra fjölskyldubíll sem er 110 hestöfl, með ESP og sérhannaður fyrir þá sem vilja lipran gæðabíl með öllum hugsanlegum þægindum.



Geymsluhólf - kæli fyrir drykki - öryggispúðar - dótahólf - borð - rúmgott farangursrymi

### VERÐLÆKKUN!

Nissan Note 1.6 Visia sjálfskiptur  
Verð aðeins **1.790.000 kr.**  
Aðeins **19.437 kr. á mánuði\***

Verð áður ~~1.950.000 kr.~~



\*miðað við 30% útborgun og bílasamning í 84 mán.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940


Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**





**20%**  
afsláttur

**1198** kr. kg  
~~1498~~

Krónu þurrkryddað  
lambalæri

**40%**  
afsláttur

**599** kr. kg  
~~999~~

Goða hangiframpartur  
m/beinum

**40%**  
afsláttur

MIX 2L

**99**  
kr/2L

**3 fyrir 2**  
Líf  
ávaxtasafi

Líf  
ávaxtasafi

Goða  
blóðmör / lifrapylsa  
ósoðinn 4stk

**719**  
kr/pk

Goða vínarpylsur  
10stk í pakka

**2 fyrir 1**  
Goða  
Vínarpylsur

Appelsínur

**99**  
kr/kg

Stjörnusalat

**139**  
kr/pk

**40%**  
afsláttur

Goða  
skólaskinka

Matsui  
örbylgjuofn  
**6995**  
kr/stk

**368** kr. kg  
~~594~~

Goða súpukjöt

**40%**  
afsláttur

Myllu samloku-  
brauð hvítt

Móa  
buffalóvængir  
**395**  
kr/kg

**2 fyrir 1**  
Myllu  
hvítt samlokubrauð

KRONAN

KRONAN

KRONAN

KRONAN





# Alltaf betra verð!

**30%**  
afsláttur

**1498** kr. pk  
~~1799~~  
Danpo kjúklingabringur  
900 g

**629** kr. kg  
~~899~~  
Móa kjúklingabringa



Með tveimur Pampers  
bleypökkum fylgja  
Pampers Lavander  
blautklútar

Pampers bleypur  
**1299**  
kr/pk



Bambolina bleypur  
**998**  
kr/pk



Libero bleypur  
verð frá kr.  
**1099**  
kr/pk



Johnson  
blautklútar  
**199**  
kr/pk



SMA þurmmjólk

**20%**  
afsláttur



NAN þurmmjólk



Kaupauki fylgir  
með NUK pelum  
& snúðum



**20%**  
afsláttur

Nestlé  
barnamatur

**20%**  
afsláttur

Organic  
barnamatur

# Krónan fyrir barnafólk!



## „ORÐRÉTT“

Á tali með Jóni Baldvini

„Nú þarf aðeins að finna upptökurnar, rita þær upp og gefa út. Gætu þær kallast Þjóðsögur Jóns Hannibalsónar eða Á tali með Jóni Baldvini.“

SVEINN ANDRI SVEINSSON HÆSTARÉTTALÖGMADUR SKRIFAR UM MEINTAR HLERANIR.

Morgunblaðið 18. október.

Yfir fimmtugt í uppreisn

„Okkur finnst við alltaf þurfa að sanna að við séum almennilegar mæður, góðar eiginkonur, góðir starfskraftar, félagslega þroskaðar ... en mikið assk... er það leiðinlegt.“

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR ÞYÐANDI RAUÐHETTUKLUBBSINS SEM VILL AÐ KONUR YFIR FIMMTUGT SLEPPI FRAM AF SÉR BEISLINU.

Morgunblaðið 18. október.

## nær og fjær tilveran

### SJÓNARHÓLL HARKALEGAR YFIRHEYRSLUR

## Hlýta bara sínum lögum hvort sem er

„Ég er fullur af vonleysi þegar að þessum blessuðu heimsálfum kemur,“ játar Eiríkur Örn Norðdahl, rithöfundur á Ísafirði. Nýjasta tromp Bandaríkjastjórnar í hryðjuverkastríðinu er að heimila að harkalegum yfirheyrsluáferðum, sem jaðra við pyntingar, sé beitt á fanga í Guantanamo. Af þessu tilefni sagði George W. Bush að stjórnvöld væru jafn einörð nú og þau voru að morgni 12. september 2001. „Það er löngu ljóst að þeir hlíta hvort sem er bara sínum eigin lögum og því spurning hverju þessar reglur breyta,“ segir Eiríkur. „Bush talar um að einurðin sé ennþá jafn mikil og rétt eftir áfallið. Ég hélt nú að skynsamir menn leyfðu áföllum að síast inn og tilfinningunum að setjast, til þess einfaldlega að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir.“



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL  
Rithöfundur

## Bráðavakt varnarlausra villidyra

Um það bil þúsund villt dýr af sextíu tegundum hafa fengið aðhlyningu og athvarf í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þau sextán ár sem hann hefur verið starfræktur.

Ekki komast dýr sem fá aðhlyningu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum öll til heilsu aftur; mörg deyja á leiðinni eða stuttu eftir komu. Mörg lifa þó af og geta horfið aftur til heimkynna sinna í náttúrunni. Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður garðsins, segir það gefa starfinu gildi.

„Við höfum þetta verkefni í upphafi í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að láta gott af okkur

foreldrum sínum. „Við vildum að fólk skildi að einmana ungi er ekki vísbending um að eitthvað sé að heldur á fólk að láta þá í friði og gefa foreldrunum tækifæri til að koma til þeirra. Einnig hefur það komið fyrir oftar en einu sinni að fólk hafði ungað út eggjum villtra fugla heima hjá sér og ætlað þeim svo að flytja hingað. Það var heldur ekki hægt,“ segir Tómas.

Dýrin eru að öllu jöfnu ekki til sýnis enda flest það veik til að byrja með að hlúa verður að þeim inni í ró og næði. Þegar styrkur þeirra vex hafa sum þeirra möguleika á að stæla vöðvana að nýju utandyra og gefst gestum þá stundum einstakt tækifæri til að fræðast um lifnaðarhætti þeirra áður en þeim er sleppt á ný út í náttúruna.

Einna mesta athygli vekja fáséðar tegundir dýra eins og fálkar, ernir og uglur. Tómas segir algengast að fuglarnir þurfi aðhlyningu eftir að hafa lent í grút, oft eftir að hafa verið í hvals- eða selshræi eða eftir að hafa lent í viðureign við fýl.



SNÆUGLAN SNÆFINNUR VAR MIÐGILLA SLÖSUD VIÐ KOMU. Uglan hafði flogið á gaddavirgirðingu og barist þar um lengi áður en henni var komið bjargað.



SLASADUR EFTIR SKOT Þessi fállegi og sjaldgæfi fálki varð fyrir skoti fálkaniðings á síðasta ári. Hann lifði árástina af en í frystikistu niðingsins fannst fjöldi annarra fálka sem ekki höfðu verið svo heppnir.

FRÉTTABLAÐIÐ/FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Vængbrot séu einnig algeng en við þau sé erfitt að eiga þó fuglar geti jafnað sig furðu fljótt eftir að hafa fengið hlýju, þvott, vítamín, fóðrun, dýralæknisskoðun, lyf, umbúðir og tíma til að safna kröftum.

karen@frettabladid.is



SIGURÖRN Í BAÐI Konungi fuglanna líkar ekki vel að láta baða sig. Það var þó nauðsynlegt í tilfelli Sigurarnar. Það var lítil stúlka frá Grundarfirði sem bjargaði Sigurerni með því að vaða eftir honum út í lón.



VÆNGIRNIR REYNDIR AÐ NÝJU Búrið sem hér sést var fyrst byggt undir stork sem hingað hafði villst. Það hefur komið í góðar þarfir og þar reyna fuglar á ný á vængi sína.

## Höldum óhreinindum á mottunni Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



### NOTRAX® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm  
...hindrar að gólfíð innandyra verði hált  
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði  
í október 2006  
Úti- og innimottur  
af ýmsum gerðum  
og stærðum

### Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



Sigþóra Gunnarsdóttir  
Sölumaður í verslun RV

Sviðamessa á Djúpavogi:

## Svið vinsælli en pitsur

Sviðamessa er gömul hefð á Austurlandi. Bændur héldu upp á lok smalamennskunnar með því að snæða svið og skemmta sér. Það er alveg jafn gaman í dag enda svið mikill herramannsmatur.

Þetta segir Gunnar Sigvaldason, formaður Vísnavina sem sér um ýmsa skemmti- og menningarviðburði á hinum sögufræga stað Djúpavogi. Sviðamessan er einn þeirra viðburða. Næsta messa verður haldin 28. október og segir Gunnar mikla tilhlökkun vegna hennar. Hann segir að um tíma hafi verið tekið upp á því að bjóða upp á pitsur ásamt sviðunum. Vinsældir sviðanna hafi þó



SVIÐAKJAMMI Herramannsmatur íbúa Djúpavogs

verið svo miklum mun meiri að sá siður hafi fljótlega aflagst.

Í ár eru því aðeins kjammar og lappir á boðstólum auk dýrlegra veiga og tónlistaratriða.








## Svona erum við

&gt; Heildarfjöldi farþega um Keflavíkflugvöll



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: LANGGREYÐUR

## Næststærsta dýr jarðarinnar

Hvalveiðar hafa verið mikið í fréttum að undanförmu eftir að Einar K. Guðfinnsson ákvað að gefa heimild til að veiða níu langgreyðar og 30 hrefnur undir formerkjum atvinnuveiða.

## Hvernig lítur langgreyður út?

Langgreyður er næststærsta dýr jarðarinnar og verður mest um 27 metrar á lengd og um 100 tonn að þyngd. Oftast eru dýrin um 18 til 20 metrar að lengd og vega um 42 tonn. Kvendýrin eru stærri eins og á við um alla reyðarhvali. Það á einnig við um reyðarhvalastofna á suðurhveli jarðar. Langgreyður getur orðið mjög gömul og greint hefur verið 94 ára gamalt dýr við Ísland.

## Hvað um útbreiðslu og lífshætti hvalsins?

Langgreyði er að finna um öll heimsins höf. Er á Íslandsmiðum frá maí til ágúst. Lífshættir og far er svipað og hjá sandreyði. Langgreyður er algengasti stórhvalurinn við Ísland og er mest af henni við landgrunnsbrúna suðvestur og vestur af landinu. Þar

voru hvalveiðar stundaðar um árabíl frá Hvalfirði. Einnig er nokkuð af langgreyði allt í kringum landið en minnst fyrir utan norður- og norðvestur ströndina. Langgreyður telst vera úthafshvalur. Langgreyður étur aðallega ljósátu við Íslandstrendur en rannsóknir sýna að hún étur einnig torfufisk. Hún er afar hraðsynd og getur náð allt að 35 kílómetra hraða á klukkustund.

## Hvað um veiðar og stofnstærð?

Langgreyður er sú hvalategund sem mest hefur verið veitt af hér við land. Meðalársveiði árin 1948 til 1985 var 234 dýr en mest 348 dýr árið 1957. Hún var ofveidd á þessu tímabili en stofninn hefur náð fyrri stærð og er talinn í sögulegu hámarki. Samkvæmt nýjustu talningum var stofnstærð Austur-Grænlands-Íslands langgreyðarinnar um 23.700 dýr árið 2001. Þetta mat hefur verið staðfest af vísindanefnd NAMMCO árið 2003 og af vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrir á þessu ári.



## SPURT OG SVARAÐ

SAMNINGUR NSF OG RANNÍS

## Mikil viðurkenning

PÁLL VILHJÁLMSOON  
UPPLÝSINGAFULLTRÚI RANNÍS

Rannís er ríkisstofnun sem meðal annars veitir íslenskum vísindamönnum styrki til ýmissa rannsókna. Nýlega var undirrituð viljayfirlýsing um aukið samstarf á milli Rannís og bandarísku vísindastofnunarinnar. Páll Vilhjálmsson er sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs Rannís.

## Hvað felst í þessari viljayfirlýsingu?

Hún er mikil viðurkenning fyrir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag. Mögulegt samstarf væru til dæmis rannsóknir á breytingu loftslags í heiminum. Breyting loftslags er gifurlegt hagsmunamál fyrir báða aðila og að því samstarfi gætu komið t.d. Veðurstofan og Orkusstofnun.

## Hverjir fleiri geta notið góðs af?

Doktorsnemar og háskólakeppnir gera oftast verkefni sem Rannís styrkir. Styrkveitingar eru háðar vísindalegri færni einstaklinganna og aðstöðunni sem þeir hafa til afnota. Þrjú til sex aðilar koma oft að fjármögnun svona verkefnis og okkar mat er ákveðinn gæðastimpill því þá er komið jafningjamat sem aðrar stofnanir virða.

## Einkavæðing RÚV – þar er efinn

Ótti stjórnarandstöðunnar við að Ríkisútvarpið verði selt er grundvöllur andstöðu hennar við breytingu RÚV í hlutfélag. Yfirlýsingar stjórnarliða um að ekki eigi að selja duga skammt.

Fyrstu umræðu um frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið lauk í fyrrakvöld, stuttu áður en Orð kvöldsins hófst á Rás 1. Umræðan hafði þá staðið með hléum í tólf klukkustundir en hún hófst síðdegis á mánudag með ræðu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.

Frumvarp um Ríkisútvarpið er nú komið fram þriðja sinni. Í fyrsta frumvarpinu átti Ríkisútvarpið að verða sf. í öðru frumvarpinu átti það að verða hf. en nú á það að verða ohf. O fyrir framan stendur fyrir opinbert - ohf. Þýðir sum sé opinbert hlutfélag.

Sem fyrr hafa stjórnarandstæðingar haldið uppi harðri gagnrýni á tillögur menntamálaráðherra um breytingar Ríkisútvarpsins og byggir hún á grunni ótta um að í kjölfar formbreytinga verði fyrirtækið selt. Þrátt fyrir að menntamálaráðherra og aðrir stjórnarliðar hafi margsinnis lýst yfir að sala sé ekki á dagskrá hefur það engu breytt. Stjórnarandstaðan treystir ekki stjórnarflokkunum – og þá helst Sjálfstæðisflokknum. Er bent á að svipuð fyrirheit hafi verið gefin þegar Pósti og síma var breytt í hlutfélag. Síminn sé nú í einkaeigu.

## Ekkí sátt um málið

Menntamálaráðherra sagði í ræðu sinni á mánudag að breyta þyrfti rekstrarformi Ríkisútvarpsins til nútímahorfs svo það gæti staðið undir kröfum sem gerðar væru til þess sem útvarps í almannabágu. Taldi hún það almenna skoðun í landinu að rétt væri að breyta



RÍKISÚTVARPIÐ Í BLÁMA MORGUNHIMINSINS Stjórnarandstaðan á Alþingi óttast að frumvarp menntamálaráðherra um RÚV sé skref í átt til einkavæðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞORGERÐUR K.  
GUNNARSDÓTTIRDAGNÝ  
JÓNSDÓTTIRMÖRDUR  
ÁRNASONKOLBRÚN  
HALLDÓRSDÓTTIR

## Margvíslegar athugasemdir

Þó grunnur andstöðu stjórnarandstöðunnar sé óttinn við einkavæðingu hafa þingmenn hennar dregið fram nokkur helstu atriði sem þeir finna að frumvarpinu. Eitt þeirra er stjórnskipulagið sem þeir telja samrýmast illa hugmyndinni um almannaútvarp og telja nauðsynlegt að stjórn Ríkisútvarpsins verði valin á breiðari grunni en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá segja þeir hallað á réttarstöðu starfsmanna eftir breytingu í hlutfélag, fjárhagur fyrirtækisins sé ótraustur, umsvif

Hvað sem líður orðum og mati Þorgerðar Katrínar er ekkí sátt um frumvarpið á Alþingi.

Þó grunnur andstöðu stjórnarandstöðunnar sé óttinn við einkavæðingu hafa þingmenn hennar dregið fram nokkur helstu atriði sem þeir finna að frumvarpinu. Eitt þeirra er stjórnskipulagið sem þeir telja samrýmast illa hugmyndinni um almannaútvarp og telja nauðsynlegt að stjórn Ríkisútvarpsins verði valin á breiðari grunni en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá segja þeir hallað á réttarstöðu starfsmanna eftir breytingu í hlutfélag, fjárhagur fyrirtækisins sé ótraustur, umsvif

þess á auglýsingamarkaði of mikil auk þess sem þeir hafa gagnrýnt að fyrirtækinu skuli aflað tekna með sköttum í stað afnotagjalda.

En stjórnarandstæðingar sjá bjartar hliðar líka; Mördur Árnason Samfylkingunnar fagnar allavega að upplýsingalög eigi að ná til Ríkisútvarpsins ofh. samkvæmt frumvarpinu. „Það er mikils virði að upplýsingalögin skuli eiga að gilda um þetta fyrirbæri ef það kemst einhvern tíma á fæturna,“ sagði Mördur.

## Traust og vantraust

Framsóknarflokkurinn hefur fengið sinn skerf af gagnrýni og flokknum meðal annars brigðsláð um sinnaskipti í afstöðunni til Ríkisútvarpsins. Andstæðingar breytinga á RÚV í hlutfélag – svo ekki sé nú minnst á einkavæðingu – hafa á undanförmum árum lagt traust sitt við að framsóknarmenn stæðu gegn öllum slíkum áformum sjálfstæðismanna. Dagný Jónsdóttir hefur útskýrt afstöðu flokksins til málsins á þann veg að í frumvarpinu standi skýrum stöfum að sala Ríkisútvarpsins ohf. sé óheimil. „Við erum þannig gerð að við treystum fólki,“ sagði Dagný orðrétt. Kolbrún Halldórsdóttir VG sagðist á hinn bóginn trúa núverandi menntamálaráðherra þegar hún segði ekki standa til að selja RÚV en það traust næði ekki lengra. „Þessi hæstvirtur menntamálaráðherra verður ekkí í ríkisstjórn alltaf og kannski ekkí bara á næsta kjörtímabili.“

## HELSTU BREYTINGAR

- Ríkisútvarpið verður hlutfélag.
- Stjórn verður kosin í stað útvarpsráðs áður.
- Meginhlutverk stjórnar verður að fjalla um rekstur RÚV - ekkí dagskrá eins og útvarpsráð gerir.
- Stjórn ræður og rekur útvarpsstjóra - ekkí menntamálaráðherra eins og nú er.
- Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn, þar með talda framkvæmdastjóra.
- Það hlutverk er nú á höndum menntamálaráðherra.
- Afnotagjöld verða aflögð 2009 og í staðinn innheimtur sérstakur skattur.

## HELSTA GAGNRÝNI

- Að Ríkisútvarpinu skuli breytt í hlutfélag.
- Að völd útvarpsstjóra skuli aukin.
- Að réttindi starfsmanna hlutfélagsins séu ekkí tryggð.
- Að breytingin auðveldi sölu á RÚV.

21. okt

FRÉTTASKÝRING  
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON  
bjorn@frettabladid.is



**HONDA**  
The Power of Dreams



## Kynntu þér hvernig **CR-V** skarar framúr í öllum árstíðum



Fullbúinn **CR-V** rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið verð frá aðeins:

**28.631** kr.  
á mánuði\*

.....  
**3.149.000** kr.

**PÚ VELUR. VIÐ SETJUM Á. 200.000** kr.  
**aukahlutapakki**

þar sem þú velur aukahlutina fylgir öllum nýjum CR-V.

[honda.is](http://honda.is)




Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á niðdimmum vetrarmorgni eða að víðáttumiklu og fallegu vatni yfir sumartímann. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseginnleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið þitt. **Komdu og sjáðu hvernig CR-V skarar fram úr í öllum árstíðum.**

**BERNHARD**  
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100  
[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)



## Útgjöldin

> Meðalneysla hjóna eða sambýlisfólks með börn árið 2004



Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

hagur heimilanna

## NEYTANDINN: HELGA VALA HELGADÓTTIR FJÖLMÍÐLAKONA OG LAGANEMI

## Hurðarlaus skápur með lausum hillum

„Verstu kaup sem ég hef gert voru kaup á amerískum, sjö manna bíl sem ég keypti með það í huga að rúma alla fjölskylduna. Bíllinn entist okkur í fimm mánuði en þá byrjaði hann að bila.“ Helga Vala segir að eftir 6-7 mánaða bíleri hafi fjölskyldan gefist upp og losað sig við bílinn. „Ég man ekki hvað bíllinn kostaði en það var allavega allt of mikið miðað við hvað hann entist okkur illa. Við skiptum síðan bílnum út fyrir þann sem við eigum nú sem er lítill og sparneytinn.“

Helga Vala minnst einnig slæmra kaupa í skáp sem hún keypti. „Skápurinn var sérpantaður en kom í einingum sem þurfti að setja saman. Það liðu sex mánuðir þar til ég setti skápinn saman og hann varð aldrei góður til síns brúks. Skápurinn er nú í notkun en það kemur fyrir að hillur detta úr honum og hurðir-

ar dattu fljótt af. Mig hafði alltaf dreymt um að gera eitthvað sjálf en ég verð að viðurkenna að þessi frumraun mín við smíði heppnaðist ekki sem skyldi.

Ætli bestu kaupin sem ég hef gert séu ekki íbúðir okkar hjóna á Meistaravöllum og á Vesturvallagötunni. Við eigum enn íbúðina á Vesturvallagötu þó við búum ekki í henni sem stendur.“

Helga Vala viðurkennir að hún kaupir stundum án þess að hugsa en segir að það hafi til þessa verið hennar bestu kaup. „Dagsdaglega brúðla ég ekki enda krefst það hagsýni að reka stóra fjölskyldu.“ Helga Vala fluttist nýlega búferlum í Bolungarvík þar sem maður hennar er bæjarstjóri.



## GÓÐ HÚSRÁÐ LAGA HLUTINA SJÁLF

■ Álfheiður Ingadóttir, varðingmaður VG, reynir að laga hlutina sjálf.

„Þegar ég byrjaði að halda heimili var hægt að hringja í ráðleggingamiðstöð húsmæðrafélagsins og fá góð ráð. Ég hef lítið notað mér þetta á undanföllum árum, kannski vegna þess að ég er orðin reyndari húsmóðir.“ Álfheiður segist reyna að laga hlutina ef þeir fara úrskeiðis í stað þess að henda þeim. „Ég bý svo vel að hafa góðar handavinnukonur í kringum mig sem gera við teppi og mottur þegar þess er þörf. Það getur vel verið að ég sé ekki að spara á þessu en ég vil nýta hlutina eins og hægt er.“



### ■ Dýrast / ódýrast Skrautfiskar

Ódýrustu skrautfiskarnir sem hægt er að kaupa hérlandis eru neontettrur hjá 101 Gæludýrum í Hafnarstræti og gullfiskar hjá Dýrarikinu, Grensásvegi. Báðir kosta 350 kr. stykkið. Dýrasti skrautfiskur landsins er hins vegar saltvatnsfiskur af tegundinni Flame angel og kostar 32.000 kr hjá Dýrarikinu. Það má því fá 914 og hálfá neontettru og/eða gullfisk fyrir einn Flame angel. Sé áhugi fyrir hendi má svo auðveldlega fá miklu dýrari fiska, t.d. forláta koi fisk af sérstöku litarabrigði með stóru ættartré. Koi fiskar hafa selst á allt að 70 milljónir króna, en slíkir dýrgripir eru stundum svamlandi í gördum japanskra milljónamæringa.



### ■ Netframköllun:

## Helmingi ódýrara ef keypt að utan

Fyrir viku fjölluðum við um netframköllun á Íslandi. Þar kom fram að ódýrasta framköllun sem hér er í boði er kr. 25 á mynd. Í framhaldi af þessu hafði lesandi samband og benti á að mun ódýrara væri að kaupa þessa þjónustu að utan, enda alveg jafn auðvelt að senda myndir í gegnum netið til útlanda og innanlands. Lesandinn sendi dæmi um framköllun í gegnum fyrirtækið Bonusprint (www.bonusprint.com/us). Hann lét framkalla 223 myndir. Hver mynd kostar 11 sent eða kr. 7,5. Með 10% tolli, 24,5% VSK, kr. 206 póstburðargjaldi til Íslands og tollmeðferðargjaldi kr. 350 var heildarverðið 2826 kr eða 12,67 fyrir hverja mynd hjá Bonusprint, tvöfalt minna en myndin kostar hjá ódýrasta íslenska framköllunarfyrirtækinu.



### ■ Verðlag

## Fjórum sinnum dýrara tyggjó

Verðlag á Íslandi er í mörgum tilfellum mjög hátt. Þetta veit landinn og sættir sig að því er virðist við. Það er þó alltaf jafn áttakanlegt þegar kunninn er minntur á þetta úti í búð, t.d. þegar erlend verð eru prentuð á umbúðir vara sem eru í boði hér. Þá sést verðmunurinn svart á hvítu. Nýverið var aftur byrjað að selja klassískt tyggjó frá Wrigley's og að auki bættist við tegundin Big Red. Á pakkana er verðið prentað, 30 sent, eða 20 kall miðað við gengið í dag. Hér kostar pakkinn 80 kr í Nóatúni, eða fjórum sinnum meira en í Bandaríkjunum. Er þetta eðlileg verðhækkun eða er verið að taka okkur í bakaríði?



### ■ Könnun:

## Viltu smakka þorsk?



Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins leitar nú að fólki til að taka þátt í neytendakönnun á þorski. Könnunin fer fram í dag og er fólki boðið að koma niður á Skúlagötu 4 til að smakka fisk og fylla út eyðublað í kjölfarið. Frekari upplýsingar gefa Kolbrún, Ása og Guðrún í sínum 5308665 / 5308666 / 5308667.



ÞÓRIR ÖRN SIGVALDASON Í GÓÐA HIRÐINUM Magnað að sjá hverju fólk er að henda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

# Raftæki fara úr búðinni í ruslið á tveimur árum

Líftími margra raftækja er ekki langur, þetta vita neytendur af eigin raun. Hver á til dæmis tíu ára gamlan farsíma eða tölvu? Heldurðu að þú verðir ennþá að nota mp3-spilarann þinn eftir fimm ár? Borgar sig að fara með bilaðan hlut í viðgerð eða er betra, og kannski líka ódýrara, að fá sér bara nýjan?

Ekki eru til neinar opinberar tölur yfir líftíma raftækja og samkvæmt starfsmönnum í verslunum hér er þetta mjög mismunandi eftir tækjum. Þannig má búast við að góð þvottavél endist í 12-15 ár og þurrkari jafnvel lengur, en þegar rafeindatæki eiga í hlut er allt annað uppi á teningnum. Í Svíþjóð er reynslan sú að mikill meirihluti fólks endurnýjar farsímamann sinn innan tveggja ára. Varla erum við eftirbátar Svía í þessum efnum enda höfum við löngum talist neysluglöd þjóð. Algengasta bilunarorsök á farsímum á Íslandi eru rakaskemmdir í kjölfar illrar meðferðar, til dæmis ef sími er hafður í kulda. Ef farsíminn gleymist úti í bíl yfir nótt er til dæmis ekki von á góðu. Annað vinsælt rafeindatæki eru plasmaláskjárnir, en síðustu jól voru sannkölluð flatskjáajól. Framleiðendur segja líftíma plasmaskjára á bilinu 60-80.000 tímar, en lítill reynsla er komin á tækin ennþá enda tækin nýleg.

„Þessi bransi hefur breyst mikið,“ segir Þór Ólafsson hjá viðgerðaverkstæðinu Sóni. Hann ætti að vita það enda með tuttugu ára

starfsreynslu.

„Sumt, eins og magnarar, er í sama gæðaflokki og áður, en mekánísk tæki eins og DVD- og CD-spilarar eru yfirleitt orðin ódýrari tæki. Þetta er ekki sterk framleiðsla. Allt úr plasti og eiginlega einnota dót því það virðist vera stefna fyrir-tækjanna að framleiða ekki varahluti í þetta. Einn daginn þegar allir ruslaugar heimsins verða orðnir fullir af ónýtum raftækjum fara menn kannski að hugsa sinn gang.“

Tæki sem seld eru á Íslandi eru langflest með tveggja ára ábyrgð og Þór segir að fólk komi oftast með tækin í viðgerð ef ábyrgðin er ennþá á þeim. „Þá metum við hvort það borgi sig að gera við. Það er sáralítið um það að kunninn leggi sjálfur í viðgerðarkostnað.“ Þetta er skiljanlegt enda er nú til dæmis hægt að fá DVD-spilara á undir 4.000 kall, sem er álika og viðgerðin kostar, ef ekki minna.

Raftæki sem hent er enda oft hjá Góða hirðinum. Um tveir gámar af dóti berast daglega. Þórir Örn Sigvaldason er starfsmaður Góða hirðisins. Hann segir magnað að sjá hverju fólk er að henda. „Núna var til dæmis að koma inn Whirlpool þvottavél sem er örugglega ekki nema 2-3 ára gömul,“ segir hann. „Við fáum ótrúlega heillegt dót, fólk er jafnvel bara að



FLATSKJÁR  
Flatskjáir fara að detta inn í Góða hirðin.

DVD SPILARI  
Fást nú á undir 4.000 kr.

losa sig við tæki eins og ísskápa eða uppþvottavél þegar það skiptir um eldhúsinnréttingu og gömlu tækin passa ekki við nýju innréttinguna. Það er eins og fólk nenni ekki lengur að setja smáauglýsingar í blöðin og finnst bara auðveldara að henda þessu.“

Þórir segist sárásjaldan fá farsíma inn, þeim sé bara hent þegar þeir bila. „Gamaldags“ tölvuskjái (ekki flatskjái) standa hins vegar í röðum á 300 kall stykkið. „Fólk hefur verið að kaupa þetta herna hjá okkur til að fara með í búðirnar þegar þær bjóða afslátt af nýjum skjám ef þeim gamla er skilað,“ segir Þórir og bætir við: „Nú virðist vera vinsælast að henda safapressum. Við höfum allavega fengið svaka magn af þeim upp á síðkastið. Svo fara flatskjárnir örugglega að detta inn á þessu ári eða næsta.“

gunnarh@frettabladid.is

## PÍTUBRAUÐ NÝTT FRÁ SÓMA

NÝTT



SÓMI

www.somi.is



# nettó býður enn betur

hagstæðustu heildarinnkaupin



**GOÐI**

**699** kr/kg

Goða lambabógur frosinn



þú sparar 135 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 399 kr/kg  
Verð áður 534 kr/kg

**GOÐI**

Goða súpukjöt



þú sparar 175 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 524 kr/kg  
Verð áður 699 kr/kg

**GOÐI**

BK súpukjöt



þú sparar 663 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 1.990 kr/kg  
Verð áður 2.653 kr/kg

**GOÐI**

BK hangilæri úrbeinað



þú sparar 589 kr/kg

**37%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 999 kr/kg  
Verð áður 1.588 kr/kg

**GOÐI**

Goða bayonneskinka



þú sparar 346 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 1.039 kr/kg  
Verð áður 1.385 kr/kg

Holta kjúklingarúllur m/smurosti og pepperóni



þú sparar 346 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 1.039 kr/kg  
Verð áður 1.385 kr/kg

Holta kjúklingarúllur m/beikonosti og brokkólí



þú sparar 300 kr/kg

**25%**

afsláttur við kassa  
Verð nú 899 kr/kg  
Verð áður 1.198 kr/kg

**GOÐI**

SS BBQ partýrif



þú sparar 400 kr/kg

**999** kr/kg

Verð áður 1.399 kr/kg

Humar 1 kg.



þú sparar 600 kr/kg

**999** kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

Nýveidd smálúða



**99** kr/stk

Pepsi 2L



**195** kr.pk

Orville popp fjölskyldustærð



frábært úrval af Neutral

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 19. október til 22. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

nettó



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.472 -0,49% Fjöldi viðskipta: 375  
Velta: 2.226 milljónir

## MESTA HÆKKUN

Atlantic Petroleum +1,88%  
Avion +1,55%  
Glitnir +0,90%

## MESTA LÆKKUN

Alfesca -2,28%  
Straumur-Burðarás -1,71%  
Icelandic Group -1,24%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis % ... Alfesca 4,71 -2,28% ... Atlantic Petroleum 595,00 +1,88% ... Atorka 6,48 -0,31% ... Avion 32,80 +1,55% ... Bakkavör 58,60 -0,68% ... Dagsbrún 5,01 -0,60% ... FL Group 23,70 +0,42% ... Glitnir 22,50 +0,90% ... Kaupþing 873,00 -0,57% ... Landsbankinn 27,50 -1,08% ... Marel 80,50 -1,23% ... Mosaic Fashions 16,60 -1,19% ... Straumur-Burðarás 17,20 -1,71% ... Össur 125,00 +0,40%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

## Hæfilega bjartsýnn á Bloomberg

Árni Mathiesen fjármálaráðgjafi sat fyrir svörum í sjónvarpsviðtali hjá viðskiptafréttaveitunni Bloomberg í gær. Þar sagði hann mun bjartari horfur í efnahagslífinu sem stefndi í auknið jafnvægi auk þess sem bankarnir væru núna í betri stöðu en í upphafi árs þegar neikvæð umræða um efnahagslífið fór í gang. „Við erum hæfilega bjartsýn varðandi næsta ár,“ sagði hann og taldi ljóst að draga myndi úr viðskipta-hallanum. Hann árétaði spár ráðuneytis síns um að hallinn fari í 11 prósent á næsta ári. Árni tók þó jafnframt fram að í spá um auknið jafnvægi í efnahagslífinu væru ekki tekin inn í myndina

áform um frekari stórframkvæmdir. „Og við vitum vissulega af álverkefnum sem eru á teiknborðinu.“

## Stóra skiptimyntin

Stærsta arðgreiðsla Íslandssögunnar fer fram á næstu dögum þegar Kaupþing greiðir út níttján milljarða aukaarð í formi hlutabréfa í Exista. Þetta kemur til viðbótar við 6,6 milljarða arðgreiðslu fyrr á árinu. Stærsti hluthafinn í Kaupþingi er Exista sem fær þar með fullt af bréfum í sjálfa sér eða tvö prósent hlutafjár. Vaknar nú upp sú spurning hvað félagið hyggst gera við arðinn. Hvorki er talið sennilegt að hlutafé Exista verði fært niður né bréfin seld á markaði né greidd út sem arður. Líklegast er talið að stjórnendur félagsins líti á bréfin sem skiptimynt í viðskiptum sem kunna að koma upp síðar, enda yfirlýst stefna þess að vaxa á Evrópumarkaði.



## MARKAÐSPUNKTAR...

Samkvæmt niðurstöðum úr vinnu- og aðsrannsókn Hagstofu var atvinnuþátttaka á 3. fjórðungi ársins ríflega 84 prósent og það sem af er ári hlutfallið 83,5 prósent. Meðal OECD-landa hefur aðeins Sviss hærra hlutfall atvinnuþátttöku af mannafla.

Verð á laxi stóð í stað á erlendum mörkuðum í síðustu viku. Laxverðið hefur lækkað hratt undanfarnar vikur en meðalverðið í síðustu viku stóð hins vegar í stað frá vikunni á undan.

Í gær tilkynnti nýr útgefandi jökla-bréfa, bankinn Eurofima sem er í eigu evrópskra járnbrautafélaga og með höfuðstöðvar í Sviss, um útgáfu fyrir þrjú milljarða með tíu prósentu vöxtum og á lokagjalddaga í nóvember 2008.

## Grettir bætir við sig bréfum í Avion

Fjárfestingarfélagið Grettir fór upp fyrir tíu prósent hlut í Avion Group í fyrradag. Grettir hefur verið duglegur að kaupa í félaginu því, frá byrjun október hefur heildarhlutur félagsins farið úr einu prósent í 11,5 prósent.

Reikna má með að bréfin hafi verið keypt á genginu 29,5-32 krónur á hlut en hluturinn stóð í 32,6 krónum í gær.

Heildarhlutur Grettis í Avion Group er metinn á 6,7 milljarða króna.

Eigendur Grettis eru Sund (49%), Landsbankinn (35%) og Ópera félag í eigu Björgólfsfeðga (16%).



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Meðal hluthafa í Gretti sem hefur verið að auka við hlut sinn í Avion Group.

## ANZA kaupir af TietoEnator fyrir 2,3 milljarða króna

ANZA hefur keypt rekstur fyrirtækja í Svíþjóð, Noregi og Danmörku af TietoEnator, stærsta upplýsingatæknifyrirtæki Norðurlanda. „Við lítum á Skandinavíu alla sem okkar heimamarkað,“ segir Hreinn Jakobsson, framkvæmdastjóri ANZA.

ANZA hf. hefur keypt þann hluta af starfsemi finnsk/sænska upplýsingatæknifyrirtækisins TietoEnator sem veitir aðilum tengdum opinbera geiranum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þjónustu. Um leið hefur verið stofnað fyrirtækið Sirius IT, nýtt norrænt upplýsingatæknifyrirtæki sem tekur yfir starfsemina. Sirius IT verður með um 420 manns í vinnu og er áætlað að veltan á þessu ári nemi 5,4 milljörðum króna.

Keypt er starfandi fyrirtæki í Svíþjóð og stofnuð eru ný rekstrarfélög um starfsemina í Danmörku og Noregi. Lykilstjórnendur félagsins halda allir áfram störfum og munu eiga um 10 prósent hlutafjár. Hreinn Jakobsson, framkvæmdastjóri ANZA, segir að með kaupnum verði ANZA eitt stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með starfsemi í fjórum löndum, Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Samanlagður starfsmannafjöldi fer yfir 500 manns og áætlað er að velta ANZA samstæðunnar á næsta ári verði hátt í sjö milljarðar króna.

„Í þessu er ég búinn að vera að vinna allt sumar, en þetta flókin



HREINN JAKOBSSON Framkvæmdastjóri ANZA segir kaup á starfsemi á Norðurlöndum skapa fyrirtækinu fjölda tækifæra.

samningagerð því við kaupum þarna ákveðna starfsemi út úr TietoEnator í þremur löndum. Ástæðan fyrir því að þeir selja er að þeir leggja í auknum mæli áhersluna á ákveðna kjarnastarfsemi, en þessi þjónusta er ekki hluti af henni.“ Hreinn segir að þessi nýi hluti sem komi til með að heyra undir Sirius gangi mest út á sérhæfða hugbúnaðarþjónustu og ráðgjöf. „Fyrirtækið hefur þróað lausnir fyrir opinbera og hálfopinbera aðila, því í kúnnahópnum eru líka einkafyrirtæki.“

Hreinn segir mikil tækfæri felast í kaupnum fyrir ANZA, bæði við að bjóða áfram þær sérhæfðu lausnir sem þarna hafa verið þróaðar og færa þær hingað heim. „Og eins í að flytja út rekstrartengda þekkingu hédan til að ýta undir frekari vöxt, enda lítum við núna á Skandinavíu sem okkar heima-markað.“

Hreinn segir að kaupverð fyrir-

tækjanna, miðað við svokallað enterprise value, hafi verið 200 milljónir danskra króna, en það eru tæpir 2,3 milljarðar íslenskra króna. „Samanburður á verðlagningu fyrirtækja úti og hér heima hefur ekki síst orðið til þess að við höfum horft meira út fyrir landsteinana eftir vaxtartækifærum,“ segir hann og bætir við að ANZA telji sig hafa fengið reksturinn á mjög sanngjörnu verði. „Við gerum þetta með lykilstjórnendum, sem okkur þykir skipta miklu máli, auk þess sem við sjáum í þessu mikla möguleika til hagræðingar. Veltan er mikil og við væntum þess að geta náð enn meiru út úr þessum rekstri.“

Kaupþing veitti ANZA ráðgjöf við kaupin og annaðist fjármögnun þeirra. ANZA hf., sem er dótturfyrirtæki Símans, var stofnað árið 1997 og sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa.

olikr@frettabladid.is

**Atvinna**  
**Stýrimaður óskast**  
**á 240 tonna**  
**netabát**  
**Erling KE 140**  
**Upplýsingar í síma**  
**862-2291**

www.sturta.is  
allan sólarhringinn!  
Reykjavíkuvægur 64, Hámarfjörður.  
Pú verður bara líka...  
Sími: 565-5566  
sturta.is

## Viðsnúningur í vaxtatekjum

Samanlagðar hreinar vaxtatekjur viðskiptabankanna gætu dregist saman um 30 milljarða milli þessa árs og næsta. Frá þessu var greint í Vegvísi Landsbankans.

Íslensku viðskiptabankarnir hafa allir jákvæðan verðtryggingarjörfnuð, Landsbankinn 135 milljarða króna og Glitnir og Kaupþing um 115 milljarða hvor um sig. Þetta hefur skilað þeim talsverðum tekjum á þessu ári og er áætlað að jákvæður verðtryggingarjörfnuður skili bönkunum samtals um 10 milljarða króna hagnaði umfram það sem væri ef jafnvægisáðstæður ríktu í þjóðarbúskapnum. Útreikningar sýna að háir stýrivextir samhliða lágrí verðbólgu á næsta ári munu svo valda því að hreinar vaxtatekjur bankanna gætu orðið um 20 milljörðum króna minni en ef jafnvægi ríkti í þjóðarbúskapnum.

Tekið er fram að breytingar á forsendum um þróun verðbólgu og vaxta geti haft mikil áhrif á niðurstöðuna.

- hhs



## Aukinn hagnaður hjá IBM

Bandaríski vél- og hugbúnaðarísinn IBM skilaði 2,22 milljarða dala hagnaði á þriðja fjórðungi ársins. Þetta svarar til 152 milljarða íslenskra króna og er talsvert yfir væntingum greiningaraðila á Wall Street enda liðlega 48 milljörðum krónum meiri hagnaður en fyrir ári.

Hagnaðurinn nemur 1,45 dölum á hlut en á sama tíma í fyrra nam hann 94 sentum á hlut. Helsta ástæðan fyrir auknum hagnaði á milli ára er sú að í fyrra þurfti IBM að greiða 525 milljónir dala, um 36 milljarða krónur, í skatt vegna tekna utan Bandaríkjanna. - job



ENGLANDSBANKI Tveir meðlimir peningamálanefndar Englandsbanka studdu hækkun stýrivaxta í Bretlandi fyrr í mánuðinum.

## Líkur á hækkun stýrivaxta

Miklar líkur eru sagðar á hækkun stýrivaxta í Bretlandi í nóvember. Þegar Englandsbanki ákvað að halda stýrivöxtum óbreyttum fyrr í mánuðinum í 4,75 prósentum voru sjö meðlimir peningamálanefndar bankans fylgjandi óbreyttum vöxtum en tveir á móti.

Þeir sem voru á móti óbreyttum vöxtum studdu 25 punkta hækkun og sögðu að ef stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum þyrfti að hækka þá meira síðar.


Líkur er því taldar á 25 punkta hækkun hið minnsta í næsta mánuði. Verði það raunin fara stýrivextir í 5 prósent í Bretlandi. - job

## Glitnir leiðréttir gagnsæið

Greiningardeild Glitnis sagði frá því á þriðjudag að bankinn hefði ákveðið að flytja þá hluti sem keyptir hefðu verið til að verja bankann fyrir áhættu tengdri framvirkum viðskiptum undir auðkenninu GLB Hedge.

Fram kom að Glitnir fylgdi með þessum gjörningi í kjölfar Landsbankans sem tilkynnti um stofnun LI-Hedge í sama tilgangi í ágúst.

Hins vegar var ranglega sagt frá því að Kaupþing hefði ekki gert hið sama og biðst deildin velvirðingar á mistökunum. Kaupþing hefur um árabíl fært sambærileg viðskipti undir auðkenni Arion, verðbréfavörslufyrirtækis í eigu bankans. - job



**NÝTT**

ENNEEM / SIA / NM24054

## Gegndrepa

Hver verður gegndrepinn í kvöld? Barist verður til síðasta manns og fær sigurvegurinn hálf milljón króna í verðlaun.

Fylgstu með á **SKJÁEINUM** í kvöld kl. 20.35.

SKJÁEINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland



ENNEEM / SIA / NM24054

HALTU ÞÍNU STRIKI MEÐ KB TEKJUVERND



Veldu naut á diskinn þinn!



Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTA-HAMBORGARI

**129** kr. stk.



Úr Kjötborði Nóatúns

MÆLIR MEÐ

Sparaðu **400** kr.

UNGNAUSTRIMLAR TEX MEX

**1.798** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Sparaðu **400** kr.

UNGNAUTAGÚLLAS ÚR KJÖTBORÐI

**1.598** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

MÆLIR MEÐ

FYLLTAR GRÍSAKÓTELETTUR MEÐ SKINKU OG RISOTTA

**1.698** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

**43%** afsláttur

KEA LONDONLAMB BEINT Í OFNINN

**999** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

**Þú sparar 1.200** kr. kg

UNGNAUTA RIB-EYE ÚR KJÖTBORÐI

**2.498** kr. kg



Goða malakoff

**35%** afsláttur



CACA COLA LIGHT

**129** kr. 2 l



MAARUD SNAKK 175 G

**179** kr. pk.



CHEERIOS MORGUNKORN

**349** kr. pk.

NÓATÚN



# Nautakjöts- útsala!

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**  
í 40 ár

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Sparaðu  
**600 kr.**

UNGNAUTAHAKK  
ÚR KJÖTBORÐI  
**798** kr. kg



Létt kotasæla



Verði ykkur að góðu!



Hvalveiðar í atvinnuskyni hefjast á ný:

## Eðlileg ákvörðun

**PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

**S**ú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að heimila hvalveiðar í atvinnuskyni markar vissulega nokkur tímamót. Ákvörðunin styðst við gild rök. En framhjá hinu verður ekki horft að hún getur reynst umdeild.

Þetta mál hefur verið lengi á dagskrá. Það er snúið um marga hluti. Þar hefur bæði komið til flókin þjóðréttarleg staða og heitar tilfinningar án skyldleika við vísindaleg rök um sjálfbærar veiðar.

Kjarni málsins er fölginn í þeirri staðreynd að vísindamenn hafa lengi mælt með ákveðnum takmörkuðum veiðum á einstökum hvalastofnum. Enginn vafi leikur því á að innan þeirra marka byggjast hvalveiðar á meginreglunni um sjálfbæra nýtingu.

Aukheldur hafa vísindamenn sýnt fram á að til lengri tíma er mikilvægt að jafnvægi sé í nýtingu helstu nytjastofna sjávar. Það er einfaldlega innra samhengi í lífríkinu sem ekki er unnt að líta framhjá. Rökinn fyrir því að hefja hvalveiðar að nýju byggja fyrst og fremst á þessum sjónarmiðum. Önnur efnahagsleg rök hafa ekki þýðingu.

Þjóðréttarlegar hindranir hafa hins vegar verið í vegi nýtingar á vísindalegum grundvelli. Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins hafa þau ríki haft undirtök sem virt hafa vísindaleg rök að vettugi. Þar hafa lönd eins og Bretland og Bandaríkinn verið í fararbroddi.

Þversögnin í afstöðu Bandaríkjanna hefur verið einstök. Þau hafa beitt áhrifum sínum til þess að hindra veiðar annarra þjóða á vísindalegum grundvelli. En á sama tíma hafa þau sjálf leyft veiðar án þess að uppfylla þau skilyrði.

Það voru mistök þegar Alþingi samþykkti með eins atkvæðis mun að mótmæla ekki hvalveiðibanninu á sínum tíma. Alþjóðahvalveiðiráðið hefur ekki um langan tíma fengist til þess að fjalla um verndun og nýtingu hvalastofna á grundvelli alþjóða hvalveiðisáttmálans. Í því ljósi var úrsögnin úr ráðinu eðlileg og nauðsynleg með þeim skýringum sem þá voru gefnar og opnun á inngöngu að nýju með fyrirvara gagnvart banni við veiðum.

Á daginn kom að innganga með slíkum fyrirvara var eina leiðin til þess að koma okkur í sömu þjóðréttarlegu stöðu og Norðmenn hafa haft. Það skref var því afar mikilvægt og var farsælega ráðið. Fyrir þá sök er þjóðréttarleg staða okkar nú óumdeild.

Tilfinningaleg afstaða einstaklinga, samtaka og ríkisstjórna er á hinn bóginn staðreynd sem taka verður alvarlega. Reynsla Norðmanna er að vísu sú að hvalveiðar síðustu ára hafa ekki haft nein skaðleg áhrif. Við verðum hins vegar að reikna með því að andstæðingar hvalveiða séu upplitsdjarfari þegar minni þjóð á í hlut.

Andstaðan við hvalveiðar er þess konar að óráðlegt er að taka áhættu í því efni nema fullgildar ástæður standi til þess. Þó að máli skipti að sýna í verki fullveldisrétt okkar eru það ekki rök sem ein og sér duga til þess að taka ákvörðun eins og þá sem nú hefur verið tekin.

Það eru skýr vísindaleg rök fyrir jafnvægi í lífríki sjávar sem hér eru í húfi. Að þeim rökum virtum var það eðlileg ákvörðun og í samræmi við stefnuvörkun Alþingis að stíga þetta skref.

Rétt er að Alþjóðahvalveiðiráðið taki nú til endurskoðunar innra starf sitt. Í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað er í raun mikilvægt að ráðið taki virka forystu um raunverulega verndun og stjórn á nýtingu hvalastofna. Það er einfaldlega betri kostur en að láta veiðar þróast án alþjóðlegrar stjórnunar.

Íslensk stjórnvöld eiga sem fyrr að vera reiðubúin til virkrar þátttöku í slíku starfi.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Einn, tveir og tíu

Eftir margra ára umræðu í borgarstjórn, um fjármál borgarinnar, sem engan endi ætlar að taka mætti halda að það taki langan tíma að ná til botns í málum borgarinnar. Önnur málefni eru þó skjótrædd á fundum borgarstjórnar eins og sannaðist á síðasta fundi. Þar þurfti að samþykka breytingu á fulltrúum Framsóknarflokks í menntaráði og leikskólaráði, sem víxluðu sætum. Sú sem sat í menntaráði er námsráðgjafi í grunnskóla, en sú sem sat í leikskólaráði er leikskólalærari í borginni. Leikskólalærari stjórnaði því ekki aðeins sínum skóla, heldur sat í ráði sem stjórnaði öllum leikskólum í höfuðborginni, bæði faglega og fjárhagslega, en slíkt þykir ekki við hæfi.

#### Burt með manninn!

Hann var ómyrkur í máli, Kristján Loftsson útgærðarmaður Hvals hf., í kvöldfréttum Sjónvarps í fyrradag. Þar kallaði hann sendiherra Bretlands á Íslandi dóna og vildi að íslensk stjórnvöld myndu reka manninn úr landi. Þeir sem ekki eru jafn heitir í hvalveiðimálum voru væntanlega ekki alveg með á nótunum hvað breski sendiherrinn hafði gert til að móðga þjóðina svo, þar sem hann hafði í fyrir í fréttatímanum mótmælt hvalveiðunum á mjög svo kurteisari máta, líkt og Bretum er einum lagið.

#### Polum minniháttar og meiriháttar stríð

Aldrei hefur til þess komið að erlendum sendiherra hafi verið vísað héðan úr landi. Tveir sendiráðsstarfsmenn Sovétríkjanna voru sendir heim á 7. áratugnum, en engir sendiherrar. Íslendingar sáu ekki ástæðu til að senda þýska ræðismanninn heim í heimsstyrjöldinni síðari og eftirlétu Bretum að handtaka hann. Í þorskastríðnum var heldur ekki neinn sendur heim, en breska ríkisstjórnin fann það upp hjá sjálfri sér að kalla sendiherrann heim tímabundið. En nú virðist Kristján líta svo á að hvalastríðið sé skolið á sem sé all varlega en hin fyrrnefndu stríð.

svanborg@frettabladid.is

## Flokkspólitískt réttarfar?

**E**g las nýlega í erlendu riti um Íslendinga, að engin þjóð í heimi mundi vera svo grandvör og löghlyðin. Fangelsin stæði tóm og hegningardómarnir væri óvenjulega fáir í hlutfalli við mannfjölda. Þá datt mér í hug samtali, sem eg átti í fyrra við einn af helstu lögfræðingum vorum. Hann var að segja mér frá meðferð einnar íslenskrar peningastofnunar, sem nýlega var komin í fjárþróng. Sögurnar voru svo hroðalegar, að hárin risu á höfði mér. „En er þetta ekki hegningarvert?“ spurði eg. „Það mundi það vera alls staðar nema á Íslandi,“ svaraði hann rólega.



**PORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Kærleikur eða kæruleysi

En er það ekki svo, að hér sé framinn grúi lagabrota, sem eru á almanna vitorði, en enginn hróflar við? Er ekki spillingin í þjóðfélagi voru orðin almennt umtalsfærni, án þess að rönd verði við henni reist? Almenningsálitið er magnlaust, af því að lífsskoðun almennings stefnir öll að vorkunnsemi. Yfir allt er breidd blæja, þar sem kærleikur kann að vera uppistáðan, en kæruleysi er áreiðanlega ívafði.“

Orðin hér að framan eru tekin úr ritgerð, sem Sigurður Nordal prófessor birti í *Skírni* 1925. Síðan eru líðin rök átíttu ár, en orð Sigurðar eiga samt enn vel við. Af ýmsu er að taka. *Morgunblaðið* birti 14. október sl. grein eftir Sverri Hermannsson, fyrrverandi Landsbankastjóra Sjálfstæðisflokksins, undir yfirskriftinni „Bankaræningjar“. Grein Sverris fjallar um fyrrverandi framkvæmdastjóra sama flokks og fáeina félag hans, sem byrjuðu með tvær hendur tómar. Sverrir hafði tíu dögum fyrr birt aðra grein um sömu menn í sama blaði og sagt þar: „Þegar öll kurl hafa komið til grafar er spurningin ekki sú hvort hinir ábyrgu

verði dæmdir í rasphús heldur hversu langa tukthúsvist.“ Ætla mætti, að ríkislögreglustjóra eða ríkissaksóknara þætti vert að kanna, hvað hæft er í þessum á söknum bankastjórans fyrrverandi, enda var hann árum saman náinn samverkamaður þeirra manna, sem hann ber nú svo þungum sökum, og er öllum hnútum kunnugur innan flokks sem utan. En ríkislögreglustjórinn hreyfir hvorki legg né líð, ekki frekar en hann gerði til dæmis þegar sitjandi forsætisráðherra sakaði formann einkavæðingarnefndar til tíu ára um að hafa haft milligöngu um tilraun til að bera á sig 300 milljón króna mútur. Hvorki forsætisráðherra né formaður einkavæðingarnefndar sá ástæðu til að krefjast rannsóknar mútumálsins og ekki heldur stjórnarandstaðan að Frjálslynda flokknum frátöldum. Lögreglan lyfti ekki litla fingri. Hvers vegna ekki?

Stjórnmalaflokkarnir misnotuðu allir aðstöðu sína í ríkisbönkunum, það segir sig sjálft. Þeir skiptu bankastjórastólunum broðurlega á milli sín og áttu allir fulltrúa í bankaráðum. Áratugum saman heyrðu aðalþókarar bankanna beint undir bankaráðin, svo að bankaráðsmenn höfðu

húsbóndavald yfir bókunum og gátu því fylgt með fjárreiðum einstakra viðskiptavina bankanna. Sjálfstæðismenn gátu fræðt um framsóknarfyrirtækin og öfugt, og Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið fengu að fljóta með. Það er ekki mjög langt síðan skipuritur bankanna var breytt á þann veg, að bókarar heyrðu beint undir bankastjóra, líkt og tíðkast í öðrum fyrirtækjum. Þessi gagnkvæma huguleysi – allir með! – er nærtækasta skýringin á því, hvers vegna ýms vafasöm mál í bönkunum voru ekki rannsökuð, heldur þöggvað niður. *Bankabókin* (1994) eftir Örnólf Árnason vakti ekki mikla athygli, þótt hún fengi hárin til að rísa á höfðum grunlausra lesenda. *Morgunblaðið* birti ólúndarlega umsögn um bókina eftir Björn Bjarnason, nú dómsmálaráðherra.

Ríkissaksóknari hefur nú fyrirskipað rannsókn á meintum hlerunum. Hvað hefur gerzt? Hvaða slys hefur borið að höndum? Einn munurinn á hlerunarmálinu og bankamálunum er sá, að í hlerunarmálinu er huguleysi ekki gagnkvæm. **Einn flokkur liggur undir grun um að hafa hlerað aðra**, og þeir knýja á um opinbera rannsókn. Sama máli gegnir um einkavæðingu viðskiptabankanna. Þar skipuðust bankamál landsins í fyrsta skipti á þann veg, að ríkisstjórnarflokkarnir voru einir um hituna. Stjórnarandstaðan var ekki höfð með. Erindrekur stjórnarflokka sitja enn í einkabankaráðum eins og tíminn standi í stað. Stjórnarandstaðan mun væntanlega láta rannsaka einkavæðingu bankanna og annarra ríkisfyrirtækja, nái hún að mynda nýja ríkisstjórn eftir kosningar. Öðru verður varla trúað.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** | RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson | AÐSTODARRITSTJÓRNAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir | **FRÉTTASTJÓRNAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason | **FULLTRÚAR RITSTJÓRNAR:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. | ISSN 1670-3871

## Nám í Danmörku!

**Hefur þú iðnmennntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

*Odense Tekniske Skole* heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 19. október kl. 20.00 að Skipholti 70, 2. hæð. Þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamlgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varaðndi nám við skólann.



ODENSE TEKNISKE SKOLE

## Sagnfræðingur og stjórnuvitni

### UMRÆÐAN

Hleranir

**V**iðbrögð sumra stjórnmalamanna við þeim upplýsingum, að sími utanríkisráðherra hafi verið hleraður svo seint sem á árunum 1991-93, mega heita undarleg. Fyrstu viðbrögð voru þau, að fórnalamb ólöglegra og leynilegra hlerana var krafið um vitni. Vandinn er sá, að hér er um að ræða leynilega starfsemi, sem eðli málsins samkvæmt fer fram, þar sem vitnum verður ekki við komið. Annars vegar eru gerendur bundnir þagnareidum við yfirmenn, sem þeir eiga starfsframa sinn undir. Hins vegar hafa þeir gerst brotlegir við lög og eiga því yfir höfði sér málsókn. Við þessar aðstæður er borin von, að vitnin gefi sig fram. Vilji menn í alvöru upplýsa málið og fá öll gögn upp á borðið, verður að fara norsku leiðina: Að þingið samþykki lög um sakaruppgjöf og skipi þverpólitíska nefnd, sem hvetji menn til að stíga út úr skúmaskotum fortíðar.



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON**

Skrítnust eru þó viðbrögð Þórs Whitehead sagnfræðings. Hann hefur sem kunnugt er birt upplýsingar um leynilega starfrækslu leyniþjónustu sem var falin í íslenska stjórnkerfinu en hafði að markmiði að halda uppi njósnum (þ.m.t. hlerunum) um íslenska ríkisborgara áratugum saman. Þessar upplýsingar vekja upp réttmætar spurningar, þ.m.t. hvort þessari

leyniþjónustu sé lokið og þá hvenær henni hafi lokið? Fremur en að standa fyrir máli sínu og taka undir með þeim, sem krefjast þess að öll spil verði lögð á borðið, bregst sagnfræðingurinn við með því að benda á Steingrím Hermannsson og undirritaðan og reyna að telja lesendum sínum trú um að við höfum líka rekið leyniþjónustu.

Þetta mega heita undarleg samantvörfurfræði. Annars vegar eru upplýsingar um, að dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins hafi á sínum tíma beitt sér fyrir stofnun og starfrækslu leyniþjónustu innan íslenska stjórnkerfisins, sem starfaði áratugum saman. Hins vegar er íslenskur utanríkisráðherra, sem felur íslenskum embættismanni hjá NATO að kanna það, við fall Austur-Þýskalands 1989, hvort leyniþjónustan STASI hafi starfað á Íslandi eða haft íslenska ríkisborgara í þjónustu sinni. Af hverju var varafastafultrúa hjá NATO falið að fylgjast með þessu máli? Af því að forsætis- og utanríkisráðherrar Íslands vissu ekki að til væri íslensk leyniþjónusta, sem starfaði í nánú samstarfi við vestrþýska kollega.

Sem betur fer fékk sagan farsælan endi, því að upplýst var, að STASI hefði ekki starfað hér á landi, svo vitad væri, og engir íslenskir ríkisborgarar gengið í þjónustu þeirra. Er sama hægt að segja um leyniþjónustu Bandaríkjanna?

Höfundur var utanríkisráðherra Íslands 1988-95





**SÉR-  
TILBOÐ!  
30-50%  
AFSLÁTTUR!**

# BAÐ

INNRETTINGAR

Einnig fáanlegar  
með ekta

**GRANIT** eða  
**MARMARA** borðplötum




Black Galaxy



Imperial Brown



Blue Pearl



Black Absolute



East White



Mocca Crema



HVÍTUR FULNINGUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm



HVÍTTUÐ EIK stærðir frá 60 -120 sm



HLYNUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm



HNOTA á MDF stærðir frá 60 -120 sm



KIRSUBER fulningur stærðir frá 60 -120 sm



**Margir möguleikar á stærðum og útfærslum**

Um 50 innréttingar uppstilltar  
í sýningarsal okkar

- sjón er sögu ríkari

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



## Eru íslenskar byggðir í andarslitrunum?

### UMRÆÐAN

Viðbrögð við greinaflokkir Fréttablaðsins um byggðapróun. Seinni grein.

Í grein þessari, sem er sú seinni, gera undirritaðir nokkrar athugasemdir við málsmeðferð og túlkunir Sigríðar Daggar Auðunsdóttur blaðamanns, í röð fréttaskýringa sem birtist í Fréttablaðinu og grundvöllur er á líkani sem sett hefur verið fram af Frank J. Popper og Deborah konu hans. Þar er gefið út dánarvottorð á obba landsbyggðar á Íslandi. Í fyrri greininni var fjallað um takmarkanir líkansins á íslenskar aðstæður. Í þessum seinni hluta verður bent á þætti sem horft hefur verið til í nýlegum rannsóknum á vexti og viðgengi byggðarlaga og velta má fyrir sér hvort hefðu ekki átt að taka með í reikninginn, sérstaklega þegar kveða á svo fast að orði um framtíð fjölda sveitarfélaga og landsvæða. Við byrjum á að fjalla um nálægð við sterka byggðarkjarna, dulda búsetu og væntingar heimamanna og annarra um starfsemi á svæðinu og ljúkum síðan á að rekja marga aðra þætti sem komið hefur í ljós að geti skipt máli.

Nálægð við sterkan byggðarkjarna. Stærðarhagkvæmni þéttbýlis er talin hafa mikið um framtíð þess og nágrannasveitarfélaga að segja. Vöxturinn á Suðurlandi, sunnanverðu Vesturlandi og á Suðurnesjum væri sennilega lítil og enginn ef ekki væri fyrir nálægð við höfuðborgarsvæðið. Akureyri hefur svipuð áhrif á nágrenni sitt og því ótrúlegt að sjá nágrannahreppa bæjarins dæmda til dauða í fyrrnefndri greiningu, m.a. fyrir meint strjálbýli sem litla sem enga þýðingu hefur.

Dulin búseta. Ekki er tekið tillit til dulinnar búsetu eða annarrar búsetu eins og fjarbúðar og tvöfaldrar búsetu, enda erfitt að henda reiður á slíkum staðreyndum í opinberum staðtölum. Það færast í vöxt að almenningur velji sér annað heimili í öðru sveitarfélagi en getur lagalega séð ekki verið skráð á tveimur stöðum. Vaxandi fristunda-

húsaeign bæði í sumarbústaðalöndum, til sveita eða í bæjum og þorpum utan höfuðborgarsvæðisins er til vitnis um það. Af slíkri búsetu er um veruleg margfeldisáhrif að ræða, bæði efnahagsleg og félagsleg. Þetta á auðvitað helst við þau svæði sem eru nálægð höfuðborgarsvæðinu.

Væntingar íbúanna. Í nýlegum rannsóknum hefur komið í ljós að væntingar fólks um framtíð byggðarlaga hafa mjög mikið með vöxt þeirra og viðgengi að gera. Jákvæðar væntingar eru frumforsenda fjárfestinga og fjárfestingar eru undirrot hagvaxtar. Í sumum rannsóknum benda niðurstöður til þess að væntingar hafi meiri áhrif heldur en laun. Lönd og landsvæði hafa búið við stöðnun og jafnvel hnignun í ár og áratugi vegna neikvæðra væntinga. Þá hefur þurft „stóran atburð“ til að byggja upp jákvæðar væntingar og koma þar með hjólm efnahagslífsins í gang aftur. Álver á Austurlandi er dæmi um „stóran atburð“ og er það álit all sumra fræðimanna að svæðið fari að dafna á ný eftir erfitt tímabil.

Til þess að undirstrika það hversu flókið samband um er að ræða þegar fólk flytur að eða frá byggðarlögum má nefna enn fleiri þætti sem hafa áhrif. Hér má nefna þætti sem tengjast umhverfinu eins og nálægð við fjölbreytta (villta) náttúru, fallett umhverfi, litla umferð (e. traffic congestion), róleg íbúðarhverfi. Fjarlægðir skipta máli. Þar má nefna nálægð heimilis, vinnustaðar, skóla, verslana og annarrar nauðsynlegrar þjónustu. Einnig er nálægð dreifbýlis við bæ eða borg mjög mikilvæg. Aðstæður á vinnumarkaði eru mikilvægar. Ásamt launum hafa atvinnuöryggi, fjölbreytni atvinnulífsins og atvinnuleysi einnig mikil áhrif. Þá hefur staða eignamarkaðar líka áhrif. Fullnægjandi framboð á húsnæði til kaupa, leigu, svo og verð þess eru einnig mikilvægir þættir



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON



VÍFILL KARLSSON

til viðbótar við eftirspurn þess. Óflugur vöru- og þjónustumarkaður skiptir miklu máli fyrir byggðarlög eins og kom m.a. í ljós í rannsókn Stefáns Ólafssonar. Þessa þætti er hvergi að finna í líkani Poppers og þykir undrun sæta. Þetta eru þættir eins og vöruverð, þjónustustig og gott vöruúrval. Að lokum hefur opinber þjónusta af ýmsum toga mikið að segja ásamt félagslegum þáttum. Glæpatíðni hefur t.a.m. spilt fyrir eðlilegri þróun borga svo eitthvað sé nefnt.

Að gefnu tilefni viljum því draga fram þessar athugasemdir í þessari grein og þeirri fyrri og benda á að um flókið samhengi er að ræða. Fræðimenn hafa verið að þróa flókinn spálíkon til þess að meta þessa hluti. Ýmis líkön hafa verið í notkun og flest þeirra taka tillit til tuga áhrifaþreita. Það nýjasta er jafnvægislíkan sem byggir á alveg nýrri kenningu um búferlaflutninga innanlands og leggur mikla áherslu á landfræðilega stærðarhagkvæmni og nálægð smærri byggðarlaga við þau stærri. Af þessum sökum er mikilvægt að kveða ekki fast að orði þegar menn vilja stilla upp dauðalista yfir heilu byggðarlögin. Það verður að teljast ábyrgðarluti að gefa slíkt út, án þess að meira liggi að baki en, að því er virðist yfirborðsleg notkun á kennitölum sem fyrir það fyrsta eru vafasöm samsetning og aukin heldur eiga í sumum tilfellum afar illa við íslenskan veruleika. Engu að síður viljum við að lokum taka vilja blaðamanns fyrir verkið. Með greinaflokki þessum hefur verið sýnd viðleitni til þess að kafa ofan í þjóðmál. Það út af fyrir sig er þakkarvert, ekki síst þegar olnbogabörn eins og byggðamál ber á góma.

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

Vífill Karlsson, dósent í hagfræði við Háskólann á Bifröst.

## Hvar er tengingin?

### UMRÆÐAN

Fjarskipti

Kæri Sturla. Nú þegar Árið 2006 er senn á enda er ekki úr vegi að spyrja þig, ráðherra fjarskipta á Íslandi hvernig hátti með fjarskiptaþjónustu við landsmenn alla. Þú seldir fyrirtækið okkar, Símann, ekki alls



HELGA VALA HELGADÓTTIR

fyrir löngu án þess að hafa komið því í kring að grunnþjónusta yrði tryggð um allt land. Það er nú svo kæri Sturla að landsmenn allir greiða sinn hlut í samfélagssjóðinn og ættu því að sitja við sama bord þegar kemur að grunnþjónustu eins og háhraðatengingu og farsímasambandi, en svo er alls ekki. Nemendur grunnskóla á Snæfellsnesi, svo dæmi sé tekið, mega horfa út um gluggann í skólunum sínum, á ljósleiðarann sem liggur utan við girðinguna á skólalóðinni án þess að njóta þeirra gæða sem línan veitir. Þessir fimmtíu nemendur eiga, líkt og aðrir nemendur landsins, að afla sér heimilda fyrir verkefni sín, kennararnir eiga að vera vel uppfærðir í nýjustu útgáfum námsfarnis, auk þess að vera vel að sér í hinum ýmsu málum er snerta samfélög nær og fjær. En því miður þá fá þau ekki tenginguna inn fyrir húsið hjá sér og þaðan af síður inn á heimili sínu í sveitinni. Það þykir nefnilega ekki hagkvæmt. Einkaaðilarnir sem keyptu Símann sjá sér enga hagsmuni í því að leysa vanda þessara örfáu einstaklinga, og ekki sást þú þér hvar í því að leysa hann áður en þú seldir þessa mjólkurku okkar. Beðið er eftir Fjarskiptaþjónunum sem á að leysa þessi verkefni, en hvenær kæri Sturla? Hvenær heldur þú að landsmenn allir fái að taka þátt í nútímasamfélaginu líkt og þú sjálfur í höfuðborginni okkar.

Ísland er ríkt land og hefur alla burði til að vera í fremstu röð er varðar menntun. OECD, efnahags- og framfarastofnunin, segir að við mat á samkeppnisstöðu þjóða sé megináherslan lögð á menntun og árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar. Við stærum okkur af því á góðum stundum hversu góð sam-

keppnisstaða okkar sé en það er eins og það hafi gleymst í tíð núverandi ríkisstjórnar að það dugir ekki einungis að mennta þá sem búa á suðvesturhorninu og útvöldum þéttbýlisstöðum. Komið hefur á daginn að í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur bilið milli íbúa höfuðborgar og landsbyggðar aukist. Mikill munur virðist vera á lengd menntunar hjá þessum hófum. Rúm 40% íbúa landsbyggðarinnar eru einungis með grunnskólapróf á meðan þessi hópur er rétt um 20% á höfuðborgarsvæðinu. Þessari þróun verður ekki snúið við nema með samstilltu átaki. Þetta verður því miður ekki gert nema með því að koma á háhraðatengingu um allt land og það án tafar.

Ef ekki verður brugðist við þessu fljótt má vænta þess að innan fárra ára verði hér stéttskipt þjóð, annars vegar mennta-fólkið á mölunni og hins vegar hið minna menntaða sem dreifist á smærri staði út um land, án grunnþjónustu, án tengsla við umheiminn. Þetta er á þína ábyrgð herra samgönguráðherra og hefur verið lengi. Nú er lag, ríkissjóður gildir sem aldrei fyrr að sögn forsætisráðherra og skattgreiðendur á landsbyggðinni orðnir þreyttir á annars flokks þjónustu frá ykkur við Austurvöll.

Höfundur er laganemi. Hún tekur þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi.

## Opið bréf til aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands

### UMRÆÐAN

Öryrkjabandalagið

Kæru fulltrúar á aðalfundi Öryrkjabandalags Íslands.

Að þessu sinni er aðalfundur bandalagsins haldinn við heldur sérkennilegar aðstæður.

1. Í ársbyrjun var framkvæmdastjóri bandalagsins rekinn úr starfi fyrirvaralaust. Eg kys að orða þetta með þessum hætti þrátt fyrir tilkynningu á heimasíðu Öryrkjabandalagsins frá 9. janúar síðastliðnum þar sem rætt er um uppsögn. Formaður orðaði þetta sem „brottrekstur“ í vitna viðurvist á fundi aðalstjórnar 18. maí síðastliðinn.
2. Formaður fer ekki að lögum bandalagsins.
3. Enn hefur ekki verið löglega ráðinn framkvæmdastjóri.
4. Formaður hótar meintum andstæðingum sínum í aðalstjórn stórmælum í fjölmiðlum.
5. Heimasíða Öryrkjabandalags Íslands er notuð til þess að breiða út óhróður um þá aðalstjórnarmenn sem eru formanni ekki þóknarlegir.
6. Mikilvæg stefnumál bandalagsins eru ekki kynnt aðalstjórn áður en þau eru kynnt í fjölmiðlum.
7. Öryrkjabandalagið ræðst að þeim gildum sem hingað til hafa verið virt af samtökum fatlaðra um allan heim í viðleitni til réttlátara samfélags.
8. Meirihluti aðalstjórnar Öryrkjabandalagsins hefur ekki haft einurð í sér til að koma í veg fyrir þessa óhæfu formannsins.



ARNÞÓR HELGASON

Á heimasíðu Öryrkjabandalags Íslands er yfirlýsing frá 25. júlí þar sem framkvæmdastjóri lýsir stuðningi við formann. Jafnframt eru hafðar uppi dylgjur um þrjá einstaklinga sem hafi skaðað orðstír bandalagsins með málfutningi sínum.

Eg skora á fulltrúa á aðalfundi bandalagsins að beita sér fyrir því að samþykkt verði tillaga um að fjarlægja þessa tilkynningu af heimasíðunni. Að öðrum kosti fái þessir þrjú einstaklingar að koma að athugasemdum sínum.

Þá legg ég eindregið til að samþykktar verði síðareglur um heimasíðu Öryrkjabandalagsins til þess að fyrirbyggja að forysta þess geti nýtt sér hana til þess að breiða út ósannindi um andstæðinga sína.

Orðstír Öryrkjabandalags Íslands hefur beðið mikinn hnekkir að undanförmu vegna þeirrar umræðu sem sprottið hefur af athöfnum formanns bandalagsins, formanns sem fer ekki að lögum þess og heitast við fulltrúa í aðalstjórn í fjölmiðlum, formanns sem virðir að vettugi þær leikreglur sem bandalagið hefur undirgengist með aðild sinni að alþjóðasamtökum fatlaðra.

Afstæða ykkar og aðgerðir á þessum aðalfundi geta ráðið úrslitum um framtíð samtakanna og traust almennings á þeim. Samtök sem berjast fyrir bættum hag fatlaðra beita aldrei ofbeldi.

Höfundur er fyrrum formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Greinin birtist í heild sinni á visir.is

## Evra eða króna - sjónhverfingar stjórnarflokkanna

### UMRÆÐAN

Uptaka evru

Á síðastliðnum misserum hefur verið talsverð umræða um hvort rétt sé að taka upp evru í stað krónu.

Sú umræða varð kröftug þegar verðgildi íslensku krónunnar hríðféll snemma á vormánuðum. Heyra mátti þá skoðun hjá ráðherrum Framsóknarflokksins sem báru ábyrgð á stöðu efnahagsmála að dýfan sem krónan tók væri til marks um nauðsyn þess að taka upp evru í stað krónu. Málfutningur framsóknarmanna minnti um margt á illa ræðarann sem kennir árinu. Auðvitað er sú staða sem við blasir í efnahagsmálum þjóðarinnar, s.s. há verðbólga, háir vextir og viðskiptahall, ekki krónunni að kenna heldur slakri efnahagsstjórn.

Almenningur geldur fyrir slaka efnahagsstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks með hæstu vöxtum í Evrópu sem þar að auki eru verðtryggðir. Háir vextir halda síðan uppi yfirverði á íslensku krónunni.

Einstaka stjórnmalamaður hefur boðað að við upptöku evrunnar væri hægt að bjóða lán sem væru margfalt hagstæðari en þau sem eru í boði nú.

Staðreyndin er þó sú að Ísland er langt frá því að geta uppfyllt skilyrði fyrir upptöku evrunnar.

### Uptaka evru er skilyrt

Í fyrsta lagi er Ísland ekki í Evrópusambandinu en þó svo að Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu væri björninn ekki unninn. Aðrar kröfur sem settar eru fyrir upptöku evru eru þær að verðbólga sé ekki 1,5% hærrí en í þeim þrem löndum Evrópusambandsins þar sem verðlag er hvað stöðugast og að vextir séu ekki 2% hærrí en í fyrrgreindum löndum.

Íslendingar eru langt frá því að uppfylla þessi skilyrði þar sem vextir hér eru þeir hæstu í Evrópu og verðbólga er enn nálægð 8% en þyrfti að vera í kringum 2,6%.



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Við í Frjálslynda flokknum höfum, ásamt málsmetandi hagfræðingum, metið hvaða afleiðingar það hefði fyrir efnahagslíf á Íslandi ef hægt væri að yta öllum lagalegum og tæknilegum hindrunum til hliðar og taka upp evru.

### Skilyrði

Í fyrsta lagi þá þyrfti að ákveða verðgildi krónunnar. Það skiptir gríðarlega miklu máli, en ef tekni væri sú afstaða að skiptin færu fram á verðgildi krónunnar á mörkuðum nú væri verið að festa í sessi það yfir-

verð sem er á íslensku krónunni um leið og vextir væru færðir niður um að minnsta kosti 11% í samþærliga vexti og á evrusvæðinu í einu veffangi.

Hætt er við að slíkar sviptingar verði mikill elds-matur fyrir verðbólgunu. Til lengri tíma lituð er hætt við að yfirverð í gengisskráningu í krónum í skiptum fyrir evru verði einungis leiðrétt með sársaukafullum afleiðingum, t.d. samdrætti og kjaraskerðingu.

Hinn kosturinn væri að verðfella krónuna í þeim (vöru)skiptum sem færu fram á evrum og krónum en hætt er við að staða íslensku bankanna yrði erfið þar sem þeir hafa verið stórtækir á erlendum lánamarkaði og við gengisfellingu krónunnar myndi staða þeirra versna verulega.

Einnig má gera ráð fyrir að tekjur bankanna myndu skerðast verulega þar sem meiri samkeppni yrði á lánamarkaði og þeir hefðu ekki sjálfvirkar tekjur af gjaldeyrisviðskiptum og endurlánum af erlendu lánsfé.

Það er mikil draumsýn að ætla að við það eitt að taka upp evru hverfi allur vandi sem blasir við í hagstjórninni, hverfi eins og dögð fyrir sólu. Til þess að hægt sé að hugleidda að taka upp evru þá er forsendan sú að takast á við það ójafnvægi sem ríkir í þjóðarþúskapnum. Eigum við ekki að reyna að taka hlutina í réttari röð?

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.



## KULDABOLA GEFIÐ LANGT NEF

Mikið úrval er til af húfum, vettlingum og treflum.

TÍSKA 4



## NÝ HEIMKYNNI NÓRU

Franskt búðarborð fjölskyldunnar í Bankastræti.

HEIMILI 10



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

Fátt er betra til að koma líkamnum aftur í form eftir meðgöngu en sambland af sundi, gönguferðum og Rope Yoga eða Pilates. Þessar æfingar snúast mikið um kvið og kviðvöðva, en á sama tíma styrkist bakið. Sund og gönguferðir sjá til þess að allir vöðvar líkamans fái sitt svo ekki sé minnst á hugarróna sem fylgir því að taka göngutúr.

Oft var þörf en nú er nauðsyn. Er ekki kominn tími á að setja mottu við útidyrnar? Mottur fást nú á góðu verði í Rekstrarvörum og svo er úrvalið í Ikea alltaf ágætt líka.

Skikkjur eru málið um þessar mundir, ekki bara fyrir aðdáendur Hringadróttinsögu heldur líka fyrir dömur.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 19. október, 292. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 8.29	13.13	17.55
Akureyri 8.20	12.57	17.34

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hilda Cortez ætlaði sér ekki að kaupa nein fót þegar hún var ólétt á markaði í London, en peysuna góðu fékk hún ekki staðist.

## Eltist ekki við tískuna

Fann kvenlega peysu í mjúkum litum á markaði í London.

Hilda Cortez er núverandi ritstjóri Orðlaus. Hún segist lengi hafa haft áhuga á tísku en tekur þó fram að henni finnst ekki smart að vera í tískufatnaði frá toppi til tótt. Hún á sér margar uppáhaldsflukur og er perlupeysan meðal þeirra.

„Ég fékk þessa peysu á markaði í London fyrir sex til sjö árum síðan. Var á röltinu með manninum mínum og sá hana þarna innan um einhverjar aðrar peysur,“ segir Hilda sem var barnshafandi í þessari ferð. „Ég var komin sex eða sjö mánuði á leið þannig að það stóð alls ekki til að kaupa nein fót, svo ég skoðaði hana bara eitthvað og hélt svo áfram að rölta um. En ég gat ekki hætt að hugsa um peysuna svo við gengum til baka. Það reyndist frekar erfitt að finna hana aftur og það fór svona hálfur dagur í þetta, en svo fannst hún á endanum.“

Peysan er í ljósum, sígildum litum, með mohair á púffermunum og í hana eru saumaðar litlar perlur. Hilda segist almennt ekki mikið vera fyrir púffermastílinn. „Ég er eiginlega komin með hálfgerða leið á honum, en þessi peysa gengur samt alltaf. Enda eru þetta ekkert of miklar púffermar. Það er bara svo gaman þegar maður dettur niður á eitthvað notað, sem er vel með farið og gengur við allt. Maður getur dressað sig bæði upp og niður með þessari peysu,“ segir Hilda og bætir því við að yfirleitt leggji hún sig ekki fram um að eltast við tískuna: „Frekar nýti ég það sem ég á fyrir og blanda því svo saman við það sem er móðins, en fyrst og fremst reyni ég að ganga í því sem mér sjálfri finnst flott og fer mér vel.“

margret.hugrun@frettabladid.is

## Ný útisundlaug Heilsustofnunar NLFÍ

LAUGARDAGINN 21. OKTÓBER VERÐUR NÝ 25 METRA ÚTISUNDLAUG, ÁSAMT SÉRHÖNNUÐUM NUDDPOTTUM, TEKIN Í NOTKUN Á HEILSUSTOFNUN NLFÍ Í HVERAGERÐI.

Með þessari aðstöðu er sund- og baðaðstaða Heilsustofnunar NLFÍ ein sú stærsta og fullkonnasta sem fyrirliggur hjá fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum hér á landi, segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Á laugardaginn lýkur þar með fjögurra ára byggingarferli við baðhús stofnunarinnar. Haustið 2003 var innilaugin sem er sérhönnuð endurhæfingarlaug tekin í notkun ásamt aðstöðu fyrir leir meðferðir. Þá var ný herbergjaálma tekin í notkun vorið 2004. Á síðastliðnum árum hafa því bæst um 2000 fermetrar við húsakynni HNLFI.

Baðhúsi HNLFI tilheyrja því nú 25 metra útilaug, 15 metra innilaug, þrjú heitir pottar með nuddi, víxlböð, strekklaug, blautgufa og þurrugufa.

Formleg dagskrá hefst klukkan 10 í matsal HNLFI. Húsakynni verða síðan opin almenningi fram til klukkan 13 og eru allir velkomnir.



Hin nýja útilaug sem er lokapunktur á uppbyggingu baðhúss HNLFI.

19.-22. október  
þrjú sófadagar  
15-25% afsláttur



greiðslukjör við allra hæfi

nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

full búð af  
fallegum sófum



mubla





HLÝJAR  
Í VETUR

HÚFUR  
SEM  
HLÆJA

Skólavörðustíg 18

Vorum að taka upp  
nýjar vetrarvörur



DU PAREILI... au mème

Sendum einnig í póströfu!!!

Laugavegur 17 og Kringlunni  
Sími 552-6744 og 588-6750



Hönnuðirnir Björg Ingadóttir og Vala Torfadóttir hafa rekið verslunina Spaksmannsspjarir síðan árið 1993.

## Spaksmannsspjarir fá andlitslyftingu

Ný ljós, nýtt rafmagn og nýjar flíkur.

Verslunin Spaksmannsspjarir var fyrst opnuð árið 1993, þá í litlu húsnæði við Skólavörðustíg en í dag stendur hún við Bankastræti 11 og hefur gert það síðan 2001. Á síðustu vikum hafa eigendur verslunarinnar staðið í því að breyta búðinni töluvert og í dag njóta flíkurnar sín þar inni líkt og prinsessur á skínandi dansgólfi. Laugardaginn síðasta var svo slegið upp lítilli veislu í tilefni breytinganna og þangað komu helstu viðskiptavinir, vinir og vandamenn.



Harpa Guðmundsdóttir, Kristín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Kristinsdóttir og Kristín Jónsdóttir voru kátar í Spaksmannsspjörum.



Kampavín, kaffi, ólífur og ostar voru meðal þess sem var á boðstólum þegar Spaksmannsspjarir opnuðu dyrnar og sýndu nýjar innréttingar.



Smart pils með klemmum og rennilásnum og rómantísk blússa.



Grátt verður áberandi litur í hönnun Spaksmannsspjara í vetur.



Vesti hafa verið vinsæl undanfarið og eiga eflaust eftir að verða enn vinsælli þegar líða tekur á veturinn.

Hettutrefillinn er ótrúlega smart. Gamaldags, rómantískur og á sama tíma praktískur þar sem hann hentar bæði við hversdagsleg og sparileg tilefni. Krossinn er framleiddur af Spaksmannsspjörum.

Jarðlitirnir hér í fyrirúmi, grænt og brúnt. Takið eftir leggingsbuxunum, en í Spaksmannsspjörum verður gott úrval af þröngum buxum í vetur.

Drapplitað, brúnt og svart – sígildir litir. Takið eftir því hvernig jakkinn hneppist saman.

# Lokaútkall

Lagersölunni lýkur á sunnudag

3 fyrir 2

(ódyrasta parið frítt)

Aðeins 4 verð:

500, 1500,

3000 og 5000

Flatahraun 5a, Hafnarfirði

(á mótí lðnskólanum)

Opið: 13-18 fimmtud. – föstud.

og 13-17 laugard. – sunnud.

s. 555 4420

EURO SKO



# Stællegir sokkar

Sokkar geta undirstrikað persónuleikann.

Hnésokkar og sokkar yfirleitt, hafa venjulega ekki þótt mjög smart í tískusýningum. Einhverjum finnst þó alltaf sjarmerandi að poppa upp útlitið með sérstökum sokkum, oft á tíðum með skemmtilegum mynstrum og í alls kyns litum. Hnésokkar henta bæði konum og körlum, þá yfirleitt við stutt pils eða stuttbuxur. Hægt er að klæða sokkana upp og niður með því að vera annað hvort í sætum hælaskóm eða sportlegum striga-skóm. Sama hvað verður fyrir valinu þá verður heildarútlitið skemmtilega frábrugðið hinu hefðbundna.



Hnésokkar geta vel verið smart ef þeir eru í stíl við annan fatnað. Hér er fatnaður úr haustlínu Louis Verdad.

Það er vel hægt að vera töff í hnésokkum líkt og sést á þessari fyrirsætu sem sýnir fót úr vor- og sumarlínu Gaspards Yurkievich.

Létt, ljóst og sportlegt úr haustlínu Louis Verdad.

Frá tískusýningu á vor- og sumarlínu Gaspards Yurkievich í París.



Leikarinn Mike Myers fylgir ekki alltaf straumnum. Köflóttu hnésokkarnir fara þó vel við skoska þjóðbúninginn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Twiggy afturgengin feittum konum til skelfingar

Hver stórviðburðurinn rak annan á tiskuvikunni í París á dögunum þar sem að Janet Jackson og Victoria Beckham þræddu sýningarnar. Jean-Paul Gaultier hélt upp á þrjátíu ára hönnunarafmæli sitt og hann hefur svo sannarlega farið langan veg á 30 árum. Frá því að vera „l'enfant terrible de la mode“ í að fjöldaframleiða fatnað, hátísku og að vera listrænn stjórnandi hjá Hermès sem er eitt virtasta tiskuhús í Frakklandi. Kaupendur eru þar á biðlista í nokkur ár til að kaupa sumar gerðir handtaska. Gaultier hannar átta tiskulínur á ári, auðvitað með hópi aðstoðarfólks. Hann lét sig ekki muna um að hanna búninga Madonnu að auki fyrir tónleikaferð hennar á árinu sem aftur varð innblástur fyrir sumarlinuna 2007.

Á sama tíma átti annar hönnuður einnig þrjátíu ára hönnunarafmæli en fagnaði í staðinn því að vera loksins tekinn í hóp samtaka hönnuða. Þetta er Agnès B. sem hefur um árabil hannað í frjálslegum stíl sem hentar ungu og fágúðu fólki líkt og Bill Tornade og fleiri. Agnès B. gat á þessari tiskuviku í fyrsta skipti haldið tiskusýningu í hópi viðurkenndra hönnuða.

Fyrirsætur hafa alveg sérstakt göngulag þegar að þær henglast um sýningarpallinn. Það er reyndar alveg ótrúlegt hversu vel þeim gengur að fóta sig á tíu til tólf sentimetra háum skóm, sem eru oft hærri en þeir sem eru svo til sölu hjá tiskuhúsunum. Hjá Yves Saint Laurent var bókstaflega stórhættulegt að sýna. Sviðið var þakið fjölu-bláum gerviblómum sem auðveldlega hefði verið hægt að flækja hælunum í en allt fór þó vel fram. Á sýningu Vivienne Westwood var sviðið hins vegar autt og óskreytt. Skórnir voru svo háir, og hefðu líklega ekki verið samþykktir af byggingarverkfræðingi, að þeir höllu aftur á bak. Ein vesalings fyrirsætan datt líka aftur yfir sig, hún hélt þó andlitinu og stílti sér upp á sviðsendanum, sneri við og hélt til baka. Ekki vildi þá betur til en svo að hún steyptist fram fyrir sig. Því miður hefur þetta atriði verið klippt burt á netinu.

Annars eru nú fimm mánuðir þangað til sumartískan verður komin á götuna og aðeins eitt ráð sem hægt er að gefa konum til að undirbúa næsta sumar og það er megrun. Nánast hver einasti hönnuður býður upp á míní-síddir, enn styttri en í sumar og vetur. Undantekning er Gaultier sem er í öllum síddum og hjá Dior og YSL er þó nokkuð af síðkjólum. Hjá Chanel var hins vegar sagt eftir sýninguna að þar hefðu ekki sést neindir neðripartar, aðeins efrihlutar, stuttbuxurnar og pilsin sáust varla. Og hvaða litur haldið þið að verði í tisku? Hvítur! Er ekki eins og maður hafi heyrt þetta áður?

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

## Líkamssprey frá Chanel

OLÍA Í ÚÐAFORMI.

Chanel setti nýlega á markaðinn olíu í úðaformi sem hægt er að sprejja á líkamann hvenær sem húðin þarf á raka að halda. Olían er þurr þannig að hún smitast ekki í fót og þornar umsvifalaust. Hún ilmar sérlega vel, enda í sömu línu og ilmurinn góði sem ber sama nafn, eða Chance.



Chanel Chance olíu-spreyð gefur húðinni raka og góðan ilm.

## Tískusýning í ANAS

kl. 20.00 í kvöld  
fimmtudaginn 19. október

Danski hönnuðurinn  
Lisbeth Skov  
verður á staðnum

Komdu og upplifðu einstakt  
kvöld í ANAS

Léttar veitinga og óvæntir  
glæðningar



ANAS  
Fjörður • Hafnarfirði  
565 7100




### FRÁBÆRIR HEILSUSKÓR

Brigitte Ravel

hæsti gæðaflokkur



stærðir 36-41



stærðir 36-41

### BARNASKÓR -mikið úrval



STABI FOOT

hæsti gæðaflokkur



stærðir 18-26



stærðir 18-34



stærðir 18-34

www.xena.is



SPÖNGINNI S: 587 0740  
MJÓDDINN S: 557 1291  
GLÆSIBÆ S: 553 7060  
BORGARNESI S: 437 1240



Þær Nína Björk og Selma hafa staðið í ströngu við að undirbúa tiskusýningar, þar sem meðal annars má sjá það nýjasta frá Eggerti feldskera.

## Konan í Laugardalshöll

Framkonur meðal fyrirsætta á tiskusýningu um helgina.

Um næstu helgi verður stór viðburður í Laugardalshöll en þangað munu konur geta komið til að eiga góða stund saman og kynna sér margt af því sem konur hafa almennt áhuga á. Þær Nína Björk Gunnarsdóttir og Selma Ragnarsdóttir hafa undanfarið staðið í ströngu við undirbúning og skipulagningu tiskusýninga sem verða í höllinni.

Fyrirsæturnar á sýningunum eru flestar þekktar meðal almennings en meðal þeirra má nefna ungrú Ísland 2006, Dísu í World Class, Önnu Margréti Jónsdóttur, Guðrúnu Möller, Hugrúnu Harðardóttur, Kolfinnu Baldvinsdóttur, Ingu Lind fjölmiðlakonu og Elmu Lísu leikkonu. „Við völdum að nota áberandi flottar konur sem skera sig úr, hver á sinn hátt og eru jafnframt viðskiptavinir þeirra verslana og hönnuða sem taka þátt í tiskusýningunni,“ segir Selma Ragnarsdóttir. „Þetta setur skemmtilegan og lífligan brag á sýningarnar sem verða kl. 15 á laugardag og kl. 16 á sunnudag.“



**STÚLKUR & STÆLGÆJAR**  
BARNAFATAVERSLUN

RÝMUM FYRIR  
JÓLASENDINGUNNI  
15% AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM  
UNGLINGAFATNAÐI

STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3  
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

**Boots**  
Merkið tryggir gæðin!

**EASTERN**  
Austurlensk dekurлина fyrir vandláta.

Fáanlegt hjá:  
**BM HAGKAUP**  
Öllum betri apótekum landsins

Blend. Vettlingar  
2.990 kr. Trefill  
3.990 kr.

Blend. Griffur  
2.990 kr.



Accesso-  
rize. Húfa  
2.499 kr.

Blend. Vettling-  
ar 2.990 kr.

Fat Face. Trefill  
með vösum  
2.790 kr.

Oasis. Alpahúfa  
1.990 kr.

Blend. Húfa 2.990 kr.

## Hlýtt og nota- legt í vetur

Húfur, vettlingar og treflar eru ómissandi fylgihlutir yfir köldustu vetrarmánuðina.

Krúttlegt og litríkt er málið og í tískuvöruverslunum má finna fjöldann allan af húfum, treflum, vettlingum og grifflum í gláðlegum litum. Perlur og palliottur eru óspart notaðar sem skraut en tölur og blóm þykja líka mjög flott. Sums staðar má fá allt í stíl, sem getur verið smart en einnig er möguleiki að blanda öllu saman og skapa sinn eigin stíl. Mestu máli skiptir bara að láta sér örugglega ekki verða kalt en það er ekkert verra að líta vel út í leiðinni. - eó

Accesso-  
rize. Griffu-  
vettlingar 1.399 kr.

Blend.  
Vettlingar  
1.990 kr.

Fat Face. Húfa  
1.790 kr.  
Griffuvettlingar  
1.790 kr.



Oasis.  
Trefill  
2.990 kr.

Oasis. Trefill  
2.990 kr.

Noa Noa. Húfa  
2.990 kr. Vettling-  
ar 3.690 kr.

Noa Noa. Vettlingar 2.990  
kr. Trefill 4.390 kr.

Accesso-  
rize. Trefill 2.499 kr.

**belladonna**

Hlíðaraméra 11 • Köpsvogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Gegn framvísun þessa miða færð þú **25% afslátt** af buxum, bol eða peysu frá

**NO SECRET**

dagana 19-21 október

Opið mán-fös 11-18 laugardaga 11-15

**ALCO-GEL**  
Sóttþreinsandi handgel.  
Engin þörf fyrir sápu og vatn.



Fæst í apótekum um land allt.

**Dr. Fischer**



# Fyrsta Lego-verslunin

Fyrir skemmstu opnaði ný barna- og unglíngafataverslun, Gling-gló, í húsnæði Iðu við Lækjargötu.



Barnafötin frá Lego eru vönduð í alla staða, ofnæmisprófuð, úr teygjanlegum efnum og saumaskapur góður.

„Við sérhæfum okkur í fötum á börn og unglíng, frá vörumerkinu Lego,“ segir Bryndís Blöndal framkvæmdastjóri og annar eigenda Gling-gló. „Barnafötin eru ætluð börnum á aldrinum eins til tíu ára. Þau eru gríðarlega vönduð. Tölur og rennilásar eru ofnæmisprófaðir, velflest efni teygjanleg svo auðvelt er að klæða börnin í og úr og saumaskapur allur til fyrirmyndar. Til staðfestingar um það ganga fötin á milli barna án þess að láta á sjá.“

Unglíngafötin virðast ekki vera síðri ef marka má Bryndísi, en þau eru frá sama framleiðanda en undir öðru vörumerki sem kallast Grunt. „Það er sami gæðastaðall á þeim og barnafötunum,“ útskýrir hún. „Þau eru ætluð börnum alveg frá átta ára aldri og upp úr. Fötin eru gædd þeim kostum að vera einföld, endingargóð og flott útlits.“

Það reynir heldur betur á þolrif lettingjans Bucks þegar hann þarf að passa börn bróður síns og konu. Myndin vakti verulega athygli á Culkin, enda fær hann sérlega skemmtilegan texta til að móða úr. Þess má geta að þegar Candy og Culkin eiga í snörpum samræðum í eldhúsinu (einu frægasta atriði myndarinnar), hafði Candy fest texta Culkins á hatt sinn svo hann gæti farið nægilega hratt með hann.

### 3. Home Alone (1990).

Átta ára drengur, sem er fyrir gáleysi skilinn einn eftir heima á meðan fjölskyldan fer í jólafrí, verður að verja heimilið fyrir innbrotspjófum. Myndin gerði Culkin að mestu

barnastjörnu í heimi síðan Shirley Temple var upp á sitt besta. Gat af sér misgóðar framhaldsmyndir.

### 4. Saved (2004).

Þegar ung stúlka, sem gengur í baptistaskóla, verður barnshafandi snúast vinirnir gegn henni. Culkin sýnir að hann er ekki útbrunnin barnastjarna í hlutverki unglingsdrengrs í hjólastól, sem vingast við aðalsöguhetjuna. Vonandi hættir drengurinn bara við að hætta kvikmyndaileik.

### 5. The Good Son (1993).

Ungur drengur, sem dvelst hjá frændfólki sínu, kemst að því að sonurinn á heimilinu er kaldrifjaður morðingi. Culkin fékk misjafna dóma fyrir hlutverk illmennisins, kannski af því að það samrýmdist ekki stjörnumynd hans. Mótleikara hans, Elijah Wood, var hins vegar hrósað í hástert.



## VISSIR ÞÚ...

...að arnar-konan Jean Keen hefur alið um 300 skallaerni við heimili sitt í Alaska í yfir 20 ár. Eirirnir lifa að öllu öðru leyti villtir?

...að skallaernir geta synt eins konar flugsund með vængjum sínum?

...að kondórar geta flogið um 100 kílómetra á 50 kílómetra hraða án þess að blaka vængjum sínum?

...að kólibrifuglar eru einu fuglarnir sem geta flogið aftur á bak?

...að kólibrifuglar geta flogið í allar áttir en þeir geta hins vegar ekki gengið?

...að ef sumar tegundir kólibrifugla fá ekki að borða í tvo tíma þá deya fuglarnir úr hungri?

...að strútar geta tekið 7,5 metra löng skref á hlaupum?

...að strútar geta drepit ljón með einu sparki?

...að grafuglur herma eftir hljóði skröltorma til að reka burt óboðna gesti?

...að í miðri San Francisco borg lifir villtur fuglahópur sem telur 50 suður-ameríska páfugla?

...að í yfirgefni stálsmiðju í Bandaríkjunum fannst dúfnahreiður sem var eingöngu úr járn-, kopar- og álræmum?

...að albatrosar geta sofið á flugi á 50 kílómetra hraða?

...að til er ein tegund eitraðra fugla? Tegundin lifir í Nýju-Gíneu en eitrið er bæði á fjöðrum fuglanna og skinni.

...að goliát-bjöllur geta borið 250-falda eigin þyngd? Það er eins og að 80 kílóa maður bæri 20 tonn.

...að margar tegudir eyðimerkurmaura bera látta einstaklinga eigin tegundar í sérstaka grafreiti?

...að frjósamasta skordýr á jörðu gæti á einu ári, ef allar aðstæður eru eins góðar og mögulegt er, framleitt afkvæmi með sameiginlegan lífmassa upp á 120 milljón tonn? Það er rúmlega þrisvar sinnum þyngd alls mannkyns.

...að eins undarlega og það hljómar þá geta mörg skordýr heimskautanna þolað 60°C hita?

...að bolabítsmaurar fara í það hvern einasta dag?



## B Í L S K Ú R S H U R ð I R



Klemmivörn

Amarr bílskúrshurðir eru vandaðar, þéttar og öruggar. Þessar glæsilegu hurðir eru til á lager í nokkrum stærðum, með eða án glugga.

**Amarr**  
GARAGE DOORS

  
**Limtrevirnet**

ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR



# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

### **1 Austurhlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungna 2000-2012 í landi Austurhlíðar. Í breytingunni felst að um 8 ha svæði norðan Þjóðveggar og ofan við bæjartorfuna breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi fyrir fjórar frístundahúsalóðir er auglýst samhliða.

### **2 Laugarás í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Íbúðarsvæði**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2002-2012, þéttbýlið Laugarás. Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði umhverfis lóðfell breytist í íbúðarsvæði til að mæta vaxandi eftirspurn ef lóðum undir íbúðabyggð í Laugarási.

### **3 Hæðarendi í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Lyngholt, frístundabyggð.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Hæðarenda. Í breytingunni felst að um 10,5 ha svæði sem kallast Lyngholt og liggur sunnan Búrfellsveggar þar sem Búrfellslíkur 1 og 2 þvera veginn, breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

### **4 Kiðjberg, Langitangi, í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Króks í Grafningi. Í breytingunni felst að á um 230 ha svæði á norðurhluta jarðarinnar og austan núverandi frístundabyggðar austan Ölfusvatnsár breytist landnotkun úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi hluta svæðisins er auglýst samhliða.

### **5 Minniborg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Golfvöllur og þjónusta.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Minniborga á svæði sem nær upp að Biskupstungnabraut og Sólheimavegi. Í breytingunni felst að golfvöllur stækkar á kostnað landbúnaðarsvæðis auk þess sem gert er ráð fyrir tveim nýjum verslunar- og þjónustusvæðum og einu athafnasvæði í tengslum við uppbyggingu golfvallarins. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

### **6 Krókur í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2012. Í breytingunni felst að á 230 ha svæði úr landi Króks í Grafningi breytist landnotkun úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Svæðið er á norðurhluta jarðarinnar og austan núverandi frístundabyggðar austan Ölfusvatnsár. Á svæðinu er gert ráð fyrir um 200 frístundahúsum og 9 holu gofvelli. Tillaga að deiliskipulagi hluta svæðisins er auglýst samhliða.

### **7 Skarð, Sandlækur, Ólafsvellir, Mörk og Þjórsárholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á fimm svæðum. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Skarð I og II: Tvö svæði austan og norðaustan við bæinn Skarð II, sem samtals eru um 100 ha, breytast úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.
2. Sandlækur: Landnotkun á um 57,5 ha svæði norðan Þjóðveggar nr. 30 og austan Þjóðveggar nr. 31 verður blönduðu landnotkun frístundasvæðis og opins svæðis til sérstakra nota í stað landbúnaðarsvæðis.
3. Ólafsvellir: Vegna stofnunar lögbýlisins Hraunvellir á um 30 ha svæði úr landi Ólafsvalla austan Árhraunsveggar og norðan við lögbýlið Mörk, minnkar svæði fyrir frístundabyggð úr 72 ha í 66 ha. Tillaga að deiliskipulagi lögbýlisins er auglýst samhliða.
4. Kílhraun: Vegna stofnunar lögbýlisins Mörk á um 80 ha svæði úr landi Kílhrauns norðan Þjóðveggar nr. 30 og austan Árhraunsveggar, minnkar frístundabyggð úr 54 ha í 8 ha. Tillaga að deiliskipulagi lögbýlisins er auglýst samhliða.
5. Þjórsárholt: Um 17 ha svæði norðan við bæinn Þjórsárholt breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

### **8 Austurhlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Skotalda, frístundabyggð.**

Auglýst að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Austurhlíðar sem kallast Skotalda. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 4 frístundahúsalóðum sem allar eru rúmleg 0,45 ha að stærð á svæði rétt norðvestan við bæjartorfu Austurhlíðar. Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 30 m<sup>2</sup> gestahús. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

### **9 Höfði í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Íbúðarlóð.**

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóðar í landi Höfða í Biskupstungum. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir allt að 500 fm íbúðarhúsi og allt að 350 fm skemmu á um 5 ha lóð rétt suðvestan við bæjartorfu Höfða, með aðkomu frá Höfðavegi.

### **10 Hæðarendi í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð á Lyngholti.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda, á svæði sem kallast Lyngholt. Gert er ráð fyrir 15 um 0,5 ha lóðum á um 10,5 ha landsspildu sunnan Búrfellsveggar, þar sem Búrfellslíkur 1 og 2 þvera veginn. Heimilt verður að reisa um 150 m<sup>2</sup> frístundahús. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

### **11 Klausturhólar í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð í Kerhrauni.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Kerhrauni, svæði D, úr landi Klausturhóla. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 9 lóðum á bilinu 5.185 - 6.413 fm á tæplega 7 ha svæði í Kerhrauni, svæði D. Heimilt verður að reisa eitt frístundahús auk 25 m<sup>2</sup> geymslu/gestahús á hverri lóð. Nýtingarhlutfall lóða má að hámarki vera 0.03.

### **12 Minna Mosfell í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi í landi Minna Mosfells, svæði sunnan Þjóðveggar sem kallast Kvennagönguholar. Í tillögunni felst að á 22 ha svæði sunnan Biskupstungnabrautar, á mótis við nýlega samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Undirhlíðum, er gert ráð fyrir 20 frístundahúsalóðum á bilinu 6.300 m<sup>2</sup> 14.000 m<sup>2</sup> þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús. Mænishæð frá jörðu má vera allt að 6 m og þakhalli á bilinu 0-45 gráður.

### **13 Minniborg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Golfvöllur.**

Tillaga að deiliskipulagi golfvallar og frístundabyggðar í landi Minniborgar í Grímsnesi. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 18 holu golfvelli og æfingarsvæði á um 60 ha svæði sem liggur upp að Biskupstungnabraut og Sólheimavegi, á mótis við þéttbýlið á Borg. Auk golfvallar er gert ráð fyrir allt að 1000 m<sup>2</sup> golfskála, 1600 m<sup>2</sup> æfingaskýli/áhaldaðhúsi og 18 allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahúsum sem verða staðsett á tveimur svæðum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

### **14 Öndverðarnes í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshrepps. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarnes.

Tillagan nær yfir 155 ha svæði og 239 lóðir á bilinu 2.368 - 11.500 m<sup>2</sup>, þar af eru 198 þegar byggðar en 40 eru nýjar eða óbyggðar. Hámarksstærð frístundahúsa er 250 m<sup>2</sup> auk þess sem aukhús mega vera allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús. Nýtingarhlutfall lóða má þó ekki fara upp fyrir 0.03.

### **15 Krókur í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 110 nýjum frístundahúsalóðum á um 120 ha svæði á norðurhluta jarðarinnar, austan núverandi frístundabyggðar austan Ölfusvatnsár. Aðkoma að byggðinni er um Grafningsveg efrí, norðan Króksmýrar á mörkum Króks og Ölfusvatns. Hámarksstærð frístundahúsa er 250 m<sup>2</sup> auk þess sem reisa má allt að 25 m<sup>2</sup> geymslu eða gestahús. Nýtingarhlutfall lóða má þó ekki vera hærra en 0.03.

### **16 Mjóanes í Þingvallaveit, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Mjóaness í Þingvallaveit. Gert er ráð fyrir 20 frístundahúsalóðum á um 55,4 ha svæði meðfram bókum Þingvallavatns, þar af eru 18 þeirra um 3 ha að stærð, ein er um 1,2 ha og ein er 2.000 m<sup>2</sup>. Hámarks byggingarflötur á lóð er 200 m<sup>2</sup>, þar af allt að 30 m<sup>2</sup> aukahús, en nýtingarhlutfall má þó ekki fara upp fyrir 0.03.

### **17 Efra-Langholt í Hrunnamannahreppi. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efra-Langholts. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 3 frístundahúsalóðum sem allar eru tæplega 3 ha að stærð á svæði sem liggur upp að Þjóðvegi 341, Langholtsvegi, rétt vestan við Miðfell. Heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús á hverri lóð.

### **18 Garður í Hrunnamannahreppi. Hveramýri, frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Garðs sem kallast Hveramýri. Í tillögunni felst að á um 6 ha svæði um 500 m austan við bæinn Hvamm er gert ráð fyrir 7 lóðir þar sem heimilt verður að reisa allt að 180 m<sup>2</sup> frístundahús allt að tvær hæðir með 6 m mænishæð. Nýtingarhlutfall má þó ekki vera hærra en 0.03 á hverri lóð.

### **19 Kílhraun á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lögbýlið Mörk.**

Auglýst að nýju tillaga að deiliskipulagi lögbýlisins Mörk úr landi Kílhrauns. Skipulagssvæðið er 20 ha en alls er land lögbýlisins um 80 ha. Tillagan gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús og útihús með aðkomu frá Skeiðavegi. Ennfremur

er gert ráð fyrir þremur frístundalóðum við Árhraunsvegi. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

### **20 Ólafsvellir á Skeiðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lögbýlið Hraunvellir.**

Tillaga að deiliskipulagi lögbýlisins Hraunvellir úr landi Ólafsvalla. Skipulagssvæðið er 30 ha með aðkomu um Árhraunsveg frá Þjóðvegi nr. 30. Gert ráð fyrir að um 20 ha taki til uppbyggingar lögbýlisins og að 10 ha svæði verði fyrir frístundabyggð með fjórum um 1 ha lóðum. Á byggingarreit lögbýlis-svæðisins verður heimilt að reisa allt að 250 m<sup>2</sup> íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 200 m<sup>2</sup> skemmu og allt að 1.000 m<sup>2</sup> gróðurhús. Á frístundalóðunum verður heimilt að reisa 120 m<sup>2</sup> hús og 35 m<sup>2</sup> gestahús eða geymslu. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

### **21 Þjórsárholt í Gnúpverjahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þjórsárhólts í Gnúpverjahreppi. Í tillögunni felst að á 16,7 ha spildu úr Þjórsárholti, sem staðsett er norðan Þjórsárholt, austan heimreiðar að bænum, er gert ráð fyrir 5 frístundahúsalóðum þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús auk aukahúss og smáhýsis. Lóðirnar eru á bilinu 2,9 - 3,8 ha að stærð og fram kemur að vegna stærðar lóða er ekki gert ráð fyrir sameiginlegu leiksvæði. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.

**Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:**

### **22 Spóastaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sumarhúsabyggðar á Spóastöðum.

Í tillögunni felst að nýrst á deiliskipulagssvæðinu, á um 15 ha svæði sem nær upp að Klukkagili, er gert ráð fyrir 17 frístundahúsalóðum á bilinu 5.150 - 7.800 m<sup>2</sup> þar sem heimilt verður að reisa að hámarki allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús. Nýtingarhlutfall lóða má þá ekki vera hærra en 0.03. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir "orlofsbúðum" eða orlofshúsabyggð, þ.e. 17 húsum á tveimur lóðum.

### **23 Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð við Rjúpnabraut.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Úthlíð. Í breytingunni felst að tveimur lóðum er bætt við ofan við lóð 9 við Rjúpnabraut. Lóðirnar tvær, Rjúpnabraut 9a og 9b, eru báðar 5.000 m<sup>2</sup> að stærð og er kvöð um aðkomu að þeim um lóð nr. 9. Heimilt verður að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 20 m<sup>2</sup> gestahús/geymslu. Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki vera hærra en 0.03.

### **24 Úthlíð í Biskupstungum, Bláskógabyggð. Frístundabyggð og golfvöllur.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Úthlíð sem nær til þriggja eftirfarandi svæða.

- Gert er ráð fyrir 5 frístundahúsalóðum á bilinu 8.040 m<sup>2</sup> - 19.476 m<sup>2</sup> við Djáknahlíð sem liggur upp að landamörkum við Miðhús. Heimilt verður að reisa allt að 250 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 10 m<sup>2</sup> aukahús. Nýtingarhlutfall má þó ekki vera hærra en 0.03 á hverri lóð.
  - Gert er ráð fyrir 15 allt að 50 m<sup>2</sup> smáhýsum og 4 allt að 200 m<sup>2</sup> þjónustuhúsum á tjald- og ferðabjónustusvæði ofan Þjóðveggar.
  - Við austurhluta golfvallar, neðan Þjóðveggar, er gert ráð fyrir 5 allt að 50 m<sup>2</sup> smáhýsum og vestan við golfvöllin er gert ráð fyrir allt að 800 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði.
- Tillagan er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 sem hefur verið samþykkt af sveitarstjórn en á eftir að staðfesta af umhverfisráðherra.

### **25 Kiðjberg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð, Langitangi.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kiðjbergs.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir einni 5,4 ha frístundahúsalóð með tveimur byggingarreitum á svokölluðum Langatanga, neðan við golfbraut nr. 3. Lóðin liggur að Hvíta og landamerkjum Hestslands. Heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús og 25 fm aukahús á hvorum byggingarreit fyrir sig. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða.


**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 19. október til 16. nóvember 2006. Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu í síðasta lagi 30. nóvember 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu  
12. október 2006**



## KJARNI MÁLSINS

> Fjöldi nemenda skráðir í fjarnám



Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

nám, fróðleikur og vísindi

## KENNAFINN: JÚLIUS ÓLAFSSON GRUNNSKÓLAKENNAFINN

# Leggja ætti samræmd próf niður

Samræmd próf eru lögð fram í 4. og 7. bekkjum um land allt í dag og á morgun. Skiptar skoðanir eru innan kennarastéttarinnar um ágæti samræmdra prófa. Júlíus Ólafsson, kennari í 7. bekk í Melaskóla, er á því að leggja eigi samræmd próf niður. „Ég tel þessi próf ekkert merkilegri en þau próf sem við erum að leggja fyrir börnin venjulega. Þessi próf eru svo sem ágæt í því sem þau eru að mæla en þau mæla ekkert meira. Það er min skoðun að þetta sé ekkert betri mælikvarði.“

Júlíus segist ekki vera hrifinn af hvernig prófin eru túlkuð og unnið með niðurstöðurnar. „Það er tekið of mikið mark á þessu finnst mér. Þetta er meitið sem einhver stóri sannleikur á meðan kannski önnur próf og vinna í skólanum eru talin hafa minna vægi.“

Þetta finnst mér vera rangt. Og ég tel ekki fara saman að auka vægi samræmdra prófa og einstaklingsmiðaðs náms sem verið er að auka núna.“

Júlíus ítrekar að skiptar skoðanir séu um málið til dæmis á sínum vinnustað. „En ég vil láta leggja þetta niður.“

Júlíus segir skólastarfið fara að snúast um þetta að einhverjum hluta. „Það er óhjákvæmilegt að alltaf þegar próf eru þá verða börnin upptekin af því. Og mér finnst að það eigi að auka sjálfstæði skóla og gefa þeim vald til að stjórna sínu námsmáti. Eg sé enga ástæðu til að hafa svona miðstýrt kerfi sem ákvarðar hvað allir eigi að gera. Öll innrömmuð fyrirbæri sem eru lögð fyrir draga úr sköpun skólastarfsins að mínu mati.“



### Skólinn:

## Þjónar öllu Suðurlandi

Fjölbautaskóli Suðurlands var stofnaður 13. september árið 1981 og varð því 25 ára í seinasta mánuði. Skólinn á rætur sínar að rekja til lðnskólans á Selfossi, framhaldsdeildanna við Gagnfræðaskólann á Hvolsvelli, Selfossi, Skógum og í Hveragerði, auk öldungadeildarinnar í Hveragerði. Árið 1983 gerðust sýslurnar á Suðurlandi aðilar að skólanum. Eigendur skólans eru ríkissjóður og sveitarfélög á Suðurlandi.

Skólinn þjónar öllu Suðurlandi og sér um kennslu á Litla-Hrauni og við réttargeðeildina á Sogni. Auk þess að sjá um viðtækt verknám og bóknám er boðið upp á meistaranám.

### Rannsóknþjónusta Háskólans:

## Samkeppnin Upp úr skúffunum 2006

Samkeppnin Upp úr skúffunum 2006 snýst um að draga fram í dagsljósið áhugaverðar hugmyndir og rannsóknaniðurstöður starfsfólks og nemenda til að koma þeim á framfæri og stuðla að hagnýtingu þeirra. Samkeppnin er nú haldin í áttunda sinn.

Frestur til að skila inn tillögum í samkeppnina hefur verið framlengdur til 30. október næstkomandi. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu samkeppninnar <http://www.uppurskuffunum.hi.is/id/1011090>. Hægt er að skila skriflegum tillögum til Rannsóknþjónustu Háskólans, Tæknigarði eða með tölvupósti til [vidarh@hi.is](mailto:vidarh@hi.is).



### Forritið Teygjuhlé dregur úr áhrifum kyrrsetu:

## Taka frí frá tölvunni og teygja úr sér



Forritið Teygjuhlé minnir fólk á að taka sér reglulega frí frá tölvuvinnu og teygja úr sér. Forritið byggir á vinnuvistfræði og er einkum ætlað börnum og unglingum. Æfingarnar henta þó öllum aldurshópum. Forritið er ætlað til notkunar í skólum eða í tengslum við aðra vinnu og til einkanota. Í skólum er mögulegt að nýta forritið í tengslum við tölvutíma og aðrar kennslustundir til að draga úr áhrifum kyrrsetu. Heima fyrir er

hægt að setja forritið upp og nýta á þeim tölvum sem börn og ungt fólk nota til heimanáms og leikja. Hægt er að nálgast forritið á vef Lýðheilsustöðvar.

### Konur komnar í meirihluta kennara á öllum skólastigum:

## Meirihluti framhaldsskólakennara konur

Í fyrsta skipti eru konur nú í meirihluta framhaldsskólakennara að því er kemur fram í nýjasta vefriti menntamálaráðuneytisins.

Konur hafa lengi verið í afgerandi meirihluta starfsfólks leik- og grunnskóla. Skólaárið 2000 til 2001 voru karlar 54,3 prósent kennara í framhaldsskólum og voru þeir 8,5 prósentustigum fleiri en konur. Skólaárið 2005 til 2006 voru konur orðnar 51,5 prósent kennara í framhaldsskólum en karlar 48,5 prósent sem er mismunur upp á 2,9 prósentustig.

Árið 2005 voru konur því komnar í meirihluta kennara á öllum þremur skólastigunum, allra mest á leikskólastiginu en skólaárið 2005 til 2006 voru þær 96,9 prósent alls starfsfólks leikskóla.



### Málstofa Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands:

## Komandi þingkosningar í Bandaríkjunum

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir málstofu um komandi þingkosningar í Bandaríkjunum í dag. Dr. Corgan, dósent í alþjóðasamskiptum og gistikennari við stjórnmálafræðiskól Háskóla Íslands, fjallar um þau málefni sem verða í brennidepli í kosningunum og hvað það gæti þýtt ef demókratar næðu stjórninni á annarri eða báðum deildum þingsins. Einnig fer hann yfir framkvæmd kosninganna og kosningabaráttuna. Davíð Logi Sigurðsson, blaðamaður og stundakennari við stjórnmálafræðiskól, stýrir síðan umræðum. Málstofan fer fram í stofu 311 í Árnagarði og hefst klukkan 12:15.

### Átak í þágu íslensks máls:

## Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Frá því að ákveðið var að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Er það gert í samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga og eru allir hvattir til þess að landsmenn hugi að því að nota 16. nóvember eða dagana þar í kring til að hafa íslenskuna í öndvegi. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur verið falið að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2006.



# Veisla fyrir áhugafólk um skólaþróun

Árlegt málþing Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands um rannsóknir, nýbreytni og þróun í skólastarfi hefst á morgun. Þetta er í tíunda skipti sem málþingið er haldið og segir forsvarsmenn þess að dagskráin í ár sé veisla fyrir alla þá sem hafa áhuga á skólaþróun.

Það eru margir þættir sem góðir kennarar líta til í starfi sínu. Það sannast vel á öllu því forvitnilega sem er boðið upp á á málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands sem hefst á morgun og stendur fram á laugardag. Þetta segir Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, formaður undirbúningsnefndar málþingsins.

Þetta er í tíunda sinn sem Rannsóknarstofnunin heldur málþing um það sem er á döfinni í skólastarfi. Yfirskrift þess að þessu sinni er Hvernig skóli – skilvirkur þjónn eða skapandi afl? Níu erindi verða flutt á

morgun og ríflega eitt hundrað í 25 málstofum á laugardaginn, og því greinilegt að mikil gróska er á þessu sviði enda miklar og örur breytingar sem átt hafa sér stað í þjóðfélagi okkar að undanförunu.

Málstofurnar hafa skírskotun til allra skólastiga og segir Eiríksína markhópin vera alla þá sem koma að uppeldi og fræðslu barna svo sem foreldra, kennara, stefnumótendur og stjórnendur á sviði mennta og uppeldis, auk þeirra sem starfa að málefnum fatlaðra og í frístundastarfi.

Aðalfyrirlesari morgundagsins er dr. Louise Stoll, prófessor við Lundúnarháskólann. Hún ætlar að fjalla um stöðu skólans í örum þjóðfélagsbreytingum og benda á leiðir um hvernig skólakerfið geti fylgt þeim. Hún segir skóla á öllum aldurstigum þurfa að vera sýnilegra afl og meðvitaðri um þátt sinn og aukna hlutdeild í samfélaginu.

Á laugardag verður aðalfyrir-

lesarinn Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við KHÍ. Fyrirlestur hans nefnist Virðing eða vantrú – viðhorf til nemenda með hegðunarraskanir. Umfjöllunina byggir hann á nýlegri rannsókn sem gerð var í grunnskólum í Reykjavík á liðnu skólaári.

Eitt af því helsta sem hann segir athuganirnar hafa leitt í ljós er að mikill munur er á umfangi agavandamála eftir skólum, sem og á viðhorfum starfsfólks til þessara mála. Jafnframt segir Ingvar áhugavert að sjá hversu ólíkar leiðir skólar fari þegar tekið er á agavandamálum.

„Þetta er sannkölluð veisla fyrir skólaþróun og alla áhugasama um skólaþróun en sá áhugi hlýtur að ná til flestra þeirra sem koma að uppeldismálum.“ segir Eiríksína og bendir á að hægt sé að skrá sig á staðnum við upphaf málþingsins klukkan tvö í Stakkahlíð eða rafrænt í gegnum vef Kennaraháskólans. [karen@frettabladid.is](mailto:karen@frettabladid.is)



## Brot úr dagskrá

### Föstudagur

Aðalfyrirlestur  
14:40 - 15:40 **Creating Preferred Futures: Schools with Agency**  
Dr. Louise Stoll, University of London

**Breyttur framhaldsskóli**  
Baldur Gíslason, skólameistari lðnskólans í Reykjavík  
Yngvi Pétursson, skólameistari Menntaskólans í Reykjavík

**Við erum samherjar: Samstarf skóla, fjölskyldna og samfélags**  
Ingibjörg Auðunsdóttir, kennsluráðgjafi við Háskólann á Akureyri

„Minn er ljón sem líka getur verið lækni“. Áhrif valstundar á félagsleg samskipti og leik barna  
Guðrún Bjarnadóttir, aðjúnkt við KHÍ

### Tengsl lærdómshennar og árangurs skóla

Anna Kristín Sigurðardóttir, Menntasviði Reykjavíkurborgar  
**Er gerlegt að breyta grunnskól-anum?**  
Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

### Laugardagur

Aðalfyrirlestur  
09:15 - 10:00 **Virðing eða vantrú - viðhorf til nemenda með hegðunarraskanir**  
Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við KHÍ

Lestrarnám og kennsla  
Þróunarverkefnið „Lifandi lestur“  
„Ég get lesið.“ handbók um fyrstu stig lestarkennslu

Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og lestrargetu nemenda með frávik í lestri  
Lestrarnám og lestrarkennsla

Proskapjálfun í skólakerfinu - fötlunarfærð  
Ég hef frá svo mörgu að segja: Þátttökurannsókn og lífssögur fólks með þroskahömlun  
Þankar um hlutverk þroskajálfa í grunnskólum  
Proskapjálfar og staða þeirra og hlutverk í grunnskólum  
Samvinna fagstétta í Lækjarskóla

Kennarinn í starfi  
Passar húsið á grunninn? Um nýjar kröfur til kennara í skólastofunni  
Samvirkt nám þar sem allir fá að njóta sín  
Að stilla saman þróun kennaranáms og skólaþróun



ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

▶ **FLATSKJÁ TILBOÐ**



**UNITED**

**PTV42**

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereo hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990



12v/220v

**UNITED**

**LTV15L52**

ÖRPUNNT  
LCD

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereo hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**TILBOÐ ▶ 34.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990



ÖRPUNNT  
LCD

**UNITED LTV20L60**

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereo hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 49.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990



**UNITED LTV27W60**

27" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990



**UNITED LTV32W63**

32" LCD HD Ready BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ ▶ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990



**UNITED LTV37W60**

37" LCD HD Ready BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borganesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupún, Voðnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossvatn, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brínnes, Vestmannaeyjum, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR ALPINGIS-  
MADUR ER 56 ÁRA Í DAG

Ad sjálfsgöðu fer ég upp eins og allir, því Guð fyrirgefur allt. Eftir þá verð ég bara send til baka á jörðina til að gera upp gamlar skuldir.

Guðrún veitir fyrir sér eilífðinni í Fréttablaðinu vorid 2004.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. OKTÓBER 1812

## Napóleón hrökklast frá Moskvu

Mánuði eftir að fjölmennur her Napóleons ruddist inn í brennandi og yfirgefna Moskvuborg neyddist glorsoltinn og þrekaður herinn til að hörfa og taka stefnuna aftur á París. Undanhaldið hófst á þessum degi árið 1812 en Napóleón hafði ráðist með 500.000 manna herlið inn í Rússland í júní þetta sama ár.

Þetta var stærsta herlið sem smalað hafði verið saman í sögu Evrópu en Rússarnir voru þó ekkert á þeim buxunum að lúffa fyrir ofureflinu og Napóleón mátti þola öfluga mótspyrnu Rússanna á meðan franskir herirnir fíkraði sig jafnt og þétt inn í landið.

Það var svo 14. september sem Napóleón kom til Moskvu en þar reiknaði hann með að finna vistir og húsaskjól til vetrardvalar fyrir herinn. Borgin var hins vegar nánast mannlauð og Rússar gerðu honum alvarlega skráveifu með því að brenna borgina.

Napóleón beið í mánuð eftir uppgjöf Rússanna



en þeir gáfu sig ekki þannig að þegar rússneski veturinn fór að láta á sér kræla sá Napóleón sér þann kost vænstan að draga lið sitt til baka. Undanhaldið var hin mesta sneypuför en Rússar gerðu óvæntar og linnulausar árásir á Frakkana á bakaleiðinni. Her Napóleons var illa haldinn, vannærður og kaldur og þegar þetta mikla stórskotalið kom aftur heim til Parísar hafði það misst 400.000 manns í þessum hörmulega herleiðangri.

MERKISATBURÐIR

- 1918 Mesta frost í Reykjavík mælist, -24,5 gráður.
- 1924 Vladímír Lenín, leiðtogi Sovétríkjanna, andast 54 ára að aldri.
- 1950 George Orwell rithöfundur andast í London.
- 1976 Atli Heimír Sveinsson hlýtur tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga.
- 1976 Tvær Concorde farþegaþotur fara af stað í sitt fyrsta flug samtímis frá London og París.
- 1982 Tveir Íslendingar farast við björgun áhafnar belgisks togara. Tveir Belgar drukkna.

REYNIKR KRISTINSSON: NÝR DEILDARFORSETI Á BIFRÖST

## Spennandi umhverfi á Bifröst

„Þetta leggst mjög vel í mig. Ég hef tekið þátt í kúrsum þarna uppfrá og veit því nokkurn veginn hverju ég geng að,“ segir Reynir Kristinsson, sem ráðinn hefur verið deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst.

Reynir er verkfræðingur að mennt frá Tækniháskólanum í Óðinsvém og hefur auk þess MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Á liðnum árum hefur hann starfað sem stjórnandi og ráðgjafi og til dæmis leitt stefnumörkunar- gæðastjórnunar- og breytingastjórnunarverkefni í fjölmörgum stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins. Þá hefur hann meðal annars verið framkvæmdastjóri ParX, IBM Business Consulting Service á Íslandi, PricewaterhouseCoopers og Hagvangs. Reynir hefur jafnframt verið stjórnarformaður CCP, Hagvangs og fleiri fyrirtækja.

Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst er stærsta og elsta deild háskólans og við hana stunda um 300 nemendur nám. Deildarforseti hefur á sinni könnu ýmis verkefni, stór og smá. Hann stýrir deildarfundum, ber ábyrgð á starfsemi og rekstri deildarinnar og ræður starfsfólk. Hann leiðir jafnframt stefnumörkun hennar, svo fátt eitt sé nefnt. „Ég þekki það ekki nógu vel til að segja til um hvaða breytingar ég vil sjá á starfsemi skólans, en vona vissulega að ég fái að taka þátt í stefnumörkun hans eftir því sem tíminn líður. Þekkingariðnaðurinn er gríðarlega spennandi umhverfi og ég vill leggja áherslu á að tengja námið við atvinnulífið,“ segir Reynir, sem hittir nemendur á Bifröst í dag en hefur formlega störf um næstu mánaðamót.



REYNIKR KRISTINSSON Er verkfræðingur að mennt frá Tækniháskólanum í Óðinsvém og er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.



Alúðar þakkir fyrir hlýju og vinsemd við andlát og útför

**Valdimars Jónssonar**

skipstjóra, Vesturgötu 15a, Keflavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólkinu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir frábæra umönnun og hlýju á liðnum árum. Guð blessi ykkur öll.

Árnína Jónsdóttir

Jón Kristinn Valdimarsson

Margrét Lilja Valdimarsdóttir

Þórður Gunnar Valdimarsson

Erna Valdís Valdimarsdóttir

og afabörn

María Loftsdóttir

Karl Hermannsson



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Friðþjófur Haukdal Þorgeirsson**

Krókahrauni 4, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 6. október á hjúkunarheimilinu Sólvangi.

Við viljum koma fram þakklæti til allra sem önnuðust Friðþjóf af einstakri alúð og kærleika í hans erfiðu veikindum. Útförin hefur farið fram.

Þökkum auðsýnda samúð.

Bjarnheiður Sigmundsdóttir

Sigmundur Haukdal Friðþjófsson

Sesselja Haukdal Friðþjófsdóttir

Heiða Hrönn Sigmundsdóttir

Hulda Hrunn Sigmundsdóttir

Davíð Hilmar Blessing

Alma Hannesdóttir

Guðrún M. Jónsdóttir



Hjartans þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskaðs eiginmanns míns, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hennings Þorvaldssonar**

Hamrabýggð 14, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færur við heimahlyningu Krabbameinsfélagsins fyrir ómetanlega aðstoð.

J. Steinunn Alfreðsdóttir

Jóna Júlía Henningsdóttir

Henning F. Henningsson

Þorvaldur J. Henningsson

Henný Jóna, Vigfús, Arnar Hólm, Lovísa Björt og Hilmar Smári.

Adólf Adólfsson

Ása Karin Hólm



Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför eiginmanns míns, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jakobs Einars Ármannssonar**

Guðjóna Ólafsdóttir

Guðrún Dagný Einarsdóttir

Steinunn Aldís Einarsdóttir

Ármann Einarsson

Jónsís Sigurrós Einarsdóttir

Ingibjörg Einarsdóttir

Helga Einarsdóttir

Kristrún Einarsdóttir

barnabörn og fjölskyldur

Guð blessi ykkur öll.



Magnús Geir Helgason

Guðlaugur Ævar Hilmarsson

Marit Van Rangelroy

Agnar Þór Sigurðsson

Haraldur Júlíusson

Halldór Sveinbjörnsson

Brynjar Már Eðvaldsson



Okkar ástkæri

**Eyjólfur Valgeirsson**

áður bóndi á Krossnesi í Árneshreppi,

verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni föstudaginn 20. október kl. 13.00.

Hildur Eyjólfsdóttir

Úlfar Eyjólfsson

Petrína S. Eyjólfsdóttir

Fríða Eyjólfsdóttir

Valgeir A. Eyjólfsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Oddný S. Þórðardóttir

Árni E. Bjarkason

Kolbrún Hauksdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Guðmundsson**

efnaverkfræðingur, Hraunbæ 103,

lést 16. október sl. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 23. okt. kl. 13.00.

Solveig Jóhannsdóttir

Hrönn Harðardóttir

Solveig Þóra Þorsteinsdóttir

Jökull Ernir Þorsteinsson

Erna Harðardóttir

Þorsteinn Jóhannsson

Kristín Þorsteinsdóttir

Páll Þorsteinsson

Pétur Þorsteinsson

Þorsteinn Lýðsson

Katrín Sigurðardóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi G. Blöndal**

fyrirverandi skipstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði,

verður jarðsettur föstudaginn 20. október kl. 15.00 frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

Benedikt Blöndal

Sigurður G. Blöndal

Margrét Þ. Blöndal

barnabörn og barnabarnabörn

Ragna Blöndal

Irma Blöndal

Sigurjón Finnsson

## Legsteinar

Kynningarafsláttur af völdum tegundum Fjölbreytt úrval Hagstæð verð Stuttur afgreiðslufrestur

Steinsmiðjan Rein

Víðarhófa 1 · 110 RVK.

sími 566 7878 · www.rein.is



## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK

Hammahófa 4 · 110 Reykjavík · sími 587 1960 · www.mosaik.is







FERÐATÍMABIL:  
17. OKT.–30. NÓV.

**SÖLU  
LÝKUR  
Á MORGUN  
KL. 12:00  
Á HÁDEGI!**

# ÚTKALL!

**Bjóðum 20.000 flugsæti í október og nóvember á 8.900 kr. aðra leið með sköttum!**



**Barnaverð**

5.995 kr. aðra leið með sköttum

Viltu betra veður? Skella þér á októberfest? Gera jólainnkaupin tímanlega í útlöndum? Eða bara einfaldlega slaka á í útlöndum og njóta lífsins?

Iceland Express hefur ákveðið að koma til móts við alla þá sem vilja skreppa út í heim og býður 20.000 flugsæti í október og nóvember

á lægra verði, aðeins 8.900 kr. aðra leiðina með sköttum. Um er að ræða valdar dagsetningar til og frá Íslandi. Sala miða stendur nú yfir og lýkur á morgun, kl. 12:00 á hádegi. Takmarkað sætaframboð.

» Þú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is) – Fyrstur bókar, fyrstur fær!

 **Iceland Express** 



NÝTT Á GRAS.IS



**ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!**

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANNI!

Vodafone live!

Þingfélags Félags Félags Félags

Fréttir og Þróttir Leikir Skemmtun

## STUÐ MILLI STRÍÐA Já finnst þér það, bollan þín!

TRYGGVI GUNNARSSON SKILUR EKKI HOLDLEGAR ATHUGASEMDIR



Ég hef alltaf verið grannur, allt frá því ég var barn. Þegar ég fæddist skammaði lækurinn mömmu fyrir að hafa reykt á meðgöngunni. Mamma reykti ekki og hefur aldrei gert.

Ég var bara svo lítil og gulur að lækurinn fannst það hljóta að vera. Þarna byrjaði það strax, svívörðingar og dónaskapur vegna holdafarsins.

Árin stigu sinn dans og eitthvað tognaði úr mér. Ég var áfram frekar horaður. Í stað gula litaraftsins

kom reyndar hin þjóðlega föla húð ásamt dökkum baugum, því eins og ungra manna er síður var svefn algjört aukatriði þegar Turtles þurftu að berjast við ýmsa óvætti undir sænginni á kvöldin. Hasarblöðin lásu sig heldur ekki sjálf og einhver þurfti að sjá um það háalvarlega mál.

Alveg þar til ég varð 18 ára fékk ég að heyrja athugasemdir í öllum fjölskyldubodum frá frænkum á öllum aldri. „Þú ert svo horaður, gefur mamma þín þér ekkert að borða? Svona komdu og fáðu köku.“ Þetta er nákvæmlega eins og að segja: „Voðalega ertu mikil feitabolla. Mamma þín hlýtur að troða matnum ofan í kokið á þér.“

Í hvert einasta skipti sem ég heyrði þetta langaði mig að svara að viðkomandi þyrfti aðeins að passa upp á þyngdina. Kílóinn væri á sömu leið og árafjöldinn: Upp á við.

Ég lét aldrei verða af því. Ég var svo vel upp alinn og kurteis drengur að mér datt ekki í hug að benda öðrum á að þeir væru dónalegir. Svo hætti ég líka að vera horaður og fólk hætti smám saman að minnast á þetta við mig.

Eftir að ég komst til vits og ára lofaði ég hins vegar sjálfum mér að ef ég lenti einhvern tímann í þessu aftur mundi ég ekki þessa heldur svara fullum hálsi: „Já finnst þér það, bollan þín!“

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





weather  
report

# kuldagallar

Hljír og vandaðir kuldagallar, vindpéttir  
úr öndunarefni



weather  
report

Kuldagalli  
tvískiptur  
rauður, blár  
st. 90-120

**TILBOÐ**  
**3.999** kr

Verð áður 5.999,-

Kuldagalli  
tvískiptur  
ljósblár, svartur  
st. 130-160

**TILBOÐ**  
**4.999** kr

Verð áður 6.999,-



weather  
report

Flíspeysa  
blá, græn  
st. 90-120

**1.699** kr



weather  
report

Flíspeysa  
rauð, bleik  
st. 90-120

**1.499** kr



weather  
report

Flíspeysa  
m/rönd  
rauð, blá,  
svört

st. 130-170  
**1.999** kr



weather  
report

Flíspeysa  
svört, blá  
st. 130-170

**1.999** kr



Kuldaskór  
svartir, dökkbleikir  
st. 24-35

Gott verð  
**3.999** kr



Kuldaskór  
svartir  
st. 28-39

Gott verð  
**3.999** kr



Kuldaskór  
svartir, rauðir  
st. 25/26-37/38

Gott verð  
**3.999** kr



Kuldaskór loðfóðraðir  
rauðir, bláir  
st. 18/19-26/27

Gott verð  
**2.999** kr

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla





### Kl. 15.00

**Guðbjörg Hildur Kolbeins heldur fyrirlestur í dag í stofu 132 í Öskju um rannsókn á klámnotkun og kynlífshegðun unglinga. Rannsóknin var unnin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Niðurstöðurnar voru kynntar á ráðstefnu í Ósló í september. Hér á landi tóku 323 unglingar á aldrinum 14 til 18 ára þátt í rannsókninni. Guðbjörg Hildur Kolbeins er doktor í fjölmiðlafræði og hefur kennt við Háskóla Íslands.**

## menning

menning@frettabladid.is

## Ótrúleg lífsreynslusaga

Rúandski rithöfundurinn Immaculée Ilibagiza er væntanlegur hingað til lands í tilefni af útkomu bókarinnar Ein til frásagnar. Í bók þeirri er rakin saga hennar og ótrúleg lífsreynsla af þjóðarmorðunum í heimalandi hennar árið 1994.

Fjölskylda Ilibagiza var miskunnarlaust brytuð niður í útrýmingarherferð Hútúa á hendur Tútsum en morðæði stóð yfir í þrjú mánuði og kostaði nærri eina milljón landsmanna lífið. Ilibagiza lifði blóðbaðið af því í 91 dag sat hún ásamt sjö öðrum konum þögul í hnipri í þröngri baðherbergiskytru sóknarprests nokkurs meðan hundruð morðingja með sveðjur á lofti leituðu þeirra.

Immaculée býr nú í Bandaríkjunum ásamt manni sínum og tveimur börnum. Hún starfar fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Bandaríkjunum og hefur sett á laggirnar stofnun til að hlúa

að þeim sem þjást af völdum þjóðarmorða og styrjalda.

Forlagið JPV gefur út sögu Ilibagiza en þýðandi hennar er Karl Emil Gunnarsson.

**IMMACULÉE ILIBAGIZA** Heimsækir Ísland og kynni bók sína Ein til frásagnar.



### > Ekki missa af...

**Zidane** – portrett af manni á tuttugustu og fyrstu öld, magnaðri skoðun á frábærum **knattspyrnumanni** á vellinum í gegnum heilan leik. Órfaar sýningar verða á verkinu í Háskólabíó.

**Mike Attack** Kristjáns Ingimarssonar á Akureyri. Snillingur **mímuleiksins** í heimsókn í sinni heimabyggð með einleik sinn. Sýnt í Rýminu kl. 20 í kvöld.

**Patreki 1,5** eftir **Michael Drucker** í grunnskólanum á Eskifirði kl. 16 í dag. **Foreldrar** – reynið að komast inn! Sýningin er frá Þjóðleikhúsinu.



**ERNA ÓMARSDÓTTIR DANSARI OG DANSHÖFUNDUR** Erna er væntanleg hingað heim til að vinna dans og hreyfingar við Bakkyrnurnar í Þjóðleikhúsinu.

## Leyndarmál ásta

Erna Ómarsdóttir og Jóhann Jóhannsson verða með tvær sýningar á Októberdans-hátíðinni í Bergen sem hófst þann 12. október. Þar sýna þau nýtt verk sitt, *Mysteries of Love*, í tvígang í kvöld og annað kvöld í Teatergarasjen, tilraunasal þeirra Björgvinjarmanna. Hátíðinni lýkur á sunnu-

dagskvöld. Fjöldi smærri danshópa sýnir á hátíðinni og er dagskráin býsna þétt, sýningar standa frá því í eftirmiðdag fram undir miðnætti í látlitilli röð. Erna og Jóhann sömdu verkið í fyrri. Ekki er ráðið hvenær það verður flutt hér en þau hafa ferðast með það um Evrópu og eru víða bókúð. - pbb

## Fimmbraðrasaga og meistari Voltaire

Nútfma Íslendingum er oft talin trú um að hér á landi hafi fyrr á öldum ríkt fátækleg bókmennt. Jón Oddsson Hjaltalín (1749–1835) var lengst af prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hann var afkastamikill rithöfundur, sálmaskáld og þýðandi, en aðeins sálmur hans birtust á prenti meðan hann lifði. Eftir Jón liggja einnig í handritum kvæði hans af trúarlegum toga, rímur, tækifærissvís-

ur og annars konar veraldlegur kveðskapur, auk frumsamdra og þýddra sagna. Nú eru komnar út á bók fjórar sögur frá hendi sr. Jóns, úrval sagnaritunar hans og varpar ljósi á skáldsagnagerð þessa tímabils í íslenskrri bókmenntasögu; engin þeirra hefur áður verið prentuð.

Marrons saga og Fimmbraðra saga, sem birtar eru í bókinni, voru frumsamdar af séra Jóni í hefðbundnum stíl riddara- og lygisagna, en Sagan af Zadig er þýðing hans úr dönsku á skáldsögunni Zadig ou la Destinée eftir franska skáldið Voltaire sem birtist fyrst á frummálinu árið 1747, tólf árum á undan Birtingi (Candide), en í báðum þessum sögum veltir Voltaire fyrir sér vonsku og þjáningu heimsins.

Fjórða sagan, Ágrip af Heiðarvíga sögu, er sérstök gerð Heiðarvíga sögu sem séra Jón setti saman á grundvelli endursagnar Jóns Ólafssonar af þeim hluta sögunnar sem glataðist í Kaupmannahafnarbrunum 1728 og eftirrits Hannesar Finnssonar af því broti sögunnar sem enn er varðveitt í Stokkhólmi í handriti frá miðöldum; við þetta jók séra Jón ýmsu efni, m.a. úr munnlegri geymd. Sögnum er fylgt úr hlaði með ítarlegum inngangi útgefandans Matthew J. Driscoll, sérfræðings við Árnasafn í Kaupmannahöfn. Háskólaútgáfan dreifir bókinni. - pbb



**VOLTAIRE** Umsaminn á íslensku af presti í Hvalfirði. Fjórir gamlar en nýjar íslenskrar skáldsögur frá nitjándu öld eru loksins komnar á prent.

## Leiktjöldin úr hljóðum

**Leikverkið Suzannah er óvenjulegt fyrir margra hluta sakir en það mætti með sanni kallast tónleikrit. Sænska leikhúsið Cinnober sýnir verkið í Þjóðleikhúsinu í kvöld en tónskáldið Atli Ingólfsson á heiðurinn af músikinni sem á köflum tekur völdin í verkinu.**

Verkið fjallar um Súsönnu Ibsen sem í 48 ár var eiginkona norska skáldjófursins Henriks Ibsen. Súsanna er túlkuð á þremur aldursskeiðum, þegar hún er ung kona, miðaldra og gömul. Leiktexti norska leikskáldsins Jons Fosse byggir mikið á heimildum sem til eru um ævi þessarar merku konu sem sögð er hafa haldið fjölskyldunni saman þrátt fyrir erfið veikindi sín.

### Nýtt samspil

Þrjár leikkonur túlka Súsönnu en átta hljóðfæraleikarar úr Göteborgs Kammarolisterna eru einnig á sviðinu allan tímann enda mynda textinn og tónlistin eina heild. Atli útskýrir að forsvarsmáður leikhópsins sé einn helsti þýðandi verka Fosses í Svíþjóð og að hugmyndin að verkinu sé fengin frá Cinnober-leikhópnum. „Þau vildu setja upp sýningu þar sem tónlist og texta væri blandað saman á nýjan hátt,“ segir hann. Markmið hópsins hefur löngum verið að vekja athygli áhorfenda á þýðingarmiklum leikverkum en þetta er þriðja verk Fosses sem hópurinn tekur til sýninga. Leitað var til Atla sem tók vel í hugmyndina um þetta óvenjulega samstarfsverkefni og var verkið frumflutt í Gautaborg í desember. Leikstjóri verksins er Svante Aulis Löwenborg.

Atli útskýrir að samstarfsverkefni af þessu tagi séu ekki algeng. „Þetta hefur verið reynt með misjöfnum árangri því oft verður einhver aðillinn voða frekur, til dæmis tónskáldið eða textahöfundurinn.“ Vel tókst þó til með samstarfið að þessu sinni og hefur Atli eftir leikhússtjóra í Ósló sem sýndi verkið fyrir skömmu að aðáunarvert væri hversu vel samstilltur hópurinn væri, hvort heldur í leik, tónlist eða annarri umgjörð sýningarinnar.

Suzannah er frumraun Atla á



**TÓNSKÁLDIÐ ATLI INGÓLFFSSON** Segir heillandi og frelsandi að vinna í leikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þessu sviði en hvernig leið honum með þessi stórmenni norskrar leikritunar á bakinu? „Ég veit það ekki, það var kannski smá hroki sem hjálpaði til en þetta skelfdi mig ekkert. Það var frá upphafi mjög gott samkomulag milli mín og leikstjórans og það er enginn vafi á því að þetta verk er mitt og leikstjórans. Við ákváðum að búa til nýja listræna heild en við notum texta Jons Fosse. Það er þó ekki beinlínis hægt að segja að þetta sé sviðsetning á hans verki,“ segir Atli og útskýrir að ákveðins misskilnings hafi gætt varðandi merkimiða höfundarhugtaksins. „Þetta hljómar oft eins og ég hafi samið leikhúsmúsík við verk Fosses en þetta er ekki svo einfalt, til dæmis skrifar Fosse verk fyrir þrjú flytjendur en á sviðinu nú eru ellefu. Ég myndi segja að hann ætti svona fjórðung í þessu,“ segir hann sposkur.

### Hljóðskúlptúrar

Atli líkir tónlistinni við hljóðskúlptúra með lifandi hljóðfærum, mest af tónlistinni er leikið á órafmögnum hljóðfæri sem mynda nokkurs

konar hljóðræn leiktjöld sýningarinnar. „Tónlistin talar svoltið við leikarana, stundum er hún eins og ný persóna á sviðinu sem þeir þurfa að eiga við – það geta verið slagsmál þarna á milli en yfirleitt er þetta meira eins og samtal.“

Tónlistin samsvarar æviskeiðum Súsönnu, en hún skiptist í rytmíska tónlist sem vísar til ungu stúlkunnar, venjubundna og hljómræna tónlist sem túlkar Súsönnu á miðjum aldri og síðan er hljóðræn tónlist notuð til þess að túlka gömlu konuna. „Ég læt hana ekki fylga textanum eftir nákvæmlega en maður finnur þessi tengsl í bakgrunninum.“

### Frelсандi vinna

Verkið hefur fengið prýðisviðtökur en það var nýlega sýnt í Ósló. Ferðalag þess nú er í tilefni af sérstakri Fosse-hátíð sem stendur yfir í Þjóðleikhúsinu. Atli segist vel geta hugsað sér að koma að fleiri slíkum verkefnum í framtíðinni. „Leikhúsið er rosalega frelsandi, sérstaklega fyrir mann eins og mig sem hefur unnið árum saman að hreinni eða abstrakt tónlist. Það er mjög heillandi að fá þessa nýju vídd sem kemur inn í verkið en það er ákveðinn prófstein líka. Það er ekki auðvelt því maður þarf að gæta þess að semja ekki of mikið og taka tillit til fleiri atriða, til dæmis má ekki vaða yfir textann,“ útskýrir hann og segir að þetta hafi verið skemmtileg glíma. „Þeir hjá leikhúsinu hafa líka lýst yfir vilja til þess að starfa meira með mér svo ég tel miklar líkur á að ég taki að mér fleiri svona verkefni.“

Tvær sýningar verða á verkinu Suzannah á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, sú fyrri í kvöld kl. 20 en hin síðari á sama tíma annað kvöld. krstrun@frettabladid.is



**ÚR SÝNINGU CINNOBER-LEIKHÓPSINS** Leikverkið Suzannah fjallar um eiginkonu norska leikskáldsins Henriks Ibsen.



# LANCÔME



# LE GIFT

VERIÐ VELKOMIN Á LANCÔME  
DAGA Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI  
19. – 25. OKTÓBER

**Spennandi nýjungar verða kynntar:**

LUNA CHIC haustlitirnir, MAGIE MATTE farðinn,  
NUTRIX ROYALE kremið o.fl.

LE GIFT -glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir  
5.500 kr. eða meira frá Lancôme\*.



\*gildir á meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni

**HAGKAUP**  
Stemmtilegast að versla





FRÁ GJÖRNINGI INGIBJARGAR OG KRISTÍNAR Í TJARNARBIÓI FYRR Á ÞESSU ÁRI Gjörningar þeirra nálgast æ meir leiksýningar en með formerkjum myndlistarinnar. SAFN BIRT MEÐ GÓÐFULEGU LEYFI LISTAKVENNANNA

## Læti á Laugaveginum

Þær stöllu Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir ætla að loka Laugaveginum um sexleytið á morgun. Löggan er með í ráðum um að í ljósaskiptunum verða þær með gjörning. Tilefnið er hátíðahald myndlistarmanna í Reykjavík um þessar mundir.

Ingibjörg og Kristín eru uppátekarsamar konur og láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Verður lið með þeim í gæringaveðrinu og er á þessu stigi máls erfitt að spá verða menn að mæta, sjá og heyra. Verkið nefna þær Hulduorkan og Holdkórinn og er það hluti af lista-hátíðinni Sequences í Reykjavík.

Báðar eru þær lærðar frá Listaháskólanum. Ingibjörg stundaði framhaldsnám við Figuratív Teaterakademian í Noregi og hefur sýnt verk sín víða: í Þýskalandi, Svíþjóð og á Íslandi - nú síðast í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Kristín er rithöfundur og mynd-

listarkona. Hún hefur gefið út skáldsögurnar Kjötþæring hjá útgáfufélaginu Bjarti og ljóðabókina Húðlit auðnin. Ingibjörg og Kristín vinna gjörninginn í sam-

### DAGSKRÁ SEQUENCES Í DAG

16.00 Myndlistarmennirnir Constantin Luser, Yngve Holen og Marlie Mul fremja gjörning í Tryggvagötu.

16.30 Ásmundur Ásmundsson sýnir vídeógjörning í Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar, CIA.IS, Hafnarstræti 16.

17.00 Berkan Karpat fremur gjörning og sýnir innsetningu í Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar, CIA.IS, Hafnarstræti 16.

17.30 Ásdís Sif Gunnarsdóttir fremur gjörning í Regnboganum, Hverfisgötu 54.

20.00 Tónlistarkvöld í Tjarnarbiói. Yfirskrift kvöldsins er „SCAWLD“, fram koma úðp, Sæborg, Hestbak, The Los Angeles Lakers, Nýlökkórin, Goddur og Frank Hall.

vinnu við Böðvar Yngva Jakobs-son og fleiri listamenn. Hann er unninn í samstarfi við Safn. Gjörningurinn varir í um 20 mínútur og segir í frétt frá Safni að um sé að ræða „metnaðarfulla sýningu sem hverfist um nokkuð aggressíft andrúmsloft og afar sterka, myndræna upplifun“.

Ingibjörg segir þær Kristínu hafa átt gott samstarf á þessu sviði þetta ár, bæði í Nýló, Tjarnarbiói, Norræna húsinu og á Pakkhúsi postulanna og í Listasafni Reykjavíkur hafi þær framið gjörninga sína. Hún segir þær daðra við leikhúsið en í gluggum Safnsins á föstudag verði minna af leikmunum en í fyrri gæringum. Handrit liggja til grundvallar gæringunum og þeir skráðir með ljósmyndum og myndböndum. Því hafi þeim verið mögulegt að endurtaka fyrri gæringa á Pakkhúsi postulanna nýlega. Þær verða báðar með á föstudagskvöldið uppáklæddar en Böddi Brútal samstarfsmaður þeirra annast hljóðið. „Þetta snýst um öndun,“ segir Ingibjörg en vill ekki gefa meira upp. Gjörningurinn hefst kl. 18 á föstudagskvöldið og varir í 20 mínútur. - pbb

## Leynilögreglan snýr aftur

Á laugardagskvöldið var hátíð í Royal Albert Hall: endurvakin var fræg hátíð til styrktar Amnesty International. „The Secret Policemans Ball“-hátíðin var haldin aftur eftir sautján ára hlé en fyrst var hún haldin fyrir þremur áratugum. Fyrstu samkomurnar með þessu heiti voru haldnar á áttunda áratugnum og var í fyrstu sjónvarpað beint um Bretlandseyjar. Þær voru síðan til sölu á myndbandamarkaði og hljómplötum og skópu Amnesty verulegar tekjur. Heitið vísar til ballsins, en líka til annars af tveimur eistum leynilögreglumannsins.

Fyrstu samkomurnar voru rómaðar á sínum tíma og þar mættust tvær kynslóðir breskra uppstandara: Monty Python og Peter Cook komu til móts við Rowan Atkinson, Lenny Henry og fleiri af ungu kynslóðinni. Þar voru líka fyrirferðarmiklir tónlistarmenn sem þá voru í framliðu breska rokksins. Á þeim árum stýrði John Cleese dagskránni og er talið að hátíðin hafi ráðið miklu um góðgerðarsamkomur sem haldnar voru á Bretlandseyjum áratuginna á eftir: Comic Relief-söfnunna sem var árleg og loks Live Aid.



EDDIE IZZARD GRÍNISTI VAR STJARNNA KVÖLDSINS Íslandsvinurinn fór á kostum í háði sínu en stjórnmöld í Bretlandi voru skotsþænar kvöldsins.

Á laugardagskvöld komu fram kraftar á borð við Eddie Izzard, Chevy Chase, Russell Brand, The Magic Numbers, The Zutons og Gorillaz. Skemmtunin var sýnd samtímis í sautján kvikmyndahúsum víða um Bretland og breska sjónvarpsstöðin Channel 4 mun sýna samantekt úr hátíðinni síðar. - pbb

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

16 17 18 19 20 21 22

### Fimmtudagur

#### TÓNLEIKAR

- 20.30 Þaninn tónlistarviðburður í Tjarnarbiói þar sem flutt verður tón- og myndlist blönduð spuna, gjörningi og gagnvirkni undir áhrifum SCAWLD. Viðburðurinn er á vegum Spuna, Sláturs, Sequences og Iceland Airwaves.
- 20.00 Tveir kanadískir barkasöngvarar, Tracy Brown og Kendra Tagoona, koma fram í Salnum í tilefni af Kanadískri menningarhátíð í Kópavogi. Auk þess kemur hinn heimspektti fjölistahópi Red Sky fram og kynnr menningu frumbyggja Kanada með söng, leik og dansi.
- 21.00 Trúbadorakvöld á Kaffihúsi Viðskiptaháskólans á Bifröst. Torben Stock frá Þýskalandi, Owls of the Swamp frá Astralíu og Svavar Knútur flytja eigin tónlist og segja sögur af ferðum sínum.

- 22.30 Hljómsveitin Royal Fortune leikur á Grand Rokk.

#### SÝNINGAR

- 10.00 Yfirlitssýningin Málverkið eftir 1980 stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenski listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi niunda áratuginna. Sýningarstjórar eru dr. Halldór Björn Runólfsson og Laufey Helgadóttir.
- 10.00 Arna Gná Gunnarsdóttir sýnir í versluninni Aurum í Bankastræti. Sýningin er opin á þjónustutíma verslunarinnar, virka daga milli 10-18 og 11-16 á laugardögum.
- 10.00 Þórdís Aðalsteinsdóttir myndlistarmaður sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum. Sýningin ber yfirskriftina Því heyrir þú hvíslað að einhverjir muni komast af. Henni lýkur 3. desember.
- 10.00 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, stendur yfir samsýningin Pakkhús postulanna. Ellefu ungar sem allir eru fæddir eftir 1968 sýna verk af fjölbreyttum toga. Sýningarstjórar eru Huginn Þór Arason og Daníel Karl Björnsson.
- 11.00 Valgerður Hauksdóttir grafíklistamaður sýnir verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í Hafnarborg. Sýningin ber yfirskriftina Vendipunktur og rekur þróun í ferli listamannsins frá árinu 1983. Sýningin stendur til 30. október.

#### DANSLIST

- 20.00 Íslenski dansflokkurinn sýnir tvö íslensk dansverk í Borgarleikhúsinu. Verkið Við erum komin eftir Ólöfu Ingólfssdóttur og Hver um sig eftir Aðalheiði Halldórsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur.

#### FYRIRLESTRAR

- 12.00 Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir málstofu um þingkosningarnar í Bandaríkjunum. Dr. Michael Corgan ræðir um málefni og álitamál. Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður og stundakennari við stjórnmálafræðiskor stýrir pallborði að því loknu. Arnagarður, stofa 311.

#### SKEMMTANIR

- 21.30 DJ Lucky spila soul, fönk og reggae- tónlist á Kaffi París við Pósthússtræti. Skemmtunin stendur fram undir miðnætti.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**Michael Black** er írskur snillingur, sem fyrir löngu er orðinn þekktur fyrir sinn stórkostlega flutning á þessari margrómuðu írsku tónlist

Hann kemur til með að flytja írsku tónlist eins og hún gerist best fyrir matargesti í Fjörinni, en þar hefur verið útbúinn matseðill með írskum réttum að sjálfsögðu.

Þegar líður á kvöld kemur hann fram í Fjörugarðinum og syngur og leikur þar, eins um helgiar á dansleikjum.

## Írskir dagar

18.-28. október

Nú eru dansleikir allar helgar á Fjörukránni frá og með 18. okóber



**VIKING** village

Fjörukráin

Sími 565-1213 - Fax 565-1891  
vikings@fjorukrain.is  
www.fjorukrain.is



## „Íslenskir Írar“

Hilmar Sverrisson og Hermann Ingi eru íslenskir snillingar í írskum söngvum, þeir sjá um seinni hluta kvölds á móti Michael Black - og fara létt með það þessir gömlu refir.

Hermann Ingi, fyrrum aðalsöngvari Papanna á sínum tíma hefur ávallt haft fjöldann allan af írskum lögum á dagskrá sinni í gegnum árin.

Fram að jólum verða síðan dansleikir alla laugardaga með ýmsum hljómsveitum og Hilmar Sverrisson kemur til með að leika alla föstudaga og í miðri viku þegar tilefni gefst.



# POPP OG KÓK

## OG NÝJUSTU MYNDIRNAR



**100% ÖRYGGI**  
EF HÚN ER EKKI INNI ÞÁ FERÐU HANA FRÍA\*



**100% ÖRYGGI**  
EF HÚN ER EKKI INNI ÞÁ FERÐU HANA FRÍA\*



TILBOÐ 19.-29. OKTÓBER  
NÝ MYND + ELDRI  
+ POPP + 2L. COKE  
**790 KR.**



# BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

\*EF MYNDIRNAR THE DA VINCI CODE Eða ICE BLOCKS ERU EKKI INNI ÞÁ FERÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING. NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVIÐUN. \*100% KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÓLUSTAD ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐ GILDIR 19.-29. OKTÓBER UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MED FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.





ÞAÐ ER DÆMALAUST HRESSANDI AÐ FARA Á GÓÐA TÓNLEIKA Líklegt má teljast að það verði heilmikið fjör í Pósthússtrætinu í kvöld þegar ungliðarnir rokka þakið af Hinu húsinu.

## Fimmtudagsforleikur

Hitt húsið tekur virkan þátt í tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves og rokkar stíft með Fimmtudagsforleik í dag. Ung og upprennandi bönd eiga athvarf sitt í Pósthússtrætinu og þar ríða á vaðið sveitirnar Furstaskyttan, The Ministry of Foreign Affairs og Sudden Weather Change. Tónleik-

arnir hefjast kl. 20, það er algjörlega ókeypis inn en 16 ára aldurstakmark. Aðrir tónleikar verða haldnir á laugardagskvöldið en þá mæta Jamie's Star, Nögl, ÚT\*Exit og sveitin Sudden Weather Change á sviðið.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.hitthusid.is](http://www.hitthusid.is).

## „UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“

AMADEUS

### RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Sun 22/10 kl. 14 UPPS.  
Lau 28/10 kl. 14  
Sun 29/10 kl. 14  
Sun 5/11 kl. 14

### MEIN KAMPF

Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20  
Lau 28/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20

### VILTU FINNA MILLJÓN?

Fös 20/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20  
Fös 3/11 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20

### FOOTLOOSE

Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20  
Lau 28/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

### BRILLJANT SKILNAÐUR

Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20  
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20  
Aðeins þessar sýningar.

### MANNTAFL

Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20  
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20  
Aðeins þessar sýningar.

### ÁSKRIFTARKORT

5 sýningar á 9.900

SÍÐASTA SÖLUVIKA!

Nánari uppl. á [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**afgangar**

**AFGANGAR**  
Fim. 19. okt. kl. 21.00  
Fim. 26. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**  
Sun. 22. okt. kl. 13.30 **sæti laus**  
Sun. 12. nóv. kl. 13.30 **sæti laus**

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

# Með ástríðu fyrir Ástríði

Leikkonan Edda Björgvinsdóttir mun taka sér örstutt skólaleyfi til þess að sýna nokkrar sýningar á verkinu Alveg brilljant skilnaði í Borgarleikhúsinu enda kveðst hún komin með ástríðu fyrir Ástríði.

Þetta er þriðja leikárið sem Edda sýnir einleik Geraldine Aron um hina ólánsömu Ástríði. „Þetta er mögulega harmrænasti skilnaður mannkynssögunnar, þetta ætlar engan enda að taka,“ útskýrir Edda hlæjandi, „það fundust tveir, þrír Íslendingar sem eiga eftir að sjá verkið aftur – fólk kemur trekk í trekk svo okkur þótti vert að bjóða upp á nokkrar sýningar enn.“

Edda kveðst aldrei hafa lent í öðru eins ef frá er talið sýningarævintýrið í kringum leikritið Sex í sveit sem gekk fyrir fullu húsi um langa hríð. „Þá vorum við líka öll búin að láta sauma á okkur nýja búninga því fólk hafði ýmist fitnað eða horast. Sem betur fer er ég samt alveg eins núna og þegar ég byrjaði svo búningurinn passar enn,“ segir hún.

Edda er ein á sviðinu en aðrir aðstandendur sýningarinnar eru Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Rebekka A. Ingimundardóttir sem sér um leikmynd og búninga. Um þýðingu og staðfærslu verksins sá Gísli Rúnar Jónsson. Alveg brilljant skilnaður fjallar um skilnaðarferli konu sem teljast má talsverður spekingur þó seintekin sé. Ástríður þessi, eða Ásta, veitir áhorfendum einlægan og opinskan aðgang að sínum innstu hugarfylgsnum skömmu eftir að elskulegur eiginmaður hennar til þrjátíu ára yfirgefur hana til að taka



EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR LEIKKONA Tekur sér örstutt frí frá skólalabókunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

saman við yngri konu. „Aumingja Ásta – hún ætlar hreinlega aldrei að jafna sig á þessu,“ útskýrir Edda og bætir því við að sögutími leikritsins sé þrjú ár líkt og leikarinn sem hún hefur verið á sviðinu í gervi þessarar grátbroslegu konu.

„Þetta er orðin sannkölluð ástríða, það er einstaklega gaman að leika Ástríði því þetta er svo mannlegt verk með dásamlega myndum og hallærislegum uppákomum.“

Þessa dagana stundar Edda nám í Háskólanum á Bifröst. „Ég er að

stúdera stjórnun mennta- og menningarfyrirtækja – svo maður geti tekið við þessum leikhúsum, skilurðu,“ segir hún og kímir. „Það er hryllilega langt síðan ég var á skólabeck og ég hef þurft að byrja að læra alveg upp á nýtt. En þetta er ofboðslega gaman,“ segir hún. „En ég verð að viðurkenna að ég hef ekki fengið svona kvíðaköst yfir leiklistinni eins og þessum verkefnum á Bifröst,“ hvíslar hún, en bætir því við kokhraust að hún muni samt einörð halda áfram. - khh

**Eldhús eftir máli**

Síðasta sýningarhelgi!  
Sýning fös. 20. okt. Aukasýning lau. 21. okt.

**BJÖÐLEIKHÚSIÐ**

**Gísli Súrsson**

**GÍSLI SÚRSSON Í MÖGULEIKHÚSINU**  
Lau. 21. okt kl. 20. - Sun. 22. okt kl. 20 - Fim. 26. okt kl. 20 **UPPSELT**  
Aðeins þessar þrjár sýningar!

**GÍSLI SÚRSSON Í HVERAGERÐI**  
Fös. 20. okt. kl. 20:30

**GÍSLI SÚRSSON Á AKRANESI**  
Mið. 25. okt. kl. 20

Miðapantanir í síma: 5622669 & [kmedia@kmedia.is](mailto:kmedia@kmedia.is)

**Draumasmíðjan í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið kynnis:**

**Viðtalið**

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og Margréti Pétursdóttur

Vegna áskorana sýnum við aftur **Viðtalið** í kvöld kl. 20:00 í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**



# Gísli Súrsson sunnan heiða

Kómedíuleikhúsið sýnir einleikinn um Gísli Súrsson sunnan heiða nú um helgina. Höfundur verksins og leikstjóri er Elfar Logi Hannesson sem nú ferðast í þriðja leikárið í röð með þennan fræga kapp í farteskinu.



ELFAR LOGI HANNESSON Vígalegur í hlutverki Gísla Súrssonar.

Kómedíuleikhúsið er fyrsta atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum og annað þriggja sem starfrækt er utan höfuðborgarsvæðisins. Leikhúsið var stofnað árið 1997 af Elfari Loga Hannessyni og Róberti Snorrassyni. Meðal leikverka sem leikhúsið hefur sýnt eru Tröllíð sem þrjónaði, Töfrataskan og Kómedía ópus eitt. Síðan árið 2001 hefur Kómedíuleikhúsið einbeitt sér að einleikjum og meðal annars staðið fyrir útgáfu á leiktextum einleikja og fyrir einleikjahátíðinni ACT Alone.

Örlagasaga Gísla Súrssonar var frumsýnd í febrúar árið 2005. Nú verður verkið sýnt í leikhúsinu Völundi í Hveragerði kl. 20.30 annað kvöld en svo hyggst Elfar gera strandhögg í Möguleikhúsinu við Hlemm.

Elvar er víðföruill en hann er nýkominn frá Hannover í Bandaríkjunum þar sem einleikurinn

um Gísla vann til verðlauna fyrir besta handrit á leiklistarhátíð þar í borg.

Sýningin um Gísla Súrsson hefur hlotið afbragðsgóða dóma jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda og hefur leikurinn sérstaklega lagst vel í unga fólkið enda er sagan sett fram á aðgengilegan hátt og textinn fluttur á nútímamáli.

Gísli Súrsson byggir á einni af þekktustu Íslendingasöggunu en sagan hefur verið kennd í grunnskólum landsins um árabíl.

Leikurinn segir af örlögum Gísla Súrssonar og fjölskyldu hans sem tekur land í Haukadal í Dýrafirði. Gengur þeim allt í haginn í fyrstu og verða karlmenn ættarinnar hinir mestu höfðingjar. En skjótt skipast veður í lofti og brátt er farið að fella mann og annan. Þetta endar loks með því að Gísli er útlægur ger.

Aðeins þrjár sýningar verða á höfuðborgarsvæðinu að þessu sinni, á laugardag og sunnudag kl. 20 og síðan föstudaginn 26. október en uppselt er á þá sýningu.

Jón St. Kristjánsson leikstjóri verkinu en þeir félagar unnu leikgerð sögunnar í sameiningu. Leikmynd er jafnframt eftir Jón Stefán en leikmuni gerði Marsibil G. Kristjánssdóttir og búaingahöfundur er Alda Sigurðardóttir. Upplýsingar um miðasölu má finna á heimasíðu Möguleikhússins, [www.moguleikhusid.is](http://www.moguleikhusid.is)

- pbb

# Kaurismaki bannar mynd sína í Óskar

Ari Kaurismaki, finnski leikstjóriinn góðkunnur, hefur lagt blátt bann við að kvikmynd hans Ljós í svartamyrkri fari í forval til Óskarsverðlauna fyrir Finnlands hönd. Það þýðir að engin kvikmynd verður lögð fram af hálfu Finna til Óskarsverðlauna eftir áramótin. Tók finnska kvikmyndastofnunin af skarið með það að því er Ritzau-fréttastofan hefur greint frá. Árið 2003 afþakkaði Kaurismaki boð á Óskarshátíðina þar sem Maður án fortíðar hafði verið valin í keppnina



AKI KAURISMAKI

um titilinn besta erlenda leikna myndin. Þá var það innrásin í Írak sem varð til þess að Ari var víðs fjarri. Ari er þekktur fyrir sínar dökku og sparlegu kvikmyndir af löndum sínum en nýtur mikils álits.

Börn eftir Ragnar Bragason var valin til keppinnar fyrir Íslands hönd. Mót-mæli Kaurismakis gætu dregið dilk á eftir sér fari fleiri á fordæmi hans, en andstaða við Íraksstríðið fer nú vaxandi víða um lönd meðal listamanna.

- pbb

**VELKO**  
Aðgangur að  
**ÞJÓÐARSALIN**

Landbankinn

MIÐAPANTANIR:  
GSM: 694 8900 / [midasala@einleikhusid.is](http://midasala@einleikhusid.is)


**Fös. 20. okt. kl.20-** Nokkur sæti laus  
**Lau. 21. okt. kl.20-** Laus sæti  
**Fös. 27. okt. kl.20**  
**Lau. 28. okt. kl.20**  
"SÝNINGIN ER GALDUR" M.E. RÁS 2  
ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins  
Nánari upplýsingar á: [einleikhusid.is](http://einleikhusid.is).  
Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

# Álfar og skrímsli

Ungir lestrarhestar kannast án efa við Benedikt búálf íbúa í Álfheimum en nú er komin út sjöunda bókin um þennan glaðlynda pilt og ber hún titilinn Svarta Nornin.

Sem fyrr lendir Benedikt í svaðalegum ævintýrum þegar hann rekt á pinkli í pósti Dídíar vinkonu sinnar og opnar hann með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það sem leynist í pakkanum reynist hættulegra en nokkurn álf hefði grunað, það lamar ekki aðeins búálfinn knáa heldur hefur áhrif á allt líf í Álfheimum. Þeir einu sem geta bjargað Álfheimum eru kapparnir Ari elþurs og Raggi dreki. En þeim líst alls ekki



ÆVINTÝRI BÚÁLFSINS Sjöunda bókin um Benedikt búálf er komin út.

á blikuna. Getu þeir, tveir litlir þjappar, ráðið við svörtu nornina og bölvun hennar?

Höfundur sögunnar um Benedikt búálf er Ólaf Gunnar Guðlaugsson en forlagið Mál og menning gefur bókina út.

Hjá sama forlagi er ennfremur komin út bókin Stór skrímsli gráta ekki eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. Sagan er framhald verðlaunabókarinnar Nei! sagði litla skrímslið sem kom út árið 2004 hlaut frábærar viðtökur á Íslandi og í Svíþjóð og Færeyjum en fyrir hana hlaut Áslaug Jónsdóttir meðal annars íslensku myndskreytverðlaunin Dimmalimm.

**Þrottámið**  
in  
**kvemabúrinu**  
W. A. MOZART

**ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR**

**BROTTHNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU** - eftir W. A. Mozart 25 ára og yngri: 50% afsl.  
7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING  
Kynning fyrir sýningu í boði VIÓ kl. 19.15

**SKUGGALÉIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER** - miðasala hafin

Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjórn  
Samstarfsverkefni Íslensku Óperunnar og Strengjaleikhússins

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ fyrir alla!**

**STÓRA SVIDIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggð á sögum Svövu Jakobsdóttur.  
Fös. 20/10 örfá sæti laus, aukasýning lau. 21/10. **Allra síðasta sýning!**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter  
Frumssýning 27/10 **uppselt**, lau. 28/10 **uppselt**, sun. 29/10 örfá sæti laus, lau. 4/11 örfá sæti laus, sun. 5/11 örfá sæti laus, lau. 11/11 örfá sæti laus, sun. 12/11 örfá sæti laus.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
Lau. 21/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 11/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 **uppselt**, fim. 9/11 örfá sæti laus, fös. 10/11 örfá sæti laus.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fös. 20/10 örfá sæti laus, lau. 21/10 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 17:00 **uppselt**.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.  
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

**FOSSÉ HÁTÍÐ:**

**SUZANNAH** eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson  
Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.  
Í kvöld fim. 19/10 örfá sæti laus, fös. 20/10.

**NAFNID OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse  
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**  
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.  
Lau. 21/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, sun. 22/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, lau. 28/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, sun. 29/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 örfá sæti laus, lau. 4/11 kl. 11:00 og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 11:00 og kl. 12:15.

**Farandleikisýning í framhaldsskólum landsins í október**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker  
Í dag fim. 19/10 kl. 16:00 í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði, Húsavík fös. 20/10 kl. 16:00 og 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



ALLIR VITA AÐ SKRÍMSLI GRÁTA EKKI Stóra skrímslið verður voðalega sorgmætt.

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
sýnir í kvöld **VIÐ**

**ERUM**

**KOMIN**

Við erum komin eftir Ólöfu Ingólfssdóttur  
Hver um sig eftir Vaðal  
Aðrar sýningar:  
20-22-október  
Miðasala í Borgarleikhúsinu  
s. 568 8000 eða á [www.id.is](http://www.id.is)

[ Íd ]



## GOTT GLÁP

**The Da Vinci Code:** Tom Hanks er kannski ekki sá besti í hlutverki Roberts Langdon en fyrir þá sem hafa ekki lesið bókina er myndin þrýðileg skemmtun.



**X-Men: Last Stand:** Síðasta myndin um X-Man flokk Charles Xavier stendur forverum sínum ekki langt að baki, tilvalin í tækni á föstudagskvöldi.



**Poseidon:** Kvikmynd fyrir þá sem hafa gaman af hetjudáðum og stórslysa-myndum. Ekki skemmir nærvera Kurts Russell.

**Goodfellas:** Fint að hita aðeins upp fyrir nýjustu kvikmynd Martin Scorsese en The Departed stendur þessari mynd vist ekki langt að baki.

## bío

bio@frettabladid.is



## KVIKMYNDANJÖRÐURINN SIGURJÓN KJARTANSSON, GRÍNARI

## Vill klára Geirfinnsmyndina

## Eftirlætis kvikmynd:

Planes, trains and automobiles með Steve Martin og John Candy.

## Uppáhaldsleikstjóri:

Brian De Palma sem gerði bæði Scarface og Untouchables

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**

Ég lék einu sinni í helvíti finni mynd um Geirfinnsmálið sem aldrei var kláruð. Þar var leikstjóri Viðar Víkingsson og á móti mér léku ekki ómerkari menn en Sigmundur Ernir Rúnarson, Ævar Örn Jósepsson og Gulli Helga. Ég lék gríðarlega ábúðarfullan rannsóknalögreglumann. Þessa mynd myndi ég vilja sjá kláraða takk fyrir.



SIGURJÓN KJARTANSSON

## Eftirminnilegasta atriðið:

Skólaballið hennar Carrie í samnefndri mynd eftir De Palma, fær svína-blóð í hausinn.



JACK BLACK

## Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:

Grínistinn Jack Black

## Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Tom Cruise fær þann titil, án nokkurs vafa.

## Mesti skúrkurinn:

Ralph Fiennes sem nasistinn í Schindler's list, illmenni af verstu gerð.

## Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?

Erfitt að velja á milli Mels Gibson og Wills Smith.

AF HVÍTA TJALDINU  
Pórarinn Pórarinnsson

## Scorsese á heimavelli

Leikstjórinn Martin Scorsese er í toppformi í sinni nýjustu mynd The Departed og gagnrýnendur halda vart vatni af hrifningu. Handrit myndarinnar er byggt á Hong Kong myndinni Infernal Affairs en sagan er færð með miklum ágætum til Boston þar sem löggur og bófar takast á með miklum bægslagangi.

Það er því óhætt að segja að Scorsese sé kominn aftur á kunnuglegar slóðir en hann er, eins og dæmin sanna, áberandi bestur þegar hann fæst við glæpahyski og durta. The Departed ber öll helstu höfundar-einkenni leikstjórans sem nær ótrúlega miklu út úr vöskum leikhópnum.

Myndin kemst næstum því með tærnar þar sem Scorsese hafði hælana í Goodfellas og Casino og sem fyrr hefur hann einstakt lag á að útfæra ofbeldi á ónotalega smekklegan hátt.

Scorsese gerði Casino árið 1995 og síðan þá hefur hann látið mafíósa eiga sig og gert ágætis myndir á borð við Gangs of New York og Aviator en það verður að segjast eins og er að það fer mannum langbest að blanda sér í skipulagða glæpastarfsemi.

Robert De Niro hefur idulega borið bestu myndir Scorsese uppi en hann hefur nú skipt sínum manni út fyrir Jack Nicholson sem kemur inn af fullum krafti og er mun ferskari en De Niro hefur verið síðustu ár. Samstarf þessa tveggja risa í amerískri kvikmyndagerð er því bæði heppilegt og löngu tímabært. De Niro hefur staðnað og getur vart leikið nokkuð annað en sjálfan sig.

Scorsese er hins vegar enn ferskur og eins og góður þjálfari verður hann að skipta markakóngi sínum út þegar hann hættir að skora en þá er ekki ónýtt að vera með hamhleypu eins og Nicholson á kantinum.



## Erlendur var þraut til að leysa

Íslenska sakamálamyndin Mýrin í leikstjórn Baltasars Kormáks verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin byggir, eins og alþjóð sjálfsagt veit, á samnefndri skáldsögu Arnaldar Indriðasonar um rannsóknarlögreglumanninn Erlend. Þórarinn Þórarinnsson ræddi við Ingvar E. Sigurðsson sem túlkar Erlend á hvíta tjaldinu.

Glæpasögur Arnaldar hafa notið fádæma vinsælda á Íslandi síðustu ár og það er því óhætt að fullyrða að aðlögun Mýrarinnar að kvikmyndaforminu hafi verið beðið með talsverðri eftirvæntingu. Ingvar er meðvitaður um áhugann en lætur það ekki hræða sig þó vænn hluti þjóðarinnar hafi myndað sér skoðun á persónunni og fjöldi lesenda sé búinn að búa sér til ákveðna mynd af lögreglumanninum.

## Gæti verið Erlendur

„Mér fannst Erlendur vera þraut til að leysa,“ segir Ingvar. „Ég þekkti lítið til hans þegar þetta kom upp og byrjaði á því að lesa allar bækurnar. Ég sá alveg fyrir mér að ég gæti leikið mann sem er aðeins eldri en ég sjálfur enda er ég að verða 43 ára og Erlendur þarf ekki að vera mikið eldri en ég er. Það gengur líka alveg upp að maður á þessum aldri eigi langan feril í lögreglunni að baki og ég gæti alveg átt dóttur um tvítugt eins og Erlendur. Ég sannfærði mig því um að þetta væri ekkert mál og ég gæti alveg gert þetta.“

Ingvar segist hafa reynt að gefa Erlendi þá vigt sem hann á skilið og hentar honum og það hafi ekki þurft átakanlegan undirbúning til þess. „Þetta var fyrst og fremst gott verkefni.“

## Stelst til að leika lifandi persónu

Vinsældir bóka Arnaldar um Erlend eru slíkar að framhaldsmyndir hljóta að koma til tals og Ingvar segist vel vera tilbúinn til þess að vinna áfram með persónuna. „Ef



INGVAR E. SIGURÐSSON Reyndi að gefa Erlendi þá vikt sem hann á skilið og þurfti ekki að hafa mikið fyrir því að setja sig í spor þessa veðraða rannsóknarlögreglumanns.



ERLENDUR Rannsóknarlögreglumaðurinn hefur í nógu að snúast þegar lík finnst í Norðurmyrinni en líkfundurinn á eftir að vinda upp á sig þannig að Erlendur þarf að leysa flókna ráðgátu.

myndin verður vinsæl og Arnaldur samþykkir fleiri myndir þá er ég tilbúinn en við sjáum bara til. Ég er ekki einu sinni að hugsa um þennan möguleika,“ segir Ingvar og bætir því við að það sé að mörgu leyti sérstakt að leika persónu sem er enn í þróun eins og Erlendur. „Bækurnar um hann eiga kannski eftir að verða fleiri, hver veit, og það er svolítið

skrýtið að leika svona persónu enda er þetta eins og maður sé nánast að stelast til að leika mann sem er á lífi og býr Reykjavík.“

## Fastur í London

Ingvar og Baltasar hafa oft unnið saman og Ingvar lætur ákaflega vel að samstarfinu við þennan gamla félagu sinn við gerð Mýrarinnar. „Þetta var æðislega gaman og andrúmsloftið á tökustað var mjög gott. Þetta var ekki stór hópur og við þekkjumst öll vel.“

Ingvar er staddur í London þar sem hann leikur á sviði í Hamskiptunum eftir Kafka og hann getur því ekki verið viðstaddur frumsýningu myndarinnar. „Því miður kemst ég ekki. Ég er búinn að reyna allt þannig að það er ekki af áhugaleysi sem ég verð fjarverandi og mér finnst þetta ferlega leiðinlegt.“

Hamskiptin hafa gengið vonum framár í London en Ingvar er væntanlegur heim í lok mánaðarinnar. „Þetta hefur gengið rosalega vel og leikhússtjórinn er mjög ánægður með hvernig gengur í miðasölunni,“ segir Ingvar sem unnið hafa sínum vel í London þó hann geti ekki fagnað frumsýningu Mýrarinnar með félögum sínum.“

## Líf og fjör í London

Kvikmyndahátíðin í London hófst í gær en þetta er í fimmtugasta sinn sem hátíðin er haldin í borginni. Gala-opnunarmynd hátíðarinnar er The Last King of Scotland þar sem Forest Whitaker þykir fara á kostum í hlutverki Idi Amins, fyrrverandi einræðisherra í Úganda.

Fjöldi nýrra breskra mynda er á dagskrá hátíðarinnar auk þess sem franskri kvikmyndagerð verður gerð nokkur skil en alls eru myndirnar á hátíðinni sýndar í níu efnisflokkum.

Samkvæmt venju heiðrar fjöldi góðra gesta hátíðina og þar á meðal má nefna Forest Whitaker sem mun ræða feril sinn og samstarf við fjölskrúðugan hóp leikstjóra um árin. John Cameron Mitchell talar um kynlíf í kvikmyndunum



FOREST WHITAKER Er einn gesta á kvikmyndahátíðinni í London og myndin The Last King of Scotland er opunarmynd hátíðarinnar en þar leikur hann sjálfan Idi Amin.

hin opinskáa mynd hans Shortbus er á dagskrá hátíðarinnar og Hollendingurinn Paul Verhoeven (Basic Instinct, Robocop) mun tjá sig um verk sín.

Babel eftir Alejandro González Iñárritu er sýnd í flokki með Fast Food Nation og Shortbus en allar vöktu þessar myndir athygli á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor og þar hlaut Iñárritu leikstjóra-verðlaunin fyrir Babel.

Gamanmyndin Borat mun einnig setja svip sinn á hátíðina sem býður upp á nokkrar myndir sem Íslendingum gafst kostur á að sjá á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík á dögnum en þar á meðal eru Red Road, Falling, eftir Barbara Albert, og The US vs. John Lennon.

NÚ HAFNA SIMSARNIR FENGIÐ SÉR GÆLUDYR!  
Bædu til þinar eigin tegundir, eða veldu þér gæludyr af hvaða tegund sem er. Simsarnir hafa aldrei skemmt sér betur.

LENDIR 19. OKTÓBER Í BT-VOFF!

**The Sims 2 Pets**

SENDU SMS BTC SPF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID!  
ADALVINNINGUR TOSHIBA FARTÖLVA OG SIMS 2 PETS

Vinningar eru Sims 2 Pets leikir + Aðrir Sims leikir P52 styrjappar + P52 minnikeyr + DVD myndir Fullt af aðrum tölvuleikjum og margt fleira.

BT



# Systur sameinaðar

Systurnar Hilary Duff og Haylie Duff leika í fyrsta skipti saman í gamanmyndinni Material Girls, sem verður frumsýnd hérlandis á morgun.

Myndin fjallar um systurnar Marchettu (Hilary) og Övu (Haylie) sem lifa hinu ljúfa lífi. Faðir þeirra heitinn arfleiddi þær að stóru tískufyrirtæki en í stað þess að einbeita sér að því eru þær uppteknar af útlitinu og hvort þær komist inn í réttu klúbbana.

Eftir að hafa fengið slæma útreið í fjölmiðlum þurfa þær á endanum að átta sig á því hvort þær vilji halda sjálfar uppi merki fyrirtækisins sem faðir þeirra byggði frá grunni eða selja það til erkióvinarins Fabiellu (Anjelica



**MATERIAL GIRLS** Systurnar Hilary og Haylie Duff fara með aðalhlutverkum í Material Girls.

Houston). Leikstjóri myndarinnar er Martha Coolidge sem áður sendi frá sér Valley Girl og Rambling Rose.

# Björgunarsundmenn í vanda

Spennumyndin The Guardian skartar Kevin Costner og Ashton Kutcher í aðalhlutverkum. Fjallar hún um björgunarsundmanninn Ben Randall (Costner) sem er sá eini sem lifir af mikið sjóslýs. Gegn vilja sínum er hann fenginn til að kenna ungum mönnum, þar á meðal Jake Fischer (Kutcher) að verða hæfir björgunarsundmenn hjá bandarísku strandgæslunni.

Randall, sem er enn að jafna sig eftir sjóslýsið, beitir óhefðbundnum kennsluáferðum sem eiga eftir að hrista ærlega upp í nemendum.

Myndin var unnin í nánú samstarfi við núverandi og fyrrverandi starfsmenn strandgæslunn-



**THE GUARDIAN** Spennumyndin The Guardian skartar Kevin Costner og Ashton Kutcher í aðalhlutverkum.

ar, sem kenndu leikurinum hvernig ætti að bera sig að í sjónum.

Leikstjóri er Andrew Davis, sem meðal annars hefur leikstýrt The Fugitive.

## ÚR VERINU

### Teiknimynd um páfa

Vatikanið í Róm sýndi núverið klukkutíma langa teiknimynd um ævi og störf Jóhannesar Páls páfa II. Myndin er framleidd af spænsku fyrirtæki og er ætluin með gerð hennar að vekja athygli ungs fólks sem aldrei hefur heyrt um Jóhannes á honum, á máli sem ungvíðir skilur. Myndin sýnir uppvaxtarár hins unga **Karol Woityla** í Póllandi áður en hann var kjörinn páfi árið 1978 og þá er morðtilrauninni 1981 einnig gerð góð skil.



### Lee undirbýr Ólympíuleikana

Taíenski leikstjórinn Ang Lee hefur verið ráðinn af stjórnvöldum í Peking til að stjórna opnunaráhöfn Ólympíuleikanna sem fara fram í borginni árið 2008. Lee er hvað þekktastur fyrir hið sjónræna meistarastykki

Crouching Tiger, Hidden Dragon en hlaut Óskarsverðlaun sem bestu leikstjóri ársins í fyrra fyrir myndina Brokeback Mountain. Þetta hefur vakið mikla athygli því stjórnvöld í alþýðulýðveldinu Kína viðurkenna ekki sjálfstæði Tælands.



## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

### DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Mýrin**  
Engir dómur komnir



**The Guardian**  
Internet Movie Database 6.5/10  
Rottentomatoes.com 37% = Rotin  
Metacritic.com 53/100




**Material Girls**  
Internet Movie Database 2,0/10  
Rottentomatoes.com 6% = Rotin  
Metacritic.com 17/100

# Gjafahandbók Flugstöðvarinnar er komin út



Dagana **12. október – 21. nóvember** geta farþegar nálgast Gjafahandbók Flugstöðvarinnar í öllum verslunum Flugstöðvarinnar og á heimasíðunni [www.airport.is](http://www.airport.is).

Gjafahandbókin er jafnframt happadrættismiði og geta heppnir farþegar unnið til glæsilegra vinninga. Dreigið er út vikulega og eru vinningsnúmer auglýst á heimasíðu Flugstöðvarinnar [www.airport.is](http://www.airport.is)



## Góðir farþegar

Vegna framkvæmda í flugstöðinni og aukinna öryggisráðstafanna hvetjum við fólk til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Mætið tímanlega og njótið ferðarinnar. Innritun hefst **kl. 5.00** eða **2 tímum** fyrir brottför.

**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR**





### > Prófaðu...

... að nýta litskrúð haustsins til að lifga upp á matarborðið. Haustlauf í falllegum glervasa eru ein besta borðskreyting sem völ er á. Þeim má líka stinga inn í servíettuhringi eða dreifa yfir borðúkin.

## matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



### MATGÆÐINGURINN EDDA SVERRISDÓTTIR VERSLUNARMAÐUR

## Borðaði skröltorm í Bandaríkjunum

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**  
Ætli það sé ekki bara lambakjöt.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**  
Það er hreindýrið sem ég hef alltaf á jölunum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**

Já, japanskar baunir sem eru bornar fram hálfúldnar. Þær eru límkennar og slímugar og alveg hryllilega vondur réttur. Ég fékk þær einu sinni sem meðlæti í óskaplega finu matarboði í Ameríku.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**

Réttur sem ég kalla „hreinsað úr ísskápnum“. Þá nota ég fullt af grænmeti og rjómaost, sýð pasta og bý til eitthvað gúmmulaði með. Fjölskyldunni finnst það óskaplega gott.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**

Allavega ekki sælgæti. Það væri frekar foie gras, það gleður alltaf.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**

Það er ekkert eitt sem ég á alltaf til. **Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**

Kallinn minn. Og kartöflur, ég gæti látið þær spíra og ræktað fleiri.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**

Skröltormur sem ég fékk úti í Bandaríkjunum. Hann var ósköp finn, minnti þínulítið á frosk. Mér finnst froskar voða góðir.



### ÞRÚGUR GLEÐINNAR

Einar Logi Vignisson

## Shiraz sætari en syrah

Þrúgan sem ýmist gengur undir nafninu syrah eða shiraz er ein gjöfulasta rauðvinsþrúga heims. Hún er mest áberandi þeirra fjögurra þrúga sem kynntar eru á uppskerudögum í vínbúðum sem nú standa yfir. Tæpur helmingur allra vinnanna á uppskerudögum eru úr þessari þrúgu og það sem meira er, vinnin sem boðið er upp á á lækkuðu verði eru mörg hver afbragðs góð. Innan við fjórðungur syrah/shiraz vinnanna er ódýrustu og einföldustu vinnin, eins og svo sorglega algengt er á þemadögum. Meginhluti vinnanna eru býsna athyglisverð með talsverðri slagsíðu úr nýja heiminum. Þannig eru vín frá Ástralíu meirihlutinn af því sem í boði er og næst á eftir fylgja vín frá Suður-Afríku. Vín frá Frakklandi eru hins vegar sorglega fá og endurspeglar það þá staðreynd að frönsk vín eru einfaldlega ekki í tísku. Vagga syrah-þrúgunnar er hins vegar í Frakklandi og enginn verður fullnuma í henni nema kynna sér frönsk vín. Þrúgan er sögð ættuð frá Íran en í Rónardalnum plöntuðu Rómverjar henni og öldum saman hafa þar verið framleidd stór og mikil vín, þykk, tannísk og afar endingargóð. Frægust syrah-vína eru Hermitage og Côte Rotie. Löngum hefur henni verið blandað saman við aðrar þrúgur og þekktust eflaust sambúðin við grenache-þrúguna í vínunum frá Chateauf-neuf-du-Pape. Þessa blöndu hafa Ástralir lagað að sínu höfði og smellt gjarnan hinni lítt þekktu þrúgu mourvedre við. Úr verða vín sem bera gjarnan skammstöfunina GSM eftir upphafsstöfum þrúgnanna þriggja. Utan Frakklands er þrúgan jafnan kölluð shiraz en þó er algerlega um sömu þrúguna að ræða. Til gamans og einföldunar má segja að shiraz frá nýja heiminum sé sætara en syrah frá gamla heiminum. Stíllinn er gjörólíkur, frönsku vinnin eru krefjandi en nýjaheims vinnin eru mýkri og ávaxtaríkari. Stundum kallaðar berja-sprengjur og þetta eru þau vín sem hafa slegið í gegn hjá neytendum sökum ljúfleika hin síðari ár. Sæt og bragðmikil vín sem gefa mikið fyrir peninginn ef komið er yfir ákveðið mark því segjast verður eins og er að heldur ber að forðast ódýrustu vinnin úr þessari annars góðu þrúgu. Í Frakklandi eru ódýrustu vinnin oft beisk og í ágætri handbók um vín var þeim líkt við malbik eða gamla járnbrautarteina! Ódýrustu áströlsku vinnin eru ekki hótinu betri, alltof lík berjasaf. Sem sagt, forðist þessi ódýrustu vín og kíkjið eftir vinnunum í milliverðflokk. Af þeim er nóg á uppskerudögum.



#### Á botninn hvolf:

Syrah er ilmrík þrúga, vinnin eru yfirleitt bragðmikil, krydduð og býsna há í alkóhóli. Þau eru góður valkostur með íslenskrí villibráð að hausti.



EGILL FANNAR KRISTJÁNSSON Eldaði sjaldan heima þegar hann hafði atvinnu af því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hugsar lítið um hollustu

**Egill Fannar Kristjánsson hefur unnið við að elda en hefur nú tekið sér hlé frá því. Hann titlar sig ferðalang og er á milli heimshornafلاكs eins og stendur.**

Egill segist vera duglegri að elda heima núna en þegar hann hafði atvinnu af matreiðslu. „Ég eldaði ekki reglulega þá,“ sagði hann. Egill deilir einfaldri og fljótlegru uppskrift að pastarétti með lesendum Fréttablaðsins, en honum þykir gott að eiga slíkar uppskriftir við hendina þegar lítill tími er til stefnu. „Það er fínt að geta hent í svona pastarétti á síðustu stundu,

þessi tekur varla meira en fimmtán, tuttugu mínútur,“ sagði hann, en kjúklingur er líka ofarlega á vinsældalistanum. Egill segist ekki hafa fallið fyrir hollustuæði því sem tröllriðið hefur landinu á undanföllum árum. „Ég elda bara það sem mig langar í og hugsa ekki of mikið um kaloríur,“ sagði hann.

Egill er ásamt fimm vinum sínum meðlimur í matarklúbbi sem hefur eðli málsins samkvæmt hlotið nafnið Matarklúbburinn. „Við skiptumst á að elda fyrir hópinn og byrjuðum á frekar óskemmtilegum réttum. Við höfum til dæmis borið fram slátur með rauðvíni. Núna erum við samt eiginlega hættrir í vitleysunni og farnir að elda virkilega góðan mat,“ sagði Egill.

#### Pepperónipasta fyrir fjóra

500 g pasta, til dæmis tagliatelle  
hálfur blaðlaukur  
slatti af sveppum  
hálf bréf af pepperóni  
hálf bréf af skinku  
1 piparostur  
hálfur litri matreiðslurjómi

Sjóðið pastað í potti. Steikið grænmetið á pönnu, hellið rjómanum yfir og látið suðuna koma upp. Bætið þá pepperóníu og skinkunni út í og látið malla. Bætið piparostinum við í lokin og látið hann bráðna. Ég ber þetta fram með pastanu og finnst gott að hafa hvítlauksbrauð og jafnvel ferskt salat með.

sunna@frettabladid.is

## Mexíkó á Laugaveginum

Mexíkóskur matur er í upphaldi hjá mörgum Íslendingum. Í versluninni Plaza Mexico, sem er til húsa að Laugavegi 70, kennir ýmissa grasa. Auk skartgripa og gjafavöru má þar finna ýmsa hápunkta úr mexíkóskri matargerð.

Eigandi búðarinnar, Vanessa G. Basañez Escobar, segir Íslendinga yfir höfuð vera opna og til í að prófa hvað sem er. „Fólk virðist samt halda að mexíkóskur matur sé mjög sterkur, en hann þarf ekki að vera það. Það er hægt að hreinsa chili og sleppa fræjunum,“ sagði hún, en í búðinni má einmitt finna nokkrar



#### LOGANDI STERKUR CHILI-PIPAR

Ef piparinn er fræhreinsaður ofbýður hann ekki viðkvæmum bragðlaukum, segir Vanessa.



VANESSA Í PLAZA MEXICO Ætlar að bjóða gestum og gangandi að smakka lífrænt kaffi, kakó eða te á laugardögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

gerðir af þurrkuðum chili-pipar. Þar má einnig nálgast tilbúna maístortillur, eða maismjöl ef fólk vill búa þær til sjálft. Vanessa mælir sérstaklega með mexíkóskum sósum og achiote-marineringu. „Við erum með nokkrar gerðir af sósum, þar á meðal mole, sem inniheldur meðal annars súkkulaði og chili og er frábær með kjúklingi. Achiote-þykkni má blanda við appelsínusafa til að búa til marineringu sem er mjög góð með svínakjöti,“ sagði Vanessa. Matreiðslunámskeið á vegum

Vanessu og Plaza Mexico fara af stað á morgun, en þau verða haldin í Hússtjórnunarskóla Reykjavíkur. „Við ætlum meðal annars að búa til tortillur, sýna fólki hvernig hægt er að nota chili og kenna því hvaða pipar er sterkastur,“ sagði hún. Áhugasamir geta haft samband við Plaza Mexico til að skrá sig. Fólk í leit að skyndilausn þarf þó ekki að örvænta, því í búðinni má nálgast ýmsar uppskriftir sem getu glatt bragðlauka unnda mexíkóskrar matargerðar.

- sun

Sérverslun með sjávarfang



## FYLGIFISKAR

Kíktu á heimasíðu okkar **fylgifiskar.is**:

uppskriftir,  
upplýsingar,  
póstlistinn,  
og fleiri fylgifiskar.

Verið velkomin



FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is





# Takk

FYRIR AÐ HLUSTA!

**Ný könnun - aldrei vinsælli**  
Samkvæmt nýjustu dagbókarkönnun  
Capacent - Gallup\* er FM957 lang-  
sterkasti miðill ungs fólks í dag.  
Þetta er mikil hvatning fyrir FM957  
og við þökkum hlustendum okkar  
fyrir að taka þátt og standa  
með okkur.

**FM957**

**CoolBrands**

FM957 sigurvegari  
COOLBRANDS 2006!



# McCartney sagður ofbeldishneigður

Í skjölum sem breska götublaðið The Mirror komst yfir er greint frá því að Heather Mills haldi því fram að McCartney hafi verið drykkfelldur og ofbeldishneigður síðustu ár hjónabandsins. Samkvæmt frétt The Mirror á bítillinn fyrrverandi að hafa lamið Mills á meðan hún var ólétt, tekið hana hálstaki, hent í hana vinglasi og ýtt henni ofan í tómtdaðkar.

Mills segir enn fremur að McCartney hafi neytt áfengis ótæpalega og ólögleg vímuefni sem hafi orðið til þess að hann missti stjórn á skapi sínu með fyrrgreindum afleiðingum. Vinir tónlistarmannsins segja McCartney vera í öngum sínum yfir þessum ásökunum. „Hann neitar þessu með öllu og

trúir því hreinlega ekki að hann skuli sakaður um eitthvað af þessu. Hann er óskureiður því hann vildi Mills aðeins vel,“ sagði vinur McCartney.

Í mállsskjölunum er greint frá árás sem á að hafa átt sér stað í Los Angeles árið 2002. Þá á Paul að hafa tekið um hálsinn á Mills og skellt henni upp á kaffiborð. Ári eftir þetta, þegar Mills gekk með dóttur þeirra Bea, á McCartney að hafa brjálást og ýtt henni ofan í baðkar. Í apríl síðastliðnum á McCartney síðan að hafa hella yfir Mills rauðvíni, brotið glasið og skorið fyrir-sætuna með glerbroti sem varð til þess að úr varð mjög stórt sár á oluboganum. McCartney á síðan að hafa þrýst Mills í hjólastól, farið



**ERFIÐUR SKILNAÐUR** Paul McCartney er sagður hafa lamið Heather Mills á síðustu árum hjónabandsins en hann neitar öllum sökum.

með hana út fyrir og óskrað að hún skyldi biðjast afsökunar á framferði sínu gagnvart sér. Málið verður tekið fyrir á næsta ári en reiknað

er með að skilnaðurinn geti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands enda McCartney einn ríkasti maður landsins. - fgg

# Stelpan úr GusGus orðin fullorðin

Það eru komin 12 ár síðan Hafdís Huld Þrastardóttir byrjaði að hoppa um á sviði í magabol með hljómsveitinni GusGus. Ýmislegt hefur breyst en stærstu tíðindin eru að fyrsta sólóplata Hafdísar er komin út. Platan er persónuleg og Hafdís segist heyra sig fullorðinast í gegnum plötuna.

„Ég er alveg rosalega ánægð með viðtökurnar. Eftir að hafa unnið að plötunni í nokkur ár er gaman að heyra að það er fleirum en mér sem finnst hún hljóma vel,“ segir tónlistararkonan Hafdís Huld Þrastardóttir sem gaf út sína fyrstu sólóplötu á dögnum. Platan heitir Dirty Paper Cup og er gefin út af litlu plötufyrirtæki í Bretlandi, Red Grape Records. Þegar hafa tvær smáskífur verið gefnar út af plötunni og sú seinni, Ski Jumper, er mikið spilið í útvarpi í Bretlandi um þessar mundir. Dirty Paper Cup hefur sömuleiðis fengið feiknagóðar viðtökur og gagnrýni-endur hafa verið á einu máli um ágæti hennar. Til að mynda fékk platan fjóra af fimm í einkunn hjá The Guardian.

## Stíft tónleikahald

Mikil vinna hefur farið í gerð plötunnar og margir þekktir tónlistarmenn lögðu Hafdís lítið. Þar ber helst að nefna Chris Corner úr hljómsveitinni Sneaker Pimps og Jim Abbiss, sem sá um gerð plötu Arctic Monkeys fyrir skemmstu.

Um þessar mundir er Hafdís á tónleikaferðalagi um Bretland. Ferðalagið er svo stíft að hún varð að afboða fyrirhugaða tónleika sína á Airwaves. „Þetta eru tuttugu tónleikar sem við tökum í október. Flestir staðirnir sem við spilum á taka um 200 gesti sem hentar okkur vel. Við erum með hljóðfæri eins og banjó og ukulele og svo stundum

leikfangahljóðfæri. Það er því ágætt að vera á þessum smærri stöðum,“ segir Hafdís.

## Fimm ára vinna við plötuna

Hafdís Huld var fimmtán ára þegar hún gekk til liðs við Gus Gus. Vegna ungs aldurs hennar þurftu foreldrar hennar að skrifa undir plötusamning með sveitinni fyrir hennar hönd. Hafdís kom fram með Gus Gus um nokkurra ára skeið þar til hún var óvænt rekin úr hljómsveitinni árið 1999. Eftir að hafa hugsað sinn gang ákvað hún að flytjast til London árið eftir og fara að vinna að eigin tónlist. Það tók þó tíma að finna sinn eigin tón og fyrst um sinn var Hafdís Huld mest í hlutverki gestasöngkonu hjá danshljómsveitum.

Árið 2003 kom Hafdís svo fram á Airwaves með hljómsveit sér til fulltingis og þá hafði hún fundið rétta farveginn í tónlistinni. Árið eftir hóf hún svo nám í upptöku- og tónsmíðum við LCCM-skólann í Lundúnum. Námið tók tvö ár og seinkaði fyrirhugaðri plötuútgáfu Hafdísar en hún sér alls ekki eftir því, segir að platan sé mun betri fyrir vikið.

„Ég er búin að læra að vera sjálfstæðari í tónlistinni. Nú get ég gert allt sjálf, frá upphafi til enda, og það gefur manni frelsi til að gera það sem maður vill sjálfur gera. Ég get sjálf til dæmis alveg heyrt mig fullorðinast í gegnum plötuna, fyrir mér er hún hálfgerð þroskasaga. Þess vegna er þessi jákvæða gagnrýni mér afskaplega mikils virði.“

## Orðin hálf-bresk

Nú eru liðin sex ár frá því Hafdís Huld fluttist til London og hún er farin að aðlagast bresku samfélagi vel. „Ég hef náttúrulega eytt öllum mínum fullorðinsárum hér. Ég er farin að drekka rosa mikið te og er eiginlega hætt að kippa mér upp við að vera boðið te á fimm mínútna fresti. Það fer meira að segja ekki mikið í taugarnar á mér lengur að allt sé teppalagt hérna, en ég hef þó ekki enn vanist því að að fara á



**HAFDÍS HULD ÞRASTARDÓTTIR** Sendi nýlega frá sér fyrstu sólóplötu sína og stefnir á að halda tónleika á Íslandi öðru hvoru megin við áramótin.

þöbbinn og borða franskar og bakadaðar baunir í öll mál. Líf mitt er voða mikið hér en samt finnst mér alltaf jafn yndislegt að koma heim til Íslands. Að borða brauð með osti í eldhúsinu hjá mömmu og pabba og fleira slíkt.“

Hafdís leigir íbúð í London með íslenskri vinkonu sinni sem er að læra grasalækningar og segir þær tvær „yndislega skrytna blöndu“. Áður hafði hún búið með íslenskum leiklistarnemum, þeim Anítu Briem og Álfrúnu Örnólfsdóttur en sú síðarnefnda lék einmitt með Hafdís í myndbandinu við fyrsta smáskífulag plötunnar. Þegar seinna myndbandið fór í sýningar uppgötvaði Hafdís að tónlist hennar gæti vakið athygli og notið vinsælda.

„Ég var að versla á Oxford-stræti með Söru vinkonu minni. Þegar við vorum inni í Topshop var svo myndbandið sýnt úti um allt á stórum skjám. Þarna var ég bara eitthvað að fíflast í Krísuvíkinni og það var sýnt alls staðar. Mér fannst það hálf ótrúlegt,“ segir Hafdís og hlær.

Framundan er stíf spilamennska hjá Hafdís og hljómsveitinni hennar. Platan verður gefin út í Frakklandi í byrjun nóvember og á Spáni og í Danmörku í byrjun næsta árs. Hún vonast þó til þess að geta komið til Íslands til að halda tónleika. „Okkur langar að fara stuttan túr. Það verður annað hvort í lok ársins eða í byrjun næsta árs. Þá geta vinir og vandamenn séð mig – og vonandi koma nokkrir í viðbót.“ hdm@frettabladid.is

## Hafdís Huld



**Á MAGABOLNUM** Hafdís á tónleikum með GusGus í Flugskýli 4 1999.



**ANDLIT GUSGUS** Hafdís í myndatöku með sveitinni snemma árs 1999.



**REKIN** Hafdís skömmu eftir að hún var rekin úr GusGus árið 1999.



**Á LEIÐ ÚT** Hafdís árið 2000, árið sem hún fluttist til London.



**LUNDÚNABÚ** Hafdís árið 2001 þegar hún söng með danshljómsveitinni FC Kahuna.



**ORÐIN FULLORÐIN** Hafdís árið 2006 þegar hún hefur sent frá sér fyrstu sólóplötu sína.

# Ætlar líka að ættleiða stelpu

Söngkonan Madonna hefur nú svarað fyrir gagnrýni fjölmiðla á ættleiðingu sinni en hún ættleiddi á dögnum árgamlan dreng frá Malaví sem kom til Bretlands í vikunni. Fjölmiðlar hafa hjakkað mikið á því að tilgangur ættleiðingarinnar sé aðeins að fá athygli og herma eftir Angelinu Jolie sem hefur ættleitt tvö börn. Einnig er Madonna sökuð um að hafa brotið lög í ættleiðingarferli sínu. Madonna segir að gagnrýnin fari fyrir brjóstið á henni og hún hafi aðeins viljað bjarga þessum unga dreng frá fátækt og eynd og stækka fjölskyldu sína og að engin lög hafi verið brotin við það.

Einnig segist hún vilja ættleiða unga telpu sem var á sama



**MADONNA** Vill nú ættleiða stúlkubarn líka og segir að gagnrýni breskra fjölmiðla fari fyrir brjóstið á henni.

munaðarleysingjahæli og drengurinn. „Þegar stúlkun horfði á mig með sorgmæddum augum

fékk ég sting í hjartað og ég verð að fara og sækja hana líka,“ segir bjargvætturinn Madonna.

## ÍSLAND Á TEIKNIBORÐINU

### HAUSTÞING FRAMTÍÐARLANDSINS

NORDICA SUNNUGAGINN 29. OKTÓBER KL. 10–16

Hvar erum við núna?

Hvert viljum við fara?

Hvernig getur framtíðarlandið lítið út?

Framtíðarlandið býður þér að teiknaborðinu til að skoða hugmyndir frumkvöðla og fagmanna af ólíkum sviðum íslensks atvinnulífs um fjölbreytta möguleika okkar og samspil þeirra. Hvar erum við? Hvert viljum við fara? Og hvaða áttavita eigum við að nota á leiðinni inn í framtíðina?

SKRÁNING Á FRAMTÍÐARLANDIÐ.IS





**BONO SAKNAR HATTINS SÍNS** Friður ekki í sjónmáli enn, því hart er barist um yfirráð yfir klæðnaði U2.

## Berst fyrir hatti sínum

Bono stendur þessa dagana í stappi við fyrrverandi stílista U2, sem vill ekki afhenda meðlimum U2 klæðnað sem þeir segja hann hafa hnuplað þegar hann vann fyrir þá. Stílistinn Lola Cashman heldur því hins vegar fram að henni hafi verið gefinn klæðnaðurinn, en meðal flíkanna er Stetson-hatturinn sem prýddi höfuð Bonos á umslagi plötunnar Rattle and Hum. Eftir að Lola reyndi að selja einhverjar flíkur á uppboði hjá Christie's árið 2002 gengu lögfræðingar U2 í málið til að stöðva hana. U2 vann málið gegn henni í fyrra, en ekki vildi betur til en svo að Lola áfrýjaði dómmnum og hefur Bono því neyðst til að mæta fyrir rétt í Dublin í þessari löngu forræðisdeilu um Stetson-hattinn góða.



**MEL B ÓLÉTT?** Leysti frá skjóðunni í verslunarferð í nærfatubúð.

## Mel B ólétt?

Eftir mikinn orðróm þess efnis að fyrrverandi kryddþían Mel B og Eddie Murphy muni ganga í það heilaga á næstunni, heldur the Sun því nú fram að söngfluglinn beri barn þeirra undir belti. Náinn vinur þarsins segir Mel vera komna fjóra mánuði á leið og parið vera yfir sig hamingjusamt með væntanlegan erfingja. Samkvæmt heimildum blaðsins gat Mel ekki haldið aftur af sér og sagði hverjum sem er af þunguninni í nýfstaðinni verslunarferð í versluninni Le Bra Lingerie í Los Angeles. Hún ýjaði jafnvel að því að von gæti verið á tvíburum, en þeir eru víst algengir í fjölskyldu Eddies. Grínistinn Eddie á sex börn fyrir, en Mel á dótturina Phoenix Chi með fyrrverandi eiginmanni sínum Jimmy Gulzar.



**CELINE DION** Ætlar að klára tónleikaröð sína í Las Vegas en mun svo láta reyna á það að eignast annað barn.

## Vill annað barn

Kanadíska söngfluglinn Celine Dion er farin að huga að því að eignast sitt annað barn. Dion er nú að ljúka tónleikaröð sinni á Caesar Palace hótelinu í Las Vegas en hún hefur verið gríðarlega vinsæl vestanhafs. Hún á eitt ár eftir á samningi síðan þar og svo hyggst hún láta reyna á að eignast annað barn. Dion er gift upptökustjóranum Réne Angélie og eiga þau saman eina dóttur. Dion segist þó munu sjá eftir tónleikum sínum. „Það verður erfitt að kveðja fólkið og aðdáendurna en það er aldrei að vita hvenær ég kem aftur.“

## Verslówaves vinsæl

Tónlistarvikunni Verslówaves lýkur í Verslunarskólanum í dag með tónleikum Kalla sem áður var í Tenderfoot og Mugison.

Alla vikuna hafa listamenn sem koma fram á Airwaves-hátíðinni spilað í Verslunarskólanum í frímínútum við góðar undirtektir. Þegar hafa Æla, Original Melody, Forgotten Lores og Pétur Ben komið fram.

Þetta er í annað sinn sem Versló-waves er haldin en í fyrra tróðu þar m.a. upp Lokbrá, Jan Mayen, Úlpa og Lára. „Við ætluðum að hafa tónleika í fyrra og ákváðum bara að hafa þetta grand og hafa heila viku,“ segir Björgvin Ivar Baldursson sem stendur fyrir tónlistarvikunni. „Við höfum feng-



**NEMENDUR** Versló-waves hefur fengið góðar undirtektir hjá nemendum skólans. MYND/LILJA GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR

ió mjög góð viðbrögð og þetta var hápunkturinn í félagslífinu í fyrra,“ segir hann.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison spilar í Versló í dag. MYND/DANIEL

## Á báðum áttum

Fótboltafrúin Victoria Beckham er að íhuga það að afþakka boð bandarískrar sjónvarpsstöðvar um að stjórna sínum eigin raunveruleikaþætti sem tengdur verður tísku. Victoria er á báðum áttum hvort hún eigi að halda til Bandaríkjanna eða vera í Madrid hjá fjölskyldu sinni. Breska dagblaðið Daily Express greinir frá þessu og segir ákvörðunina valda Victoríu miklu hugarangri, fjölskyldan eða framinn?



**VICTORIA BECKHAM**



### Hver segir að fjölskylduboð geti ekki verið fjör?

Þabbi sagði að það yrði fjölskylduboð um helgina. Frábært. Einmitt það sem mig langaði að eyða sunnudeginum í. Eða þannig. En þegar til kom þá voru allir þarna. Öll fjölskyldan. Og veistu hvað – það var bara ótrúlega gaman.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone







Nelgdi fyrsta sætið þegar hún var sýnd í USA fyrir nokkru.

„Nýtt lágmark“  
WASHTON ON TIMES  
★★★★  
N.Y. TOPP 5 IS  
★★★★  
H.D. - 881

**Biluð skemmtun!**

**Jackass number two**

**Varúð** Þrælurinn í þessari mynd varu framkvæmdar af atvinnuáttum, þannig að hvorki þú né heimsku lítu vini þínu ættu að reyna að leika þær aftur.

Þrullabasta  
The Wild  
ÓBYGGDIRNAR  
Sýnd með íslensku og ensku tali

Frá leikstjóra „The Fugitive“  
KYLE COETNER... KEVIN KUTCHER  
**THE GUARDIAN**  
Ekki missa af kraftmestu spennu mynd ársins.

★★★★  
EMPIRE  
★★★★  
BBC  
★★★★  
TOPP 5 IS  
★★★★  
ROLLING STONE

Nýjasta stórvirkið frá  
**Oliver Stone**  
NICOLAS CAGE  
**WORLD TRADE CENTER**  
Stórmynd sem lætur engan ónsortin.

Trullabasta  
ÓBYGGDIRNAR  
Sýnd með íslensku og ensku tali

**BÖRN**  
Kvikmynd eftir Ragnar Bragason

SAMBÍÖN / ÁLFABAKKA			
JACKASS NUMBER TWO	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	B.12	
JACKASS NUMBER TWO VIP	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10		
THE THIEF LORD	kl. 4 - 6 - 8	Leyfð	
WORLD TRADE CENTER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.12	
BEERFEST	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15	B.12	
NACHO LIBRE	kl. 10:10	B.17	
BÖRN	kl. 8	B.12	
STEP UP	kl. 5:50 - 10:10	B.17	
ÓBYGGDIRNAR Mf-Ísl.tal	kl. 4	Leyfð	
MAURAHRELLIRINN Mf-Ísl.tal	kl. 3:40	Leyfð	

SAMBÍÖN / KRINGLUNNI			
BEERFEST	kl. 5:45 - 8 - 10:10	B.12	
THE GUARDIAN	forsýnd. kl. 8	B.12	
THE THIEF LORD	kl. 6	Leyfð	
HARSH TIMES	kl. 10:10	B.16	
BÖRN	kl. 8	B.12	
ÓBYGGDIRNAR Mf-Ísl.tal	kl. 6	Leyfð	

SAMBÍÖN / KEFLAVÍK			
JACKASS NUMBER TWO	kl. 8 - 10:10	B.12	
BEERFEST	kl. 8	B.12	
HARSH TIMES	kl. 10:10	B.16	

SAMBÍÖN / AKUREYRI			
JACKASS NUMBER TWO	kl. 6 - 8 - 10	B.12	
THE THIEF LORD	kl. 6 - 8	Leyfð	
WORLD TRADE CENTER	kl. 10	B.12	

Munið afsláttinn

www.sambioin.is | 375 8900

www.haskolabio.is

**WORLD TRADE CENTER**  
Stórmynd sem lætur engan ónsortin.

★★★★  
S.V. MBL  
EINN ÖVANTASTI GLEÐIJAFA ÁRSINS  
**THE QUEEN**

einn af bestu knattspyrnumönnum sögunnar  
**ZIDANE**

★★★★  
KVIKMYNDIR  
★★★★  
VEGNA fjölda áskorana hefur myndin aftur verið tekin til sýninga.  
**AN INCONVENIENT TRUTH**

WORLD TRADE CENTER	kl. 6 - 8:30 - 10:10	B.12
THE QUEEN	kl. 6 - 8:10 - 10:20	B.12
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8	Leyfð
ZIDANE	kl. 6 - 8	
THE ROAD TO GUANTANAMO	kl. 10:10 óskráð.	B.16
ÓBYGGDIRNAR Mf-Ísl.tal	kl. 6	Leyfð
BJÓLFASKVIDA	kl. 6	B.16
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 8:15 Tilboð 400 kr.	B.12

HAGATORGI • S. 530 1919

BYGGD Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR

**MÝRIN**

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

FORSALAN Í FULLUM GANGI.  
FRUMSÝND EFTIR 2 DAGA UM LAND ALLT.

olis | FRETTLABÍÓD | GLITNIR

## Tískuskraftinn og litli ljóti andarunginn

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Ef ekki væri fyrir snillinginn Meryl Streep, þá væri The Devil Wears Prada ósköp óspennandi ræma... enda er sagan ekki sérlega frumleg, heldur enn ein prinsessusagan; litli ljóti andarunginn... My Fair Lady.

Andy (Anne Hathaway) er sæt, en þúkaleg stelpa sem dreymir um að verða „alvöru“ blaðamaður. Hún kemur til New York í atvinnuleit og fær vinnu á tískurritinu Runway sem aðstoðarkona, aðstoðarkonu eins alræmdasta ritstjóra fjölmiðlaheimsins – Miröndu Priestly (Streep).

Hin óspillta Andy veit ósköp fátt um tíska. Í gáfumannahroka sínum heldur hún framan af í það viðhorf að tíska og greind geti ekki átt sameið, en Miranda stígur á þær skoðanir líft og hæll á sigarettustubb og með snildarlegri ræðu breytir hún skoðunum Andy á örfáum sekúndum. Í kjölfarið tekur Andy stakka-skriptum. Verður metnaðargjörn skvísu sem vinnur allan sólarhringinn en fjarlægist vini sína og kærasta.

Uppgjör Andy gengur svo út á: Er ég vonð að vera metnaðargjörn? Er ég að svíkja sjálfa mig með því að hugsa bara um tíska en ekki alvöru blaðamennsku? Og niðurstaðan... Andy snýr baki við glamúr lífinu, hættir að vinna fyrir Miröndu, velur dyggðina fram yfir



**THE DEVIL WEARS PRADA**  
LEIKSTJÓRI: DAVID FRANKEL

ADALHLUTVERK: MERYL STREEP, ANNE HATHAWAY, STANLEY TUCCI.

**Niðurstaða:** Gömul tugga um gömul gildi og staðlar kvenimyndir en ágætis afþreying. Meryl Streep heldur myndinni uppi enda frábær í hlutverki tískuskraftans.

metnaðinn, fer úr tískufötunum og nær sáttum við kærastann.

Skemmtilegra (og öllu frumlegra) hefði verið ef Andy hefði bara farið alla leið. Nýtt sér tækifærið til frama og frægðar og sagt skilið við skilningslausa kærastann... en svoléiðis gera góðar stelpur náttúrulega ekki. Ha?

Margrét Huguó Guðstavadóttir

## Lay Low lætur að sér kveða

Fyrsta plata söngkonunnar Lay Low, Please Don't Hate Me, kemur út í dag. Lay Low, sem heitir réttu nafni Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, spilar jafnframt á Iceland Airwaves-hátíðinni í kvöld.

Lovísa, sem er 23 ára Reykjavíkurmær, kom fram á sjónarsviðið í byrjun ársins þegar útgáfufyrirtækið Cod-music gerði við hana plötusamning eftir að hafa aðeins heyrð tvær demóupptökur á myspace-síðu hennar. „Þá var ég ekki búin að semja mikið af lögum og var eiginlega nýbyrjuð. Ég ætlaði ekki að fara langt með þetta og fannst furðulegt og fyndið að þeir skyldu hafa samband við mig,“ segir Lovísa, sem er einnig í hljómsveitinni Benny Crespo's Gang. „Svo þróaðist þetta út í að ég fór að semja meira og þá vorum við allt í einu að spá í plötu,“ segir hún.

Lovísa jatar að það hafi verið erfitt að stíga ein fram á sjónarsviðið sem Lay Low eftir að hafa alla tíð haft heila hljómsveit á bak við sig. „Mér fannst það alveg skelfilegt fyrst og ég hélt að ég myndi deyja. Svo bara eftir hverja einustu tónleika lagaðist það og núna líður mér nokkuð ágætlega. Þetta venst furðuvel.“

Ásamt útkomu nýju plötunnar hefur lagið Boy Oh Boy hljómað í auglýsingu frá Samskipum, auk þess sem titillag plötunnar er í kvikmyndinni Mýrin sem verður frumsýnd á morgun. Lagið Mugi-



LAY LOW Fyrsta plata Lay Low, Please Don't Hate Me, kemur út í dag. FRETTLABÍÓD/HEIDA

son, sem sá um tónlistina í myndinni, mikla áherslu á að lagið yrði haft með.

Tónlist Lay Low er nokkurs konar blanda af kántrí, rokki og blús. Semur hún öll lög og texta sjálf. Að sögn Lovísu er nýja platan blanda af öllu sem hún hlustar á dagsdaglega. „Ég hef gaman af gömlum blúslögum og einu sinni hlustaði ég líka mikið

á gamalt gospel. Síðan hlusta ég á nýja tónlist eins og Will Oldham,“ segir hún.

Lovísa útilokar ekki að spila erlendis í framtíðinni, enda á hún fjölskyldu úti í Englandi en þabbi hennar er breskur.

Tónleikar Lay Low í kvöld verða á Nasa og hefjast þeir stundvíslega klukkan 20.00.

frey@frettlabio.is



## SKILGREINING Á VALKVÍÐA: ICELAND AIRWAVES. YFIR 180 GIGG.

Farðu á [www.icelandair.is/airwaves](http://www.icelandair.is/airwaves), halaðu niður podcast og hlustaðu á leiðsögn þriggja tónlistarmanna um tónlistarhátíðina. Leyfðu Bóasi úr Reykjavík, Mr. Silla og Úlfu úr Apparat Organ Quartet að leiða þig um hátíðina. Þá verður valið kannski auðveldara.



+ Farðu á [www.icelandair.is/airwaves](http://www.icelandair.is/airwaves) fyrir auðveldara líf  
Icelandair er aðal styrktaraðili Airwaves tónlistarhátíðarinnar.



WWW.ICELANDAIR.IS



## > Við furðum okkur á ...

... metnaðarleysi íslenskra handboltafélaga sem sum hver virðast hafa takmarkaðan áhuga á að bæta umgjörðina í kringum félag sitt og þetta metnaðarleysi kristallast inni á heimasiðunni dhl-deildin.is. Sá vefur var settur upp af HSI fyrir félögin svo þau gætu komið fréttum og upplýsingum á framfæri til fjölmiðla og áhugamanna. Í dag er eina félagið sem stendur sig með vefinn Fram. Upplýsingar um tölfraði eru allar frá síðasta tímabili og vefurinn því í raun ónýtur. Væri nær að hreinlega loka honum. Þetta er miður þar sem nú er sóknarfæri fyrir íslenskan handbolta til að gera betur. Áhugi á deildinni, og handbolta yfir höfuð, mun aftur á móti standa í stað, eða minnka, hafi félögin ekki metnað til að gera betur. HSI á einnig sök á máli því réttast væri að gefa félögum ekki keppnisleyfi, líkt og tíðkast hjá KSÍ, ef þau geta ekki uppfyllt ákveðnar lágmarkskröfur varðandi umgjörð.

# sport

sport@frettabladid.is



PÁLMI HARALDSSON: HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ LEGGJA SKÓNA Á HILLUNA EFTIR LANGAN OG FARSÆLAN FERIL:

## Það er kominn tími á mig og ég er saddur

Pálmi Haraldsson er leikjahæsti leikmaður í sögu ÍA og hefur leikið hátt í 500 leiki fyrir félagið. Pálmi hefur nú tekið þá ákvörðun að leggja skóna á hilluna en hann kom við sögu í 17 leikjum með ÍA í Landsbankadeildinni í sumar og tveimur bikarleikjum. Fréttablaðið náði tali af Pálma í gær og ræddi við hann um þessa tímamótaákvörðun.

„Það er bara mikið að gera og ég er bara orðinn saddur. Ég er kominn með stóra fjölskyldu og það er nóg að gera í vinnunni. Svo er líka alltaf spurning hvað maður er lengi til í að vinna frá átta til átta. Þetta er frekar langur vinnudagur og það er mikið lagt á þá sem eru í kringum mann. Fótboltinn hefur þannig séð alltaf gengið fyrir hjá manni, maður hefur alltaf mætt á þessum tíma á þessum degi og allt annað hefur verið lagt til hliðar,“ sagði Pálmi sem er þriggja barna faðir.

Þrátt fyrir marga leiki með Skagamönnum þá hafa mörkin eitthvað látið á sér standa á ferli Pálma. „Þau hafa ekki verið mörg en eigum við

ekki að segja að þau hafi verið þeim mun fállegri,“ sagði Pálmi og hló en hann hefur unnið fjóra Íslandsmeistarátitla með ÍA. Hvað ætli Pálma finnst eftirminnilegast á sínum ferli?

„Eftirminnilegasta tímabilið held ég að sé sumarið 2001. Félagið var nánast á hausnum, allt var á suðupunkti og enginn bjóst við neinu af liðinu. Við unnum þá fjóra leiki í fyrri umferð en sjö í síðari umferðinni og unnum deildina. Svona eftir á að hyggja þá var það sennilega sætasti titillinn, miðað við lætin sem voru í kringum klúbbinn á þeim tíma,“ sagði Pálmi en bætti því við að lið Skagamanna árin 1994 og 1995 hefði verið bestu liðin sem hann hefði spilað með á ferlinum.

„Nú ætla ég bara að taka mér frí en það verður erfitt að slíta sig frá þessu. Ég er búinn að æfa með ÍA frá því að ég man eftir mér og maður þarf nú eitthvað aðeins að svala fíkninni. En þegar mikið er að gera og árangurinn er ekki alveg eins og hann á að vera þá spyr maður sjálfan sig af hverju maður er í þessu,“ sagði Pálmi sem mun ekki snúa sér að þjálfun á næstunni.



Ragnar Sigurðsson er staddur í Svíþjóð:

## Þokast í átt að samkomulagi við IFK

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson hefur þessa vikuna verið í Gautaborg þar sem hann og umboðsmaður hans, Guðlaugur Tómasson, hafa rætt við forráðamenn IFK Gautaborgar. Í síðustu viku samþykkti Fylkir kauptilboð frá félaginu í Ragnar en þessa vikuna hefur verið fundað um kaup og kjör Ragnars hjá félaginu.

„Það er ekkert komið á hreint ennþá,“ sagði Guðlaugur við Fréttablaðið í gær en þeir eru væntanlegir heim til Íslands í dag. „Ég býst við því að það verði komin niðurstaða áður en við förum heim. Það ber ekki mjög mikið í milli aðila og þetta þokast allt í rétta átt. En það er ekkert öruggt fyrir en búið er að skrifa undir og það er spurning hvort samkomulag náist sem allir eru sáttir við.“

Ragnar er tvítugur að aldri og hefur verið fastamaður í meist-



RAGNAR SIGURÐSSON Staddur í Svíþjóð þar sem hann á í samningaviðræðum við IFK Gautaborg.

araflokki Fylkis undanfarin tvö tímabil. Hann hefur leikið 47 leiki fyrir félagið í deild og bikar og skorað í þeim tvö mörk. Hann hefur einnig leikið fjölda leikja í yngri landsliðum Íslands og þykir með efnilegustu varnarmönnum landsins.

- esá

## Tilboð væntanlegt frá Norrköping í Hafþór Ægi

Skagamaðurinn Hafþór Ægir Vilhjálmsson er á leið til Norrköping í Svíþjóð ef svo fer sem horfir. Hann segir tilboð væntanlegt frá sænska liðinu og stefnan sé sett á að leysa það deilumál sem upp er komið um hans stöðu hjá ÍA.

**FÓTBOLTI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson, leikmaður ÍA í knattspyrnu, hefur undanfarna daga verið til reynslu hjá sænska 1. deildarliðinu Norrköping. Er þetta í annað skiptið á skömmum tíma sem hann fer til liðsins en í það fyrra meiddist hann strax á fyrstu æfingu og báðu því forráðamenn liðsins um að hann kæmi aftur.

„Þetta er búið að ganga mjög vel,“ sagði Hafþór við Fréttablaðið en hann heldur heim á leið í dag. „Þeir hjá Norrköping eru ekki enn búnir að gera tilboð í mig en þeir ætla sér að gera það og hafa samband við ÍA með það fyrir augum.“

Hafþór er samningsbundinn ÍA til 2008 en í síðasta mánuði skrifaði hann undir viðauka við samning sinn sem segir að hann sé laus allra mála í lok þessa mánaðar ef Guðjón Þórðarson tæki við þjálfun ÍA. Viðaukasamningurinn var gerður skömmu áður en ný rekstrarstjórn meistaraflokks ÍA tók við og réði svo Guðjón til starfa. Núverandi stjórn, leidd af Gísla Gíslasyni, telur þó að viðaukinn standist ekki reglur og hefur óskað eftir úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.

„Ég býst við því að við munum nú sitjast niður, ég og faðir minn, með rekstrarstjórn ÍA og reyna að leysa þetta mál,“ sagði Hafþór en faðir hans, Vilhjálmur Birgisson, er umboðsmaður Hafþórs sem og var hann meðlimur í stjórninni sem hætti störfum í síðasta mánuði.

„Norrköping mun gera ÍA tilboð að kaupa mig og ef það gengur eftir kem ég aftur hingað í nóvember þegar undirbúningstímabilið hefst. En þetta er allt á frumstigi og erfitt að segja til um hvernig þetta mál endar. En ég er þó mjög svo vongóður.“

Þegar ein umferð er óleikin í sænsku 1. deildinni er Norrköping



HAFÞÓR ÆGIR VILHJÁLMSÓN Á leið til Norrköping í Svíþjóð ef allt gengur að öskum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

í fjórða sæti deildarinnar og á ekki möguleika á að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni. Norrköping mætir Qviding í lokaumferðinni en síðarnefnda liðið er þegar fallið í 2. deild.

Með Norrköping leika Stefán Þórðarson og Garðar Gunnlaugsson sem eru báðir uppaldir Skagamenn. Stefán gekk til liðs við félagið veturinn 2005 og Garðar fyrr í sumar. Þeir eru markahæstu

menn liðsins, Stefán með ellefu mörk í 25 leikjum og Garðar með sjö í þrettán leikjum.

„Það er mjög ánægjulegt að þeir skuli vera fyrir hjá félaginu. Það gerir þetta allt mun léttara fyrir mig,“ sagði Hafþór Ægir. Heimildir Fréttablaðsins herma að hann hafi verið klár með samning við Val ef hann færir ekki utan og fengi sig lausan frá ÍA.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



### Fjölnir – Grindavík

í dag kl. 19:15

Grafarvogsbúar og aðrir Fjölnismenn!  
Nú er baráttan að hefjast. Mætum öll í Íþróttamiðstöðina við Dalhús og hvetjum okkar menn til sigurs. Við þurfum ykkar stuðning!



## Þjálfarastyrkir ÍSÍ

**Haust 2006**

Verkefnasjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands auglýsir hér með til umsóknar styrki fyrir íþróttþjálfara til að sækja sér menntun eða kynna sér þjálfun erlendis.

Veittir verða **16 styrkir**, hver að upphæð **kr. 50.000.-**

Við úthlutun verður leitast við að styrkja sem flestar íþróttgreinar. Þjálfarar hvers kyns hópa (afreksmanna, barna og unglinga o.s.frv.) koma jafnt til greina við úthlutun. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um styrkina. Styrkhæfar teljast umsóknir vegna ferða/námskeiða á tímabilinu 1. júlí 2006 til 31. desember 2006.

Tekið er við umsóknum á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem skal skilað til skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fyrir miðvikudaginn 1. nóvember nk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal og á heimasíðu ÍSÍ – [www.isisport.is](http://www.isisport.is)

Eggert segir fregnir af tilboðum í West Ham rangar:

## Enn á þreifingastigi

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon er nú staddur í London en hann er að undirbúa tilboð í enska úrvalsdeildarfélagið West Ham. Dagblaðið Guardian sagði frá því í gær að stjórn West Ham ætlaði að ræða við tvo hópa, annars vegar þann sem Eggert fer fyrir og hins vegar við Ísraelann Eli Papouchado.

Eggert var fyrr í vikunni sagður hafa hækkað tilboð sitt í West Ham úr 65 milljónum punda í 75 en sjálfur segir Eggert ekkert hæft í þeim efnum.

„Þetta er enn allt á þreifingastigi. Ég get því miður ekkert

meira sagt á þessu stigi,“ sagði Eggert við Fréttablaðið í gær. „En fréttir af tilboðum mínum eru ekki réttar. Ég hef ekki hugmynd um af hverju þessu er slegið fram, það er hver vitleysan sem rekur aðra og ekkert nema getgátur í gangi. Svona er breska pressan bara.“

Hann vill lítið fyrir frétt Guardian gefa og sagði þetta ferli háð reglum kauphallarinnar í Lundúnum. „En það mun sjálfsagt koma að því að viðræður við þá aðila sem mestu ráða í West Ham eigi sér stað,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ.

- esá



BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR

*„Varðveit líf mitt  
fyrir ögnum óvinarins“*

# MÝRIN

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

BIÐIN ER Á ENDA!  
FRUMSYND UM LAND ALLT Á MORGUN



20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI





**JERZY DUDEK** Átti stóran þátt í sigri Liverpool í meistardeild Evrópu á sínum tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool:

## Dudek í fimm leikja bann?

**FÓTBOLTI** Jerzy Dudek, varamarkvörður Liverpool, gæti fengið fimm leikja bann í kjölfar atviks sem átti sér stað í leik með varaliði Liverpool gegn Everton í síðustu viku. Dudek var rekinn af velli eftir að hafa lent saman við Victor Anichebe, sóknarmann Everton.

Dudek átti fyrst að fá þriggja leikja bann en eftir að hafa skoðað atvikið nánar hefur enska knattspyrnusambandið ákveðið að leggja fram nýja ákæru sem segir til um að Dudek megi eiga vona á fimm leikja banni. Félögin hafa bæði fengið sekt út af þessum leik en það brutust út slagsmál í kjölfar rauða spjaldsins sem Dudek fékk. - dsd



**GIOVANE ELBER** Sést hér í kveðjuleik sínum með Bayern. NORDIC PHOTOS/GETTY

Goðsögn hættir:

## Elber leggur skóna á hilluna

**FÓTBOLTI** Brasilíska sóknarmaðurinn Giovane Elber hefur tilkynnt að hann muni leggja skóna á hilluna í desember. Elber, sem er 34 ára gamall, leikur þessa dagana með Cruzeiro í heimalandi sínu en tímabilið þar endar í desember. Ástæðuna segir Elber vera að hann finni stöðugt til í ökklanum, en hann fótbrotnaði árið 2004 þegar hann lék með Lyon.

Enginn útlendingur hefur skorað fleiri mörk í þýsku úrvalsdeildinni en Elber en hann skoraði 131 mark í 260 leikjum með Stuttgart, Bayern München og Mönchengladbach í öllum keppnum. - dsd



**ÁKVEÐINN** Ólafur Stefánsson er ákveðinn í því að fá bót meina sinna og fara með landsliðinu á HM í janúar. Hann sést hér fagna marki í úrslitaleik meistardeildarinnar gegn Portland San Antonio fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég er ekki byrjaður að hafa áhyggjur af þessu

Ólafur Stefánsson hefur dregið sig út úr landsliðshópnum sem mætir Ungverjum ytra í lok mánaðarins. Prálát axlarmeðsli halda honum utan vallar og hann kemur til landsins í dag þar sem læknir landsliðsins tekur á móti honum.

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson mun ekki spila með íslenska landsliðinu gegn Ungverjum í tveimur vináttuleikjum í lok mánaðarins. Meiðsli í öxl eru enn að plaga Ólaf en hann hefur átt í vandræðum með öxlina í marga mánuði og gengur illa að finna út hvað nákvæmlega er að honum. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari valdi hornamanninn Einar Örn Jónsson í hópinn í stað Ólafs og svo bætti hann við þriðja markverðinum sem er Ólafur Gíslason, markvörður Vals.

Ólafur kemur til Íslands í dag og hittir Brynjólf Jónsson, lækni landsliðsins, en Brynjólfur mun taka myndir af Ólafi á föstudag og nýta síðan helgina í að skoða hann betur en Ólafur fer aftur til Spánar á mánudag. Í gær fór Ólafur í

myndatöku hjá virtum spænskum lækni í Madrid sem hefur höndlað knattspyrnumenn frá Madridarliðunum en ekkert kom út úr þeirri heimsókn.

„Það ætti að koma betur í ljós í tókunni hjá Brynjólfi hvað er að plaga mig,“ sagði Ólafur skömmu eftir fundinn með spænska læknum. Hann er í finu líkamlegu formi en hefur lítið sem ekkert spilað með Ciudad Real í vetur vegna meiðslanna.

„Ég er í hörkuformi en get ekkert lyft hendinni. Ég get tekið undirskot á æfingum en allt fyrir ofan það ræð ég ekkert við og ástandið hefur verið mjög slæmt síðustu fjórar vikur. Ég hef verið að taka bólgueyðandi sem hefur engu skilad. Ég hef þá prófað að kasta en daginn eftir get ég ekki einu sinni

slökkt á vekjaraklukkunni. Öxlin er búin að angra mig í ansi langan tíma og það er ágætt að fara alla leið með málið núna og fá bót meina sinna. Ég fer kannski í sprautumeðferð en það er ekki talið líklegt í dag að ég þurfi að fara í aðgerð.“

Í byrjun næsta árs fer fram stærsta handboltamót sögunnar, HM í Þýskalandi, og Ólafur hefur beðið lengi spenntur eftir því móti. Hann segist ekki vera farinn að hafa áhyggjur af því að hann missi af mótinu.

„Ég er alveg rólegur núna en ég mun fara að hafa áhyggjur ef ekkert kemur út úr þessu næstu fimm daga. Þá get ég byrjað að hafa áhyggjur,“ sagði Ólafur alvarlegur. henry@frettabladid.is



**HÖRÐUR SVEINSSON** Lék allan leikinn í liði Silkeborgar en komst ekki á blað. FRÉTTABLAÐIÐ/MITDJYLLANDS AVIS

Brøndby-Silkeborg:

## Jafnt í Íslendingaslagnum

**FÓTBOLTI** Það var sannkallaður Íslendingaslagur á Brøndbyvelli í gær þegar Brøndby tók á móti Silkeborg. Allir þeir Íslendingar sem eru á mála hjá liðunum byrjuðu inn á í leiknum.

Hannes Þ. Sigurðsson var á sínum stað í sókn Brøndby og þeir Bjarni Ólafur Eiríksson, Hólmar Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson voru allir í byrjunarliði Silkeborgar. Leikurinn byrjaði fjórlega og eftir sjö mínútna leik var staðan 1-1, þar sem heimamenn höfðu náð forystunni. Fleiri mörk litu ekki dagsins ljós og lokatölur því 1-1.

Hólmar Ernir var skipt út af á síðustu mínútu leiksins en aðrir Íslendingar léku allan leikinn. - dsd

Formúla 1:

## Ekki keppt í San Marínó

**FORMÚLA 1** Alþjóða bílasambandið hefur samþykkt mótaskrá fyrir næsta tímabil í Formúlu 1. San Marínó-kappaksturinn á Imola hefur verið tekinn af dagskrá en Spa-kappaksturinn í Belgíu kemur aftur inn í mótariðina. Sautján mót verða á dagskrá árið 2007.

Einnig voru samþykktar nokkrar reglubreytingar. Meðal þeirra breytinga sem taka gildi á næsta ári er að einungis einn dekkjaframleiðandi verður í keppnum, en það er Bridgestone. Hver ökumaður fær 56 keppnisdekk til umráða fyrir þurra braut, en það eru helmingi fleiri dekk en í ár. Keppnisliðin munu öll nota sams konar dekk. - dsd



## Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Almennir hlutar 1a, 1b og 1c

[www.isisport.is](http://www.isisport.is)

ÍSÍ heldur þrjú þjálfaranámskeið á fyrsta stigi í Reykjavík á næstunni. Lágmarksaldur þátttakenda á þessu námskeið er 16 ár. Hvert námskeið er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum. Námskeiðin hefjast á föstudegi kl. 17:00 og áætluð lok eru á sunnudegi kl. 15:00. Kennst verður í fundarsölum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Dags.	Námskeið	Verð kr.	Skráning í síðasta lagi
27.– 29. okt.	Þjálfari 1a – almennur hluti	12.000,-	Miðvikudaginn 25. október
10.– 12. nóv.	Þjálfari 1b – almennur hluti	8.000,-	Miðvikudaginn 8. nóvember
24.– 26. nóv.	Þjálfari 1c – almennur hluti	8.000,-	Miðvikudaginn 22. nóvember

Frekari upplýsingar um þessi námskeið og þjálfaramenntun ÍSÍ má finna á heimasíðu ÍSÍ.

Skráning sendist á [namskeid@isisport.is](mailto:namskeid@isisport.is) eða í síma 514-4000

**Hádegisverðarfundir**

Næsti fundur verður haldinn **mánudaginn 30. okt.**, en þar mun **Jens Evald frá Danmörku**, sem meðal annars er formaður fyrir Anti Doping Danmark, flytja erindi.

Þátttakendur geta keypt hádegisverð hjá Café **easy** sem staðsett er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal en aðgangur að fundinum sjálfum er ókeypis. **Fundurinn er öllum opin.**

Frekari upplýsingar um hádegisverðarfundir ÍSÍ má finna á [www.isisport.is](http://www.isisport.is)

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. ÍP102 í framhaldsskólum jafngildir þjálfara 1 – almennum hluta hjá ÍSÍ. Þ.e. almennum hluta 1a, 1b og 1c.

Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Frekari upplýsingar og skráning er á

[www.isisport.is](http://www.isisport.is)

Henry er sóttillur eftir að mark hans var dæmt af:

## Ótrúleg mistök

**FÓTBOLTI** Thierry Henry, sóknarmaður Arsenal, er allt annað en sáttur við dómara í leik CSKA Moskva og Arsenal á þriðjudaginn en dómari dæmdi mark af sem virtist vera fullkomlega löglegt. Dómari taldi að Henry hafi lagt boltann fyrir sig með hendinni og gaf leikmanninum spjald fyrir vikið. Arsenal tapaði leiknum, 1-0.

„Þetta var fullkomlega löglegt mark og ótrúleg mistök dómara. Leikmenn andstæðingana báðu ekki einu sinni um hendi, bara aðstoðardómari sem var langt í burtu. Ég spurði dómara og aðstoðardómara hvað þeir hefðu séð athugavert við markið og þeir gátu ekkert sagt. Ég vona bara að heppnin verði með okkur næst,“ sagði Henry sem getur ekki áfrýjað spjaldinu sem hann fékk.

„Leikmenn mega ekki tala við dómara. Þegar leikmenn nálgast þá og spurja þá vilja þeir ekki ræða við mann. Ég er ekki að tala um að ráðast á þá, heldur bara að spyrja þá hvað þeir séu að dæma og það er ekki leyfilegt í fótbolta. Þegar leikmaður jafnar á lokamín-



**Á HVAD VASTU AÐ DÆMA?** Henry ræði hér málin við aðstoðardómara sem dæmdi markið af. NORDIC PHOTOS/GETTY

útu leiksins og markið er dæmt af þá á maður að geta spurt dómara hvers vegna hann hafi dæmt,“ sagði Henry bitur.

Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal, kenndi líka velli um tapið á þriðjudaginn. „Við reyndum eins og við gátum að jafna leikinn en CSKA Moskva lék vel og völlurinn var líka erfiður,“ sagði Wenger, en þess má geta að völlurinn var væntalega jafn erfiður fyrir bæði liðin. - dsd



Liverpool, PSV, Bayern München og Valencia standa vel að vígi í meistardeild Evrópu eftir leikina í gær:

# Crouch tryggði Liverpool góðan útisigur

**FÓTBOLTI** Það var mikið líf á knattspyrnuvöllum víðs vegar um Evrópu í gær þegar leikið var í meistardeildinni. Liverpool, PSV, Bayern München og Valencia standa mjög vel að vígi eftir leiki gærkvöldsins en mikil spenna er enn í öllum riðlum meistardeildar Evrópu.

Liverpool fór til Frakklands þar sem liðið heimsótti Bordeaux. Crouch kom Liverpool yfir þegar rúmur hálf tími var eftir af leiknum. Markið skoraði Crouch með skalla eftir sendingu frá Bellamy. Þar við sat og Liverpool er í góðri stöðu eftir þrjá fyrstu leikina.

Í hinum leik C-riðils gerðu leik-

menn PSV sér lítið fyrir og unnu Galatasaray á útivelli, 2-1.

Í B-riðli tók Inter Milan á móti Spartak Moskva. Julio Cruz, sóknarmaður Inter, var í miklu stuði og skoraði tvö mörk á fyrstu níu mínútum leiksins. Roman Pavlyuchenko náði að minnka muninn og þar við sat.

Bastian Schweinsteiger kom mikið við sögu í leik Sporting Lisbon og Bayern München. Hann skoraði fyrsta mark leiksins á 19. mínútu en var svo rekinn af velli á fyrstu mínútu síðari hálfleiks þegar hann fékk sitt annað gula spjald. Leikmenn Sporting náðu ekki að nýta sér liðsmuninn og 1-0

sigur Þjóðverjanna staðreynd.

Werder Bremen á enn ágæta möguleika á að komast upp úr A-riðli eftir að liðið lagði Levski Sofia að velli á heimavelli sínum, Weserstadion. Werder Bremen er því enn í baráttunni við Chelsea og Barcelona um sæti í 16 liða úrslitum.

Leikmenn Valencia hafa verið á skotskónum í meistardeildinni á þessari leiktíð. Í gær skoraði David Villa bæði mörk liðsins í 2-0 sigri Valencia á Shakhtar Donetsk. Simone Perrotta tryggði Roma góðan útisigur á Olympiakos frá Grikklandi með marki á 76. mínútu leiksins. .



SKALLI OG MARK Peter Crouch fagnar hér markinu sem hann skoraði í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### DHL-deild kvenna

HK-HAUKAR 29-36

**Mörk HK (skot):** Hjördis Rafnsdóttir 6(6), Auður Jónsdóttir 6(19/1), Elsa Viðarsdóttir 4(6), Tatjana Zukovska 3(7), Arna S. Pálsdóttir 2(5), Aukse Wysniauskaite 2(2), Rut Jónsdóttir 1(2), Elfa Arnarsdóttir 1(4), Elsa R. Óðinsdóttir 1(4), Brynja Magnúsdóttir 0(1/1).

**Varin skot:** Ólöf Ragnarsdóttir 9/2, Sunna Friðbjörnsdóttir 2

**Hraðaupphlaup:** 3 (Elsa, Auður, Elfa).

**Fiskuð viti:** 8 (Aukse 2, Elsa, Elsa, Arna, Hjördis, Elin, Brynja).

**Útan vallar:** 4 mín.

**Mörk Hauka (skot):** Hanna G. Stefánsdóttir 14(16/1), Ramune Pekarkyte 9(11/1), Sandra Stojkovic 6(11), Harpa Melsteð 4(5), Tinna Ósk Þorvaldsdóttir 3(3), Erna Þráinsdóttir 1(4), Nína K. Björnsdóttir 1(4), Þórdís Helgadóttir 1/1(1).

**Varin skot:** Helga Torfadóttir 8/2, Bryndis Jónsdóttir 7/1.

**Hraðaupphlaup:** 5 (Hanna 4, Sandra 1).

**Fiskuð viti:** 4 (Sandra, Hanna, Tinna, Erna).

**Útan vallar:** 8 mín.

### STADAN

GRÓTTA	6	4	0	2	162-152	8
VALUR	5	3	1	1	135-122	7
STJARNAN	4	3	0	1	128-87	6
HAUKAR	4	3	0	1	124-95	6
ÍBV	5	3	0	2	137-123	6
FRAM	5	2	2	1	121-115	6
FK	5	1	1	3	114-127	3
HK	5	1	0	4	125-164	2
AKUREYRI	5	0	0	5	94-154	0

### Meistaradeild Evrópu

#### A-RIÐILL

CHELSEA-BARCELONA 1-0

1-0 Drogba (47).

WERDER BREMEN-LEVSKI SOFIA 2-0

1-0 Rodrigues (45.), 2-0 da Cunha (74.)

#### STADAN

CHELSEA	3	3	0	0	6-1	9
BARCELONA	3	1	1	1	6-2	4
W. BREMEN	3	1	1	1	3-3	4
L. SOFIA	3	0	0	3	1-10	0

#### B-RIÐILL

INTER-SPARTAK MOSKVA 2-1

1-0 Cruz (2.), 2-0 Cruz (9.), 2-1 Pavlychenko (54.)

SPORTING LISBON-BAYERN MUNCHEN 0-1

0-1 Schweinsteiger (19.)

#### STADAN

B. MUNCHEN	3	3	0	0	7-0	9
S. LISBON	3	1	1	1	2-2	4
INTER	3	1	0	2	2-4	3
S. MOSKVA	3	0	1	2	2-7	1

#### C-RIÐILL

BORDEAUX-LIVERPOOL 0-1

0-1 Crouch (58.)

GALATASARAY-PSV EINDHOVEN 1-2

1-0 Ilic (19.), 1-1 Kromkamp (59.), 1-2 Kone (72.)

#### STADAN

LIVERPOOL	3	2	1	0	4-2	7
PSV	3	2	1	0	3-1	7
GALATASAR.	3	0	1	2	3-5	1
BORDEAUX	3	0	1	2	0-2	1

#### D-RIÐILL

OLYMPIAKOS-ROMA 0-1

0-1 Perrotta (76.)

VALENCIA-SHAKTAR DONETSK 2-0

1-0 Villa (31.), 2-0 Villa (45.)

#### STADAN

VALENCIA	3	3	0	0	8-3	9
ROMA	3	2	0	1	6-2	6
OLYMPIAKOS	3	0	1	2	4-7	1
S. DONETSK	3	0	1	2	2-8	1

# Þrumufleygur Drogba sökkti Barca

Evrópumeistarar Barcelona komust ekkert áfram gegn gríðarsterku liði Chelsea á Stamford Bridge í gær. Didier Drogba skoraði eina mark leiksins með þrumuskoti utan teigs. Eiður Smári Guðjohnsen komst lítt áfram í leiknum og var tekinn af velli eftir klukkutíma leik.

**FÓTBOLTI** Það var mikið um dýrðir á Stamford Bridge í gær þegar Chelsea tók á móti Barcelona í Meistaradeildinni. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea og hann fékk viðurkenningu fyrir leik frá Chelsea með þökk fyrir frábæra þjónustu á sínum tíma. Áhorfendur tóku einnig vel á móti landsliðsfyrirliðanum íslenska og klöppuðu vel og innilega fyrir honum.

Chelsea er í margumtöluðum markvarðavandræðum og því stóð hinn óþekkti Portúgali Hilario á milli stanganna hjá ensku meisturunum. Þrátt fyrir frekar varnarsinnaða uppstillingu byrjaði Chelsea leikinn betur og réð ferðinni á meðan leikmenn Barcelona virtust vera að ná áttum.

Andriy Shevchenko fékk dauðafæri eftir stundarfjórðungsleik en var of lengi að athafna og því fékk Rafael Marques tíma til að hreinsa í horn. Hornspyrnur Chelsea voru einnig hættulegar þar sem John Terry var aðsópsmikill í teignum.

Barcelona gekk illa að opna vörn Chelsea og munaði mikið um að Ronaldinho og Lionel Messi voru teknir fast og fengu engan tíma. Messi slapp þó í gegn um



OG ÞAÐ VAR MARK Boltinn syngur hér í netinu og stuðningsmenn Chelsea fagna innilega.

FRÉTTABLAÐID/AFP



FÖGNUMUR Didier Drogba fagnar hér sigurmarki sínu í leiknum ásamt Þjóðverjanum Michael Ballack.

FRÉTTABLAÐID/AFP

miðjan hálfleikinn en Hilario varði skot hans úr þröngu færi. Barca-strákunum óx ásmegin eftir því sem á leið og á 30. mínútu opnuðu þeir Chelsea-vörnina laglega en Hilario varði skot frá Xavi.

Markalaust í leikhléi en síðari hálfleikur byrjaði með miklum látum því Didier Drogba kom heimamönnum yfir eftir aðeins eina mínútu í síðari hálfleik með glæsilegu skoti utan teigs. Shevchenko hefði getað komið Chelsea í 2-0 níu mínútum síðar en hann fór illa að ráði sínu einn gegn markverði.

Eiður Smári átti erfitt uppdráttar í leiknum, fékk úr litlu að

moða en var duglegur að hreyfa sig og bjóða sig. Það kom því lítt á óvart þegar Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, skipti honum af velli á 60. mínútu fyrir Ludovic Guily.

Barcelona reyndi hvað það gat til að jafna leikinn en með mjög takmörkuðum árangri því Chelsea hafði öll ráð þeirra í hendi sér og Ronaldinho komst aldrei í takt við leikinn.

Leikmenn Chelsea fögnuðu ógurlega í leikslok enda komnir með mjög vænlega stöðu í riðlinum og þar að auki komnir yfir í sálarstríðinu við Barcelona.

„Við þurftum á þessum stigum að halda fyrir Petr, Carlo og stúlk-

una sem vann fyrir Chelsea en er látin. Ég tileinka fjölskyldu hennar sigurinn,“ sagði markaskorarin Didier Drogba. „Þetta er búinn að vera erfiður tími fyrir Chelsea sem er ein stór fjölskylda.“

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var eðlilega borubrattur eftir leikinn. „Þessi sigur er ekki bara fyrir Carlo og Petr. Þetta er sorgleg stund enda var þetta indæl stúlka sem átti með okkur góðar stundir á æfingasvæðinu,“ sagði Mourinho. Drogba og Mourinho voru að ræða um starfsstúlku Chelsea sem lést í umferðarslysi í gær en mikið hefur verið um áföll hjá Chelsea síðustu daga.

henry@frettabladid.is



ALLTAF SKREFI Á UNÐAN Ronaldinho og félagar í Barcelona áttu engin svör við leik Chelsea í gær. Heimamenn voru alltaf skrefi á undan og ekkert kom út úr Brasilíumanninum snjalla.

FRÉTTABLAÐID/AFP



BARNINGUR Hanna Stefánsdóttir fór á kostum og þessi varnarleikur skilaði engu.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

DHL-deild kvenna:

## HK skellt illa

**HANDBOLTI** Haukastúlkur unnu nokkuð auðveldan sigur á kornungu liði HK, 26-39. Haukar höfðu yfirhöndina strax frá byrjun og höfðu yfir í hálfleik, 12-20. Þær kláruðu svo leikinn í byrjun seinni hálfleiks með því að skora sjö fyrstu mörk hálfleiksins. Eftir það áttu HK stúlkur enga möguleika og urðu lokatölur sem áður sagði, 26-39. Hanna G. Stefánsdóttir átti stórleik í liði Hauka og Ramune var einnig sterk en í liði HK átti Ólöf markvörður ágætan leik. - aih





**GEGN SVÍUM** Eiður Smári reynir að komast fram hjá Mikael Nilsson, leikmanni Svía.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrkleikalisti FIFA:

## Ísland féll um átta sæti

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu situr í 95. sæti á styrkleikalista FIFA sem var gefinn út í gær. Liðið hefur því fallið um átta sæti síðan að listinn kom síðast út en Ísland hefur tapað síðustu þremur landsleikjum sínum og þarf því árangurinn ekki að koma á óvart. Ísland er á milli Afríkurlíkjanna Malaví og Gabon.

Brasilía er sem fyrr í efsta sæti listans en heimsmeistarar Ítala skjótast upp í 2. sætið úr því fimmta. Hástökkvari listans er Barbados sem fór úr 152. sæti í það hundradasta.

- esá



**STEVE HARPER** Hefur varið mark Newcastle í fjarveru Shay Given, sem meiddist illa í síðasta mánuði.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Newcastle-Fenebache:

## Markvarðavandræði

**FÓTBOLTI** Newcastle tekur á móti tyrkneska liðinu Fenerbache í kvöld og svo gæti farið að þriðji markvörður Newcastle, Tim Krul, þurfi að standa á milli stanganna hjá liðinu. Steve Harper, aðalmarkvörður Newcastle í fjarveru Shay Given, á við lítilsháttar meiðsli að stríða og það kemur ekki ljós fyrir en í dag hvort hann getur spilað.

„Krul er mjög efnilegur markvörður og ef hann þarf að verja markið í þessum leik þá hef ég engar áhyggjur,“ sagði Glenn Roeder, framkvæmdastjóri Newcastle. Einnig er óvíst hvort Rustu Recber, markvörður Fenerbache, getur leikið í dag vegna veikinda.

- dsd



**MIREL RADOI** Er 26 ára gamall og hefur leikið 38 landsleiki fyrir Rúmeníu.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Real Madrid:

## Rúmeni orðaður við félagið

**FÓTBOLTI** Fréttir frá Spáni herma að Real Madrid sé í viðræðum við Steaua Bucurest um kaup á rúmenska varnarmanninum Mirel Radoi. Stjórnarmenn Steaua hittu Ramon Calderon, forseta Real Madrid, eftir leik liðanna í Meistaradeild Evrópu á þriðjudaginn til að ræða hugsanleg viðskipti.

Fréttir herma jafnframt að Real Madrid vilji fá leikmanninn að láni í sex mánuði og að félagið geti síðan keypt Radoi í kjölfarið, fari svo að hann standi sig vel hjá Real Madrid. Radoi er að jafna sig eftir aðgerð á ökkla og lék ekki með Steaua gegn Real Madrid í vikunni.

- dsd

Óskar Örn Hauksson er á leið frá Grindavík:

## Óskar Örn fer til KR

**FÓTBOLTI** Samkvæmt afar áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur Óskar Örn Hauksson og KR komist að samkomulagi að Óskar leiki með liðinu á næstu leiktíð. Tilkynt verður um þetta á allra næstu dögum.

Ray Anthony Jónsson, félagi Óskars hjá Grindavík, hefur einnig átt í viðræðum við KR og er sterkelega orðaður við Vesturbæjarvellið.

Samningar þeirra við Grindavík renna í báðum tilvikum út um áramótin en þeim var frjálst að ræða við önnur félög eftir 15. október síðastliðinn. Óskar var einnig orðaður við Val og fleiri lið í

Landsbankadeildinni en nú hefur KR unnið kapphlaupið um kappann. Vitað er að Teitur Þórðarson, þjálfari KR, vildi styrkja liðið fyrir átök næsta sumars. KR varð í 2. sæti Landsbankadeildarinnar eftir slaka byrjun og komst í úrslit bikarkeppinnar. Grindavík tókst ekki að bjarga sér frá falli í haust og varð snemma ljóst að liðið myndi missa marga af sínum sterkustu leikmönnum.

Jóhann Þórhallsson hefur staðfest við Fréttablaðið að hann sé nánast örugglega á leið frá Grindavík og þá sagði Jóhann Helgason í gær að sín mál væru enn óleyst.

- esá



**ÓSKAR ÖRN** Hér í slagnum gegn Jens Sævarssyni, Fylkismanni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Njarðvíkingum spáð deildarmeistaratitlinum

Íslandsmeisturum Njarðvíkur er spáð efsta sætinu í Iceland Express-deild karla í körfubolta en Þór frá Þorlákshöfn og Tindastóli er spáð í falli í vetur.

**KÖRFUBOLTI** Í dag fara fram fyrstu leikirnir í Iceland Express-deild karla í körfubolta og á dögnum var kynnt spá þjálfara, leikmanna og forsvarsmanna félaganna í deildinni fyrir komandi vetur. Samkvæmt spánni er Íslandsmeisturum í Njarðvík spáð deildarmeistaratitlinum en Njarðvíkingar sigruðu einmitt Meistarakeppni KKÍ um síðustu helgi þegar liðið lagði Grindavík. Spá er bara spá og enginn heilagur sannleikur í henni, en samt sem áður er alltaf gaman að rýna í spá tímabilsins og fá smá innsýn inn í vangaveltur þjálfara og leikmanna.

Sú spá að Njarðvíkingum sé spáð sigri þarf vart að koma mörgum á óvart. Njarðvíkingar eru ríkjandi Íslandsmeistarar og hafa fengið Igor Beljanski til liðs við sig frá Snæfelli, en Beljanski skoraði 17 stig að meðaltali í leik á síðustu leiktíð og tók auk þess 10 fráköst að meðaltali í leik.

„Þetta kemur ekkert á óvart, við erum ríkjandi meistarar. Okkur hefur verið spáð titlinum

### SPÁIN FYRIR TÍMABILIÐ

#### Iceland Express deild karla:

1. NJARÐVÍK	413
2. KEFLAVÍK	399
3. KR	325
4. SKALLAGRÍMUR	310
5. SNÆFELLI	306
6. GRINDAVÍK	244
7. ÍR	218
8. HAUKAR	171
9. HAMAR/SELFOSS	127
10. FJÖLNIR	122
11. TINDASTÓLL	108
12. ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN	67



**HÖRKU TÍMABIL FRAMUNDAN** Það er væntanlega komin tilhlökkun í leikmenn fyrir komandi leiktíð í körfunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

a.m.k. síðustu þrjú tímabil og það rættist loksins í fyrra. Þetta var kannski spurning hvort okkur yrði spáð fyrsta eða öðru sæti miðað við það sem á undan er gengið,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, um spána. Það þarf heldur ekki að koma mörgum á óvart að markmið Njarðvíkinga er að vinna alla þá titla sem eru í boði.

„Það var mjög ánægjulegt að vinna þennan bikar á sunnudaginn. Það er hörkutímabil framundan og sjálfstraust leikmanna er að komast í fínt lag. Við erum í þessu til að vinna og setjum stefnuna á fyrsta sætið í þeim keppnum sem við tökum þátt í,“ sagði Einar Árni.

Gunnar Einarsson, leikmaður Keflavíkur, er að sjálfsögðu ekkert á því að láta nágrannana vinna

deildina. „Þetta er bara spá en þeir eru með sterkt lið en það höfum við líka. Við erum ekkert í þessu bara til að vera með,“ sagði Gunnar Einarsson og bætti því við að erlendu leikmenn liðsins væru að falla vel að leik liðsins.

Lið Þórs í Þorlákshöfn er nýliði í deildinni og er spáð neðsta sæti deildarinnar, en Þór vann úrslitakeppnina í fyrstu deildinni á síðustu leiktíð. Robert Hodgson, þjálfari Þórs, sagði að nú væri bara þeirra að afsanna þessa spá. „Þetta er bara spá og einhverjir þurfa að taka það að sér að vera spáð neðsta sætinu. Við erum með góða einstaklinga í liðinu og ég er mjög ánægður með hópinn. Við höfum átt góða leiki á undirbúnings tímabilinu og vonandi náum við að afsanna þessa spá.“

dagur@frettabladid.is

Breiðablik mætir Arsenal í síðari leik liðanna í Lundúnum í dag:

## Ætlum að njóta þess að spila þennan leik

**FÓTBOLTI** Breiðablik mætir í dag Englandsméisturum Arsenal í fjórðungsúrslitum Evrópukeppni félagsliða kvenna. Fyrri leikur liðanna fór fram á Kópavogsvelli í síðustu viku og báru þær ensku 5-0 sigur úr býtum eftir að hafa verið með eins marks forystu í hálfleik.

Guðmundur Magnússon, þjálfari Blika, segir að góður andi ríki í hópnum og mikil tilhlökkun að takast á við verkefni dagsins. Hann var nýkominn á hótél liðsins þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Við ætlum að taka því rólega í dag og mæta úthvíld í leikinn. En það er allir staðráðnir í því að gera betur en fór í síðasta leik,“ sagði Guðmundur.

Breiðablik náði að halda velli í fyrri hálfleik liðanna í síðustu viku en fékk svo fjögur mörk á sig

í þeim síðari. Guðmundur segir að sínir leikmenn hafi borið of mikla virðingu fyrir andstæðingnum. „Við ætlum að reyna að spila vel í báðum hálfleikjunum í þetta skiptið. En mér fannst við vera of langt frá þeim í þessum leik og lékum ekki með þeim baráttuhug sem þurfti til. Sjálfstraustið var ekki til staðar og við sóttum ekki nógu grimmt á þær.“

Hann segir að leikmenn hafi lært sína lexíu. „Nú er staðan þannig að við höfum engu að tapa og ætlum bara að njóta þess að spila þennan leik. Þetta hefur auðvitað verið frábær keppni fyrir okkur og við ætlum að reyna að ljúka okkar þátttöku í henni á jákvæðum nótum.“

Þetta er nú í annað árið í röð sem íslenskt lið kemst í fjórðungsúrslit keppinnar og segir Guð-




**VERÐUR ERFITT** Blikar verjast hér sókn Arsenal í fyrri leik liðanna. Það verður viðramman reip að draga í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

mundur það vissulega vera ánægjulegt og vonandi að það haldi áfram á þeim nótum. „Og ég er sannfærður um það að fjórðungsúrslitin eru ekki óyfirtíganleg hindrun fyrir íslensk lið. Það

hefst með tíð og tíma.“ Guðmundur sagði einnig búast við því að ganga frá samningum við knattspyrnudeild Breiðabliks að halda áfram með þjálfung liðsins.

- esá



**VALTUR Í SESSI** Ian Dowie hefur byrjað feril sinn hjá Charlton hræðilega.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjórn Charlton Athletic:

## Ian Dowie er rétti maðurinn

**FÓTBOLTI** Charlton Athletic, lið Hermanns Hreiðarssonar og Rúriks Gíslasonar, hefur farið skelfilega illa af stað í ensku úrvalsdeildinni en félagið er í neðsta sætinu með þrjú stig eftir átta fyrstu leikina. Talað hefur verið um það í fjölmiðlum á Englandi að Ian Dowie, framkvæmdastjóri Charlton, eigi ekki marga daga eftir í starfi en stjórnin virðist vera sátt við hann.

„Auðvitað vill enginn byrja tímabilið svona en við í stjórninni erum sannfærðir um að Dowie er rétti maðurinn í starfið. Þetta er ekki stuðningsyfirlýsing af því að Dowie þarf ekki á henni að halda, hann er með þriggja ára samning,“ sagði Peter Varney, stjórnarformaður Charlton.

Yfirlýsingar af þessu tagi hafa hins vegar oft verið fyrirboði brottresturs viðkomandi þjálfara, það þarf því ekki að koma mönnum á óvart ef Dowie verður fljótlega rekinn úr starfi.

- dsd





# UPPSKERU- TILBOÐ

Frelsið er fætt. Allir fá að heyrja það sama úr geislaspilaranum. 3ja punkta belti fyrir alla. Sjálfskiptingin sér um sig. Engin eyðslufrekja. Komdu í Brimborg. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

## Jafnréttið er franskt. Veldu C3.

Barátta Frakka um nýjar hugmyndir, frelsi og betra líf varð að byltingu. Jafnrétti varð til. Líka í hönnun Citroën C3. Frelsið er fætt. Aldrei áður hefur verið smíðaður eins bíll og C3. Nóg rými fyrir alla farþega varð að veruleika. Allir urðu jafn réttsháir í sætum með betra útsýni yfir lífið og tilveruna. Skoðaðu búnaðinn í C3. Reynsluaktu. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Kynntu þér þjónustu Brimborgar. Spurðu um uppskerutilboð Citroën.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



Citroën C3 SX  
1.4i 5 dyra, 5 girja  
Bílasamningur 19.730 kr.  
Rekstrarleiga 30.900 kr.  
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.

### UPPSKERU- TILBOÐ

# 1.599.000 kr.

Uppskerutilboð á sjálfskiptum Citroën C3, 1,6i 5 dyra  
Til viðbótar aðeins 100.000 kr. og þú færð 16" álfelgur í kaupþæti

### Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C3:

- Aksturstólva
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- 4 öryggisþúðar
- Loftþúði farþega
- aftengjanlegur með lykli
- Rafdrifnar rúður framan
- Rafdrifnir útspeglar
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- Upphitanleg sæti
- Armpúðar á framstólum
- Velti- og aðdráttarstýri
- Geislaspillari með fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlaesing
- Stillanleg hraðaaðvörun

### Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C3 t.d.:

- Álfelgur 14", 15" og 16"
- Leðuráklæði
- Vindskeið
- Dráttarkrókur
- Silsahlífar
- Þokuljós að framan
- Hraðastillir
- 5 diska geislaspillari
- Sölluma
- Vindhlífar á glugga
- Bakkskynjari

Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.citroen.is](http://www.citroen.is)

Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.

## Skoðaðu Citroën á uppskerutilboði í nýjum sýningarsal

Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.




■ Citroën C1 SX 1.0i  
3 dyra 5 girja 68 hóm\*  
Uppskerutilboð 1.355.000 kr.  
Bílasamningur 16.669 kr.  
Rekstrarleiga 26.800 kr.  
Verð án tilboðs 1.395.000 kr.



■ Citroën C3 SX 1.4i  
5 dyra 5 girja 75 hóm\*  
Uppskerutilboð 1.599.000 kr.  
Bílasamningur 19.730 kr.  
Rekstrarleiga 30.900 kr.  
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.



■ Citroën C4 SALOON  
1.6i 5 dyra 5 girja 110 hóm\*  
Uppskerutilboð 1.869.000 kr.  
Bílasamningur 22.928 kr.  
Rekstrarleiga 34.900 kr.  
Verð án tilboðs 1.949.000 kr.



Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, Framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursökumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu sölumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

## Uppskeruhátíð í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C3 eru áfælgur, þokuljós, glerþak og samlitun. \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„My mom's been fuckin' a dead guy for 30 years. I call him dad.“

Svar: Randal Graves (Jeff Anderson) úr myndinni Clerks frá 1994.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON FÉKK GÓÐAR FRÉTTIR OG SLÆMAR FRÉTTIR

## Má bjóða þér rauðvín með ýsunn?

Stöð tvö færði mér góðar fréttir og slæmar fréttir. Þær góðu voru þær að hafnar eru sýningar á annarri seríu Arrested Development (Tómir asnar eins og þeir heita í frekar misheppnaðri þýðingu). Um er að ræða einhverja bestu gamanþætti sem borist hafa frá Bandaríkjunum fyrr og síðar.


Reyndar var ég löngu búinn að útvega mér seríuna eftir öðrum leiðum en þetta eru slíkir gæðþættir að þeir þola fleiri áhorfanir. Slæmu tíðindin eru þau að einhver á Stöð tvö sá ástæðu til að færa þáttinn til í dagskránni. Í fyrra voru þeir strax á eftir Simpson á föstudögum og hvílik klukkustund! Nú er búið að færa þá yfir á þriðjudagskvöld klukkan 22.25 - á eftir Prison Break og undan endursýningu The Shield. Þetta er glapræði, nánast eins og að bera fram rándýrt og fínt rauðvín með mánudagsýsunn. Í hádeginu. Ef sá sem ákvað þetta er sá sami



og taldi það góða hugmynd að hafa Búbbana á dagskrá á laugardagskvöldum, þarf hann að fara að hugsa sinn gang.


Á sunnudag ákvað RÚV að efna til sannkallaðrar veislu fyrir alla unnendur norræna guðsþjónusta - sem eru sjálfsgat ófáir hér á landi - með þættinum Norræn guðsþjónusta. Svona eiga hvíldardagar að vera.

Áður hef ég mætt Sirkus fyrir að endursýna X-Files. Hins vegar keyrir um þverbak umhyggja Sirkusmanna fyrir þeim sem missa af frumsýningu endursýningarinnar á fimmtudagskvöldum, það er að segja að endursýna sama þáttinn á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Þættirnir Hell's Kitchen og The Biggest Loser hafa vakið athygli mína, aðallega fyrir þær sakir að mannvalið virðist vera talsvert lakara en til dæmis í Survivor. Hvernig skyldi standa á því?



ALIAS V

▶ 21.15  
Spenna




BÚBBARNIR

▶ 19.40  
Gaman



THE WAR AT HOME

▶ 20.30  
Gaman



C.S.I.: MIAMI

▶ 22.00  
Spenna



MEISTARAEILDIN MEÐ GUÐNA BERGS

▶ 20.35  
Fótsþyrna

### SKJÓNVARPIÐ

16.25 Handboltakvöld 16.40 Formúlukvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir

18.00 Stundin okkar (3:30)  
18.30 Lína (4:7) (Världen enligt Pivalina) Teiknimynd fyrir yngstu börnin.  
18.40 Anass Hollensk barnamynd.  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljós  
20.25 Á ókunnri strönd (11:12) (Distant Shores II)  
▶ 21.15 Launráð (99) (Alias V) Bandaríska spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.  
22.00 Tiúfréttir  
22.25 Soprano-fjölskyldan (The Sopranos VI) Myndaflokkur um mafiósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.20 Aðþrengdar eiginkonur (37:47) 0.05 Kastljós 0.55 Dagskrárlök

### SKJÁR SPORT

14.00 Portsmouth – West Ham (e) Frá 14.10  
16.00 Ítalski boltinn (e) Frá 15.10 18.00 Wigan – Man. Utd. (e) Frá 14.10  
20.00 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (b) Böðvar Bergsson fær til sín gesti í myndver.  
21.00 Reading – Chelsea (e) Frá 14.10  
23.00 Stuðningsmannapátturinn „Liðið mitt“ (e) 0.00 Dagskrárlök

### 2

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 William and Mary 11.10 Whose Line Is It Anyway? 4 11.35 Punk'd 2  
12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 Í finu formi 13.20 My Sweet Fat Valentina 14.50 Two and a Half Men 15.15 Related 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Ísland í dag  
▶ 19.40 Búbbarnir (9:21)  
20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn  
21.10 Big Love (8:12) (Margföld ást) Ágreiningurinn milli Bill og Roman leiðir til þess að þeir höfða mál gegn hvor öðrum. Sarah fær loksins að heyra skrautlega sögu fjölskyldu sinnar. Aðalhlutverk: Bill Paxton, Jeanne Tripplehorn, Chloe Sevigny. 2006. Bönnuð börnum.  
22.05 Inspector Linley Mysteries (6:8) (Morðgátur Linleys varðstjóra)  
22.55 Grey's Anatomy (16:36) (Læknalíf)

23.40 Viola bacía tutti 1.10 The Cats Meow (Bönnuð börnum) 3.00 Frailty (Stranglega bönnuð börnum) 4.35 Big Love (8:12) (Bönnuð börnum) 5.30 Fréttir og Ísland í dag 6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir  
19.00 Fjölbýli og hæðir (e)  
20.00 Nýtt í vikunni  
21.00 Einbýlishús  
22.00 Fjölbýli og hæðir  
23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

### SIRKUS TV

18.00 Insider (e)  
18.30 Fréttir NFS  
19.00 Ísland í dag  
19.30 Seinfeld (8:24) (The Pool Guy)  
20.00 Entertainment Tonight  
▶ 20.30 The War at Home (13 Going On 30,000)  
21.00 Hell's Kitchen  
22.00 Chappelle/s Show  
22.30 X-Files (Ráðgátur)

23.15 Insider 23.40 Vanished (e) 0.25 Ghost Whisperer (e) 1.10 Seinfeld (8:24) 1.35 Entertainment Tonight (e)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)  
15.40 Bak við tjöldin: The Guardian 15.55 Love, Inc (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Melrose Place  
19.45 Game tívi  
20.10 The Office Á meðan allir aðrir á skrifstofunni eru með hugann við hrekkjavökuna þá er Michael að reyna að ákveða hvern hann eigi að reka.  
20.35 Gegndrepa – NÝTT! Ný, íslensk þáttaröð þar sem 20 einstaklingar berjast til síðasta manns vopnaðir vatnsbýssum.  
21.00 The King of Queens  
21.30 Sigtíð (e) e.  
▶ 22.00 C.S.I.: Miami Lík manns finnst grafið á strandblakvelli og það er engu líkara en morðinginn sé að leika sér að lögreglunni. Horatio glímir við gamlan óvin sem hefur áður sloppið úr klóm hans.  
22.55 Jay Leno

23.40 America's Next Top Model VI (e) 0.35 2006 World Pool Masters (e) 1.25 Beverly Hills 90210 (e) 2.10 Melrose Place (e) 2.55 Östðvandi tónlist

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 Colin Farrell THS 15.00 50 Most Shocking Celebrity Confessions 17.00 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 Angelina Jolie THS 20.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 21.00 Sexiest Action Heroes 22.00 Dr. 90210 23.00 Girls of the Playboy Mansion 0.00 Angelina Jolie THS 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 2.00 101 Guiltiest Guilty Pleasures

### SÝN

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs 9.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs  
16.30 US PGA í nærmynd 16.55 Undanþekppni EM 2008

18.55 Meistaradeild Evrópu (e)  
▶ 20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistararörk)  
21.15 KF Nörd (8:15) (KF Nörd) Þættirnir um íslensku nördana í Knattspyrnufélaginu Nörd hafa slegið í gegn. Strákrarnir æfðu af krafti í allt sumar undir handleiðslu Loga Ólafssonar fyrrum landsliðsþjálfara karla og kvenna til þess að geta staðist Íslandsmeisturum FH snúning á Laugardalsvelli.  
22.00 World's Strongest Man (Sterkastí maður heims) Kraftajöfnar reyna með sér í ýmsum þrautum.  
22.55 Veitt með vinum (Breiðdalsá) Veitt með vinum eru vandaðir veiðþættir.

23.25 Ameríski fótboltinn 23.55 Undanþekppni EM 2008

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE



## Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir í opinskáú og einlægu viðtali

- ★ Arnar Gunnlaugsson athafnamaður, fótboltamaður, þjálfari og tvíburi ræðir lífið eftir boltann
- ★ Hressandi tónlistaratriði með Heru Björk, Bergsveini Arilfússyni og listamönnum úr Hafinu bláa

Í beinni í kvöld kl. 20:00 á Stöð 2

Í SJÖUNDA HIMNI  
MEÐ HEMMA GUNN





VIÐ MÆLUM MEÐ

SKJÁREINN KL. 20:35

Gegndrepa

Gegndrepa er ný íslensk þáttaröð sem byggist á hvorki meiri né minna en vatnsblöðrum og vatnsbyssum. Þessi þáttaröð byggist á vinsælum netleik og er stjórnad af herra X þar sem hann lætur keppanda fá möppu með mynd og upplýsingum um þann sem á að „gegndrepa“. Viðkomandi keppandi verður að afla sér síðan upplýsinga um lífsvenjur „fórnarlambsins“ og finna réttan stað og stund til að gegndrepa. Síðan er fylgst með árásinni. Sá sem stendur einn eftir vinnur hvorki meiri né minna en hálf milljón króna í beinhörðum peningum. Nú er bara að vona og biða eftir að maður verði ekki gegndrepa.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	4	6	3	2	5	7	9	1
9	7	2	6	4	1	8	3	5
3	1	5	9	7	8	6	2	4
7	8	1	4	3	6	2	5	9
6	3	9	8	5	2	1	4	7
5	2	4	7	1	9	3	8	6
1	9	8	5	6	3	4	7	2
2	5	7	1	8	4	9	6	3
4	6	3	2	9	7	5	1	8

5			1					3
	3		7	4	6			
							4	
		3	2			9		
6				5				2
		9			1	4		
	2							
			3	6	8		7	
8					2			1



22.00

Drama

THE FOUR FEATHERS

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Star Trek: First Contact (e) (Bönnuð börnum) 8.00 Kalli á þakinu 10.00 My House in Umbria 12.00 Radio

14.00 Kalli á þakinu 16.00 My House in Umbria

18.00 Radio

20.00 Star Trek: First Contact (e) (Stjörnuvíg: Fyrstu kynni) Að þessu sinni kemst Jean-Luc Picard, kapteinn á Enterprise E, heldur betur í hann krappann þegar Borg-villimennin hyggjast breyta gangi veraldarsögunnar. Picard og líðsmenn hans verða að fara til ársins 2063 til að tryggja að mannkynið feti veg skynseminnar. 1996. Bönnuð börnum.

22.00 The Four Feathers (Fjórar fjáðrir) Stranglega bönnuð börnum.

0.10 A Guy Thing (Bönnuð börnum) 2.00 Blood Work (Stranglega bönnuð börnum) 3.50 The Four Feathers

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan: Bréf til Brands 14.30 Leikhúsröttan 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.27 Sinfóniutónleikar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Útvarpsleikhúsið: Líf 23.10 Hlaupanótan

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.45 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert með The Licks 22.10 Marzipan 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-10 / Enginn viðbjóður

LAGERSALA

Húsgögn og gjafavara

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

ALGJÖRT VERÐHRUN

Komdu og gerðu frábær kaup Lager inn af verslun



a r t

H Ú S G Ö G N

BÆJARLIND 6

201 KÓPAVOGI

SÍMI 554 6300



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16  
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

KORTERIS



HRÓSIÐ ...



...fær Ingvi Hrafn Jónsson fyrir að stofna eigin fjölmiðil á netinu og gera þannig aðdáendum sínum kleift að sjá sig hvenær og hvar sem er.

# Clint Eastwood boðið til Íslands um jólin

Leikstjórinn aldni, Clint Eastwood, hefur fengið boðskort frá Sambíónum um að koma hingað til lands og vera viðstaddur frumsýningu myndar sinnar, *Flags of our Fathers*. Myndin var að miklu leyti tekin upp í Sandvík á Reykjanesi og er ekki óalgengt að kvikmyndagerðarfólk láti sjá sig á þeim stöðum þar sem upptökur á myndinni fara fram.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst róa Sambíóin og kvikmyndafyrirtækið True North nú að því öllum árum að fá kvikmyndagoðsögnina hingað og sagði Sigurður Viktor Chelbat, markaðsstjóri hjá Sambíónum, að þeir væru með alla putta krosslagða. „Við hlakupum og hoppum ef við

getum gert eitthvað til að fá hann hingað,“ sagði hann en ljóst þykir að frumsýning *Flags of our Fathers* verður mjög stór hluti af jólahaldinu en Íslendingar fá hana að líta á annan í júlum.

Möguleikarnir á að Clint komi hingað hafa aukist til muna því leikstjórinn hefur lýst því yfir í heyranda hljóði að hann vilji gjarnan koma hingað aftur þótt það verði ekkert bundið neitt sérstaklega við kvikmynd-

**CLINT EASTWOOD** Hinn aldni leikstjóri ætlar ekki að ferðast mikið um heiminn með mynd sína, *Flags of our Father*, en gæti komið hingað.

ina. Samkvæmt Sigurði Viktori hefur Eastwood hins vegar ákveðið að sleppa öllum stórum markaðssvæðum í Evrópu vegna myndarinnar og ætlar eingöngu að ferðast til Japans vegna hennar sem gæti minnkað líkur á heimsókn kapp-

ans. Ljósíð í myrkrinu er hins vegar að fulltrúi Warner Bros. í London hringdi sérstaklega í Sambíóin og lýsti yfir mikilli ánægju með myndina og var hún sett í sama flokk og *The Departed* eftir Martin Scorsese og *The Prestige* eftir Christopher Nolan sem föröðunarsérfræðingurinn Heba Þórisdóttir vann við.

Hjá True North fengust þær upplýsingar að róíð væri að því öllum árum að fá Clint hingað til lands en ekki væri kominn nein niðurstaða í málið. „Við erum í góðu samstarfi við okkar fólk þarna úti og það er verið að vinna í þessu,“ sagði Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. -fgg



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT** 2 hæð 6 kringum 8 samstæða 9 nudda 11 gylta 12 gnýr 14 stó 16 rás 17 skýra frá 18 niður 20 til 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1 skarð 3 gat 4 ítalskur ofnréttur 5 traust 7 ríkur 10 for 13 lúsaegg 15 komust 16 espa 19 tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 sund, 3 op, 4 lasanja, 5 trú, 7 múraður, 10 aur, 13 nít, 15 náðu, 18 sud, 20 að, 21 arða.  
LÁRÉTT: 2 holt, 6 um, 8 þar, 9 núa, 11 sú, 12 druna, 14 arinn, 16 æð, 17 tjá, 18 sud, 20 að, 21 arða.

**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!

Reykjavíkuvegur 64, Hamnarfjörður.  
Ótrúleg verð!!!  
Sími: 565-5566  
sturta.is

**MASTER HITABLÁSARAR**

Reykjavík: Ármúla 11 - sími 568-1500  
Akureyri: Lónsbakka - sími 461-1070

**PÓR HF**  
Reykjavík - Akureyri

Reykjavík: Ármúla 11 - sími 568-1500  
Akureyri: Lónsbakka - sími 461-1070

**allt ferðir**

Alla miðvikudaga og laugardaga



MTV í DRAUGAGÖNGU Liðsmenn rokkhljómssveitarinnar We Are Scientists fengu leiðsögn frá Jónasi Freydal í Draugagöngu um Reykjavík í gær og voru svo yfirheyrdir af MTV-sjónvarpsstöðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

JÓNAS FREYDAL: LÓÐSAR FRÆGA ÚTLENDINGA UM BORGINA

## MTV og Airwaves-hljóm-sveit í draugagöngu

Tökulið frá MTV og meðlimir rokkssveitarinnar We are Scientists reimuðu á sig gönguskóna í gærðag og héldu í tveggja tíma draugagöngu um Reykjavík með Jónasi Freydal, sem staðið hefur fyrir slíkum göngum í sumar. We are Scientists er ein af fjölmörgum hljómssveitum sem troða upp á Airwaves en þegar MTV faladist eftir viðtali við þá Scientists-kappa voru þeir þegar búnir að bóka sig í gönguna, en Jónas sagði þá hafa mikinn áhuga á að fræðast um íslenska drauga og álfa. Starfslíðið frá MTV ákvað því að fylgja þeim eftir, enda þótti þetta skemmtilegt

sjónarhorn í tengslum við Airwaves á Íslandi.

„Þetta verður bara ósköp venjuleg ganga,“ sagði Jónas þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær, en hann segir útsendara MTV ekki hafa farið fram á að gangan yrði lokuð öðrum.

„Þau höfðu mestan áhuga á gjörningum okkar bak við Alþingishúsið. Þar fáum við skilaboð frá álfum og huldufólki í gegnum Íslands þúsund ár,“ sagði Jónas.

„Litlir álfar og víkingar ætla að búa hér eftir þúsund ár líka,“ bætti hann við, en Jónas hefur mikinn áhuga á umhverfismálum og hefur staðfastu trú á því að ferðapjónusta geti þjónað sama tilgangi og stórvirkjanaframkvæmdir hvað varðar fjárhag þjóðarbúsins. „Draugagan er dæmi um það, við fórum af stað í albjörту veðri í byrjun júní og í dag hafa yfir átta þúsund manns mætt í göngurnar,“ sagði hann, en útlendir ferðamenn og innfæddir hafa að sögn hans jafnmikinn áhuga á göngunum.

Starfslíðið frá National Geographic var stutt á landinu fyrir stuttu til að gera úttekt á virkjanamálum og fleiri erlendir fjölmiðlar hafa komið í göngurnar. Innslagið sem MTV tók upp með We Are Scientists í gær verður sýnt á MTV í Evrópu, í alls 16 löndum. Auk þess munu útsendarar stöðvarinnar að sjálfsögðu taka upp heilmikið efni á tónleikum Airwaves.

sunna@frettabladid.is

**JÓNAS FREYDAL** Lóðsaði MTV og We Are Scientists um Reykjavík í gær.



## Brynja til liðs við Björgólf eldri

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Brynja Gunnarsdóttir, markaðs- og þjónustustjóri hjá útgáfufélaginu Eddu, verið ráðin til starfa hjá Landsbankanum en þau hafa verið hæg heimatökin hjá Björgólfi Guðmundssyni, stjórnarformanni bankaráðs bankans, að fá Brynju yfir því hann er sem kunnugt er einn aðaleigandi útgáfunnar. Ekki er enn ljóst hvert hlutverk hennar hjá bankanum verður en Brynja og Samson-hópurinn höfðu skrifstofur hlið við hlið um tíma.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lét Brynja af störfum hjá Eddu á föstudaginn við mikinn

**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Hefur látið til sín taka í menningarmálum landans og verður hlutverk Brynju væntanlega að aðstoða hann við þau fjölbreyttu verkefni sem liggja fyrir.

söknuð starfsmanna en Björgólfur mun hafa hrifist svo af störfum Brynju hjá útgáfunni að hann vildi ólmur fá hana til liðs við sig.

Björgólfur hefur verið áberandi í menningarlífi

landsmanna og lagt margvíslegum menningarmálum lið auk þess sem Landsbankinn hefur stutt dyggilega við menningarburði og heldur meðal annars alltaf tónleika á menningarnótt Reykjavíkurborgar við útibú sitt í Austurstræti og munu starfskraftar Brynju án nokkurs vafa nýttast á þeim vettvangi. Ekki náðist í Brynju vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. -fgg

**BRYNJA GUNNARSDÓTTIR** Hefur verið ráðin aðstoðarmanneskja Björgólfs Guðmundssonar.



### FRÉTTIR AF FÓLKI

Herra Ísland 2006, **Jón Gunnlaugur Viggósson**, er einn þátttakenda í þættinum Gegndrepa sem frumsýndur verður á Skjá einum í kvöld. Tökur standa enn yfir og því ekki ljóst hver ber sigur úr býtum í vatnsstríðinu mikla. Mikil leynd hefur hvílt yfir hverjir taka þátt í ævintýrinu, og eins yfir hinum dularfulla herra X. Jón Gunnlaugur tók við titli fallegasta manns Íslands eftir að **Ólafur Geir Jónsson** var sviptur honum, en aðalastæða sviptingarnar er talin vera framgangi Ólafs Geirs í sjónvarpsþættinum Splash TV. Aðstandendur Gegndrepa sögðust ekki geta tjáð sig um afstaðnar eða mögulegar titilsviptingar, en sáu ekki ástæðu til annars en að ætla að Jón Gunnlaugur yrði sjálfum sér og öðrum til sóma í þættinum.



**Andrés Sigurvinsson** leikstjóri með meiru (bróðir **Ásgeirs**) hefur undanfarin ár verið búsettur á æskulóðum úti í Eyjum þar sem hann hefur gert sig gildandi í bæjarmálum og menningarlífi er nú fluttur í bæinn. Eflaust munu þess sjást merki í leikhúslífi borgarinnar en áður en Andrés lætur til sín taka á þeim vettvangi ætlar hann að beina kröftum sínum fyrst og fremst að því að koma **Lúðvíki Bergvinsyni** á öruggan stað á lista Samfylkingar á Suðurlandi fyrir næstu alþingiskosningar.



Þeir félagar, **Fríðrik Indriðason** blaðamaður á DV (bróðir **Arnaldar**) og **Tómas Tómasson** bassanillgur hafa tekið höndum saman á ný. Þeir sendu frá sér bók um síðustu júl, „Kofa Tómasar frænda“ sem byggði á sögum úr bransanum. Áður höfðu nokkrar þeirra birst í DV og nú mun sá greinaflokkur vakinn til lífsins í DV með magnaðri sögu af verkefni sem sveipað er dulúð. Andrew er fyrirbæri í íslenski tónlistarsögu sem skipar nánast sama sess og plata Icecross meðal safnara. **Andri Örn Clausen** heitinn, leikari og söngvari, lagði til fyrri part nafnsins en –w á að vera Júlí eða **Júlíus Agnarsson** tónlistar- og hljóðmaður. -sun/jbg





# HAUSTÚTSALA

## 40-50% í ellefu daga afsláttur af völdum vörum

Sjóðheit tilboð:

**Handklæðapakkar**  
verð áður 3.990 kr.  
nú **1.990 kr.**

**Atlantis  
brjóstahaldarar**  
verð áður 3.990 kr.  
nú **1.990 kr.**

**John Rocha Designer  
dömujakkar**  
verð áður 8.490 kr.  
nú **4.990 kr.**

**Maine dömu-  
stuttermabolir**  
áður 2.790 kr.  
nú **999 kr.**

**Wet' and wild  
varalitir**  
verð áður 599 kr.  
nú **300 kr.**

**Herra hör- og bómullar-  
jakkar og buxur**  
jakkar – verð áður 11.990 kr. nú **3.990 kr.**  
buxur – verð áður 4.990 kr. nú **1.990 kr.**

# 20% afsláttur

## AUK ÞESS

### 19. - 23. október

afsláttur af pottum, pönnum  
og eldhúsahöldum.  
Einnig dömu- og herratöskum.



Nýtt kortatímabil

# DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!





### BAKÞANKAR

DR. GUNNA

## Hver vill fita okkur?

Stærri helmingur heimsbyggðarinnar dregst sífellt aftur úr, vannæður með rifbeinin út í loftið, en minni helmingurinn, og þar á meðal við, verður að sama skapi feitari. Helsta afþreying okkar er að röfla um aðferðir til megrunar, þótt löngu sé vitað að það eina sem dugar er tvennt: Að éta minna og hreyfa sig meira. Það kemur þó ekki í veg fyrir að fjörutíu nýjar gagnslausar megrunaraðferðir komi á markað vikulega, magaminnkunarmaskínur hafa ekki undan og það rýkur úr fitusugunni.

**ÞAÐ** sjá allir hvernig holdafarið hefur breyst. Í 40 ára upprifjunarþrógrammi RÚV á dögunum var sláandi hvað allir voru slank og fitt í gamla daga. Enda eru fitubollur fortíðar ekkert feitar á nútíma mælikvarða. Þetta sést ef ljósmyndir eru skoðaðar. Elvis ræfillinn átti að hafa verið afmyndaður vegna fitu – spriklandi sveittur eins og soðin hangiketsrúlla í hvíta gallanum – en myndi teljast meðalmaður í dag. Þegar Meatloaf kom á markaðinn hafði annað eins fituhlass aldrei áður sést. Maðurinn var hreinlega ótrúlega feitur og krakkar hvísluðu um það í frímínútum að hann væri svo feitur að hann þyrfti að fara í súrefnistjald baksviðs á milli laga á tónleikum. Á tæplega 30 árum hefur hin ótrúlega fita Meatloafs breyst í að teljast vel ásættanleg – „þú mættir skreppa í ræktina,“ myndi fólk segja í dag, ekki „Guð minn almáttugur! Hvað ertu eiginlega!“ eins og það öskraði upp yfir sig árið 1979.

**ÞAÐ** er ekkert skrítið að við fitum. Matarskammtarnir stækka og stækka, t.d. súkkulaðistangir, bæði innlendar og innfluttar. Manni dugðu alveg „venjulegar“ stærðir, en í dag eru það smábitar við hliðina á nýju risastóru stöngunum. Gosskammtarnir stækka að sama skapi, barnastærðin í dag er miklu stærri en venjuleg stærð fortíðar, svo ekki sé talað um skyndibita-staðina sem eru alræmdir á þessu sviði. Og það sem verst er: Alltaf er miklu hagkvæmara, og oft beinlínis ódýrara, að kaupa meira og stærra en minna og heilsusamlegra. Að auki er sælgæti alstaðar stillt upp við kassana svo hinn vinnupíndi þræll komist nú örugglega ekki hjá því að grípa með sér smá fitunarfæði á leiðinni út.

**HVAÐ** er í gangi eiginlega? Hver hefur hagsmuni af því að fita okkur endalaust? Ég spyr af því þetta eru augljóslega samantekin ráð. Eru frímúrarar á bakvið þetta eða Sameinuðu þjóðirnar? Er hugsunin sú að betra sér að láta okkur þrælana hlýða ef við getum ekki hreyft okkur fyrir spiki? Eða erum við kannski bara Hans og Gréta á leiðinni í sláturhús mannaæta utan úr geimnum?

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



GLITNIR

## ... Í SPARNAÐI

Prískiptur sparnaður Glitnis

**VARASPARNAÐUR**

– til að mæta óvæntum fjárútlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.

**NEYSLUSPARNAÐUR**

– til að safna fyrir öllu því sem hugurinn gírnist, t.d. húsgögnum, heimilistækjum og utanlandsferðum. Eða bara fyrir því sem þú vilt!

**LANGTÍMASPARNAÐUR**

– til að byggja upp fjárhagslega velgengi í framtíðinni, t.d. kaupa betra húsnæði eða sumarhús, fara í heimsreiðu eða eiga fyrir mentun barnanna.

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði. Farðu á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) eða í næsta útibú Glitnis og kláraðu málið!

FJÁRHAGSLEG VELGENGI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI